



Starfsáætlun Hólabrekkuskóla

2021-
2022

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Stjórnskipulag skólans.....	6
6	
2.1. Skólastefnan: Uppbyggingarstefnan / Uppeldi til ábyrgðar.....	9
2.2. Eineltisstefna skólans	9
2.3. Lestur til árangurs	9
2.4. Snillismiðjan	10
2.3 Vinaliðaverkefnið	10
2.4 Grænu skrefin	10
2.5 Heilbrigði og forvarnir	10
2.6 Réttindaskóli UNICEF og Barnasáttmálinn	11
2.5 Kynning og starfsreglur	12
2.6 Verkefnaskrá	12
2.7 Nöfn og netföng skólaráðs skólarið 2020 - 2022	12
3. Mannauður	14
3.1. Mannauðsstefna	15
3.2. Mannauðsstefna skólans	16
3.3. Viðburðir	16
3.4. Fagmennska starfsfólks.....	16
3.5. Ábyrgð og skyldur starfsmanna	17
3.6. Verksvið starfsmanna.....	17
3.7. Trúnaðarmenn/öryggisnefnd	21
3.8. Starfsþróun.....	22
4. Skipulag skólaársins	25
4.1. Skóladagatal	25
4.2. Skóladagar	25
4.3. Vettvangsferðir	27
4.4. Nemenda- og foreldrasamtöl.....	27
5. Skipulag kennslu	28
5.1. Stundarskrár.....	28
5.2. Skipulag	28
5.3. Móttökuáætlun	30
5.4. Tungumálastefna	31
6. Nám og kennsla	33
6.1. Kennsluaðferðir.....	33

6.2.	Námsumhverfi.....	33
6.3.	Snillismiðja Hólabrekkuskóla.....	34
6.4.	Náms- og kennsluáætlanir	35
	35	
6.5.	Umsjónarkennarar	36
6.6.	Lykilhæfni	37
4.2	Stefna skólans í heimanámi	38
7.	Menntastefna Reykjavíkur.....	40
7.1.	Helstu áherslur skólans á þáttum menntastefnu Reykjavíkur	40
7.2.	Þróunarverkefni skólans tengd menntastefnu Reykjavíkur	41
8.	Mat á skólastarfi.....	43
8.1.	Áætlun um innra mat fyrir skólaárið.....	43
8.2.	Ytra mat á skólum	45
8.3.	Umbótaáætlun skólans 2020 - 2022	46
9.	Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf	47
10.1	Stefna skóla í foreldrasamstarfi	48
10.2	Foreldrafélag	48
10.3	Kynning, lög og starfsreglur	49
10.4	Verkefnaskrá	49
10.5	Bekkjarfulltrúar og bekkjarstarf	50
10.	Nemendafélag skóla.....	52
11.	Skólareglur og skólabragur	54
11.1.	Leiðréttandi hegðunarkerfi	54
11.2.	Skólareglur	54
11.3.	Viðurlög við brotum á skólareglum.....	64
11.4.	Skólabragur	68
12.	Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið.....	68
12.1.	Bókasafn / Tölvuver	74
13.	Heildstæð skólastefna – heildræn nálgun	75
13.1.	Einstaklingsnámskrá / Einstaklingsáætlun	76
13.2.	Náms- og starfsráðgjöf.....	77
13.3.	Nemendaverndarráð / Lausnateymi.....	79
13.4.	Skólaheilsugæsla - skólahjúkrunarfræðingur.....	80
13.5.	Sérfræðiþjónusta / Þjónustumiðstöð Breiðholts	85
13.6.	Miðja máls og læsis / mml	87
13.7.	Brúarsmiðir – fjölyngisráðgjafar	87


14.	Samstarf við grenndarsamfélagið	88
15.	Frístundastarf	92
16.	Ýmsar áætlanir og reglur	93
16.1.	Útgefið efni skóla- og frístundasvið	93
16.2.	Heildaráætlun skólans	94
16.3.	Viðmið um samskipti foreldra og skólastarfsmanna í Hólabrekkuskóla	94
16.4.	Læsisstefna Hólabrekkuskóla	94
	Lestur til árangurs	94
16.5.	Vinaliðaverkefnið	94
16.6.	Skólatengslaverkefnið	94
16.7.	Uppeldi til ábyrgðar	96
16.8.	Eineltisáætlun	98
16.9.	Starfsþróunaráætlun	98
16.10.	Tungumálastefna	101
16.11.	Viðbragðsáætlun við rýmingu	101
16.12.	Viðbragðsáætlun Almannavarna	101
16.13.	Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi	101
16.14.	Tilfærsluáætlun	101
16.15.	Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa	101
16.16.	Þróunarverkefni	101
16.17.	Umbótaáætlun	102
16.18.	Röskun á skólastarfi – Viðbrögð við óveðri	103
16.19.	Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál	104
16.20.	Fjölmennigarstefna skóla- og frístundasviðs	104
16.21.	Sjálfsmatsáætlun	105
16.22.	Starfsmannahandbók	107
16.23.	Jafnréttisáætlun	107
16.24.	Heilbrigðis – og forvarnastefna Hólabrekkuskóla	107
16.25.	Áfallaáætlun	108
16.26.	Öryggisáætlun	108
16.27.	Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum	108
16.28.	Inni áætlun nemenda vegna veðurs	108
16.29.	Mannauðsstefna Hólabrekkuskóla	108
	Mannauðsstefna skólans	109
16.30.	Velkomin í Hólabrekkuskóla	109

1. Inngangur

Í árlegri starfsáætlun Hólabrekkuskóla er gerð grein fyrir stefnu skólans, skóladagatali, skólareglum, og öðru því sem varðar starfsemi skólans. Starfsáætlun er lögð árlega fyrir skólaráð og skólanefnd og hefur að geyma allar helstu upplýsingar um skipulag og starf skólans. Sbr. Aðalnámskrá grunnskóla.

Við gerð starfsáætlunar Hólabrekkuskóla er sérstaklega horft til gæða og fagmennsku auk áherslubátta sem *Menntastefna Reykjavíkurborgar til ársins 2030 byggir á:*

Félagsfærni – Sjálfsefling – Læsi – Sköpun – Heilbrigði



Starfsfólk Hólabrekkuskóla vinnur markvisst að framtíðarsýn Menntastefnu Reykjavíkurborgar: „í kraftmiklu skóla- og fristundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag“.

<https://reykjavik.is/menntastefna-til-2030-latum-draumana-raetast>

Ágrip af sögu skólans

Hólabrekkuskóli tók til starfa haustið 1974. Það var fyrst í september 1973 sem fræðsluráð Reykjavíkur ræddi um byggingu skólans sem gekk undir nafninu Hólaskóli en var síðar nefndur Hólabrekkuskóli sennilega til aðgreiningar frá Bændaskólanum að Hólum. Gunnar Hansson arkitekt teiknaði þrjá fyrstu áfanga skólans en Gylfi Guðjónsson arkitekt teiknaði þann fjórða. Fyrsti áfangi skólans var tekinn í notkun 1974 og 1975, annar áfangi 1979, þriðji áfangi að hluta haustið 1984 en að fullu um áramót 1984/1985. Fjórði áfangi var tekinn í notkun 2002 eða 28 árum eftir að skólastarf hófst. Í upphafi var gert ráð fyrir að fjórði áfangi yrði íþróttahús en til að hægt yrði að einsetja skólann var ákveðið að byggja almennar kennslustofur og sækja því nemendur íþróttakennslu í íþróttahúsið við Austurberg og sundkennslu í sundlaug Breiðholts við Austurberg. Heildarflatarmál skólans er 6.697 fermetrar.



*Listaverk hannað í tilefni af 40 ára afmæli skólans árið 2014.
Allir nemendur og starfsfólk tóku þátt í verkinu.*

Útilistaverkið, *Upphaf*, á vegg við anddyri skólans gerði Einar Hákonarson myndlistarmaður en listaverkið í anddyri skólans er unnið af nemendum í 9. og 10. bekk. Myndefnið var sótt í ljóðabálk Steins Steinarrs, Tíminn og vatnið og var það gert í tilefni þess að Reykjavíkurborg var ein af menningarborgum Evrópu árið 2000.

Fyrsta skólaárið voru skráðir 208 nemendur í barnaskólann og 128 í gagnfræðaskólann en nemendur sem áttu að fara í 5., 6., 7. og 8. bekk voru 91 og sóttu Fellaskóla. Alls hefðu því átt að vera 427 nemendur í skólanum þetta fyrsta starfsár og segir það nokkuð um hversu barnafjöldinn var strax mikill í Fella- og Hólahverfi. Skólaárið 1981-1982 voru 45% allra grunnskólanemenda í Reykjavík í fimm grunnskólum í Breiðholti.


Nemendur í 10. bekk sem valið höfðu sér myndlist tóku þátt í samnorrænu verkefni skólaárið 1995-1996 sem nefnt var Ný öld – norræn framtíðarsýn. Máluðu þeir stór málverk sem voru m.a. sýnd í Listasafni Íslands og Óksnehallen í Kaupmannahöfn en prýða nú veggjí skólans.

Skólastjórar hafa verið tveir frá upphafi; Sigurjón Fjeldsted frá 1974 – 2004 en Arnfinnur U. Jónsson leysti Sigurjón af þegar hann var í námsleyfi skólaárið 1979 – 1980 og Hólmfríður G. Guðjónsdóttir hefur verið skólastjóri frá 2004 til dagsins í dag.

2. Stjórnskipulag skólans

Hólabrekkuskóli er heildstæður grunnskóli frá 1. til 10. bekk með um 500 nemendur og 75 starfsmenn. Skólanámskrá Hólabrekkuskóla tekur mið af Aðalnámskrá grunnskóla og Menntastefnu Reykjavíkurborgar, þ.e. skólastefnu og framtíðarsýn Reykjavíkurborgar.

Skipurit skólans:



Stjórnendateymi

- Skólastjóri er Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, netfang: holmfridur.g.gudjonsdottir@rvkskolar.is
- Aðstoðarskólastjóri er Lovísa Guðrún Ólafsdóttir, netfang: lovisa.gudrun.olafsdottir@rvkskolar.is
- Deildarstjóri yngra stigs er Hjörðís Þórðardóttir, netfang: hjordis.thordardottir@rvkskolar.is
- Deildarstjóri eldra stigs er Heiða Berta Guðmundsdóttir, netfang: heida.berta.gudmundsdottir@rvkskolar.is

Stefna skólans og framtíðarsýn

Heildaráætlun Hólabrekkuskóla endurspeglar skólastefnu skólans og byggir á grunnþáttum menntastefnunnar *Látum draumana rætast* og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í Hólabrekkuskóla er litið á *Heildaráætlun um stuðning við fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir* sem heildaráætlun fyrir ALLA nemendur skólans. Í allri vinnu innan skólans er ávallt haft að leiðarljósi að koma til móts við alla nemendur í skóla án aðgreiningar.

Í Hólabrekkuskóla er stuðst við **árangursríkar aðferðir og leiðir** heilt yfir skólann þar sem horft er til gagnreyndra aðferða sem skila árangri í fjölbreyttum nemendahópi. Áhersla er lögð á kennsluaðferðir sem henta öllum nemendum á mismunandi námssvæðum, með það að markmiði að efla sjálfstraust og öryggi nemenda og um leið að auka vellíðan þeirra, árangur og áhuga. Ávallt er hugað að **námsgönum og námsumhverfi** nemenda til að koma sem best til móts við þarfir þeirra.

Í Hólabrekkuskóla er megin áhersla lögð á **mál og læsi** þar sem yfirskriftin er **Læsi til árangurs**. Þar er byggt á heildstæðum samræmdum aðferðum sem allir kennrar nota frá 1. til 10. bekkjar. Aðferðirnar byggja á því að unnið er heilstætt með námshópa og aðferðir sem vitað er að skila árangri, eins og *Allir brosa á sama tungumáli* og *Orðaauðgi*.

Nemendalýðræði er í hávegum haft í Hólabrekkuskóla. Nemendaþing skólans verður haldið í fjórða sinn í veturn en þar fá nemendur tækifær til að hafa áhrif á hin ýmsu mál sem brenna á þeim. Þar má sjá lýðræði í hnottskurn sem eflir samfélagslega vitund og nær til allra nemenda.

Snillismiðja Hólabrekkuskóla nýtir stafræna tækni til að auðga menntun og veita nemendum fjölbreytt tækifær til sköpunar og tjáningar. Þar er sýndarveruleika- og margmiðlunarver og lögð áhersla á nýsköpun og tækni. Snillismiðjan kemur til móts við ólíkar þarfir margbreytilegs nemendahóps.

Í Hólabrekkuskóla er lögð mikil áhersla á samvinnu við **fagaðila og samskipti við foreldra**. Til að auka enn frekar gæði nemenda- og foreldrasamtala er stuðst við **Námshringinn**.




Áherslur Hólabrekkuskóla

Heildaráætlun
Hólabrekkuskóla byggir á
grunnþáttum
menntastefnunnar

*Látum draumana
rætast*

*og Barnasáttmála
Sameinuðu þjóðanna*



Gildi skólans

Gildi Hólabrekkuskóla eru virðing, gleði og umhyggja. Skólastefnan nefnist Uppbyggingarstefnan; Uppeldi til ábyrgðar/UTÁ. Allir, bæði starfsmenn og nemendur, læra að þekkja eigin þarfir og hvernig er hægt að uppfylla þær í sátt og samlyndi, að mistök eru til að læra af og að vandamál er hægt að leysa á uppbyggilegan hátt.

- **Virðing** - Við sýnum virðingu með jákvæðum samskiptum, umburðarlyndi og fordómaleysi. Við komum fram við hvert annað eins og við viljum að komið sé fram við okkur.
- **Gleði** - Við sýnum gleði með því að njóta þess að vera saman, samgleðjast og hrósa hvert öðru. Við komum fram við hvert annað af jákvæðni og samkennd.
- **Umhyggja** - Við sýnum umhyggju með því að vera tillitssöm, hjálpsöm og látum okkur aðra varða. Við komum fram við hvert annað af hlýju, nærgætni og kurteisi.

2.1. Skólastefnan: Uppbyggingarstefnan / Uppeldi til ábyrgðar

Uppbyggingarstefnan; Uppeldi til ábyrgðar/UTÁ tekur til alls skolasamfélagsins með það yfirmarkmið að öllum líði vel í skólanum. Lögð er áhersla á að kenna sjálfsaga, sjálfsstjórn, uppbyggileg samskipti og góða félagsfærni. Uppbygging miðar að því að finna leiðir til lausna á ágreiningsmálum, skoða hvernig manneskjur við viljum vera, hver hlutverk okkar eru og hvaða þarfir liggja að baki hegðunar okkar. Ef vel tekst til skapast aðstæður fyrir einstaklinginn til að leiðréttu og bæta fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur inn á rétta braut með aukið sjálfstraust og félagsfærni. Leiðtogi: Aðalheiður Lilja Hlynasdóttir, umsjónarkennari á eldra stigi.

2.2. Eineltisstefna skólans

Eineltisstefna skólans leggur áherslu á að virkja skolasamfélagið í vinnu með jákvæð, uppbyggileg samskipti og öfluga félagsfærni, í samræmi við áhersluþætti skólastefnunnar *Uppeldi til ábyrgðar/UTÁ*. Í eineltisáætlun skólans eru skýrir verkferlar. Ef grunur vaknar um að einelti eigi sér stað er málínu vísað strax til umsjónarkennara sem gerir forathugun í samráði við leiðtoga teymis sem í framhaldinu tekur málið til skoðunar. Góð samvinna heimila og skóla er grundvallarþáttur í aðgerðaráætluninni. Í áætlun skólans er unnið markvisst með verkfæri UTÁ þar sem forvarnir eru notaðar til að fyrirbyggja að erfið samskipti leiði til eineltis og áhersla lögð á forvarnirnar í öllu skolasamfélagini. Eineltisteymi skólans: Ester Þorsteinsdóttir stýrir teymi ásamt Gyðu Rós Flosadóttur og Hörpu Þorsteinsdóttur.

2.3. Lestur til árangurs

Í Hólabrekkuskóla er áhersla lögð á lestraraðferðir sem vitað er að skila árangri, markvissa málörvun og sjónrænt og hvetjandi námsumhverfi. Hólabrekkuskóli mótaði í samvinnu við leik- og grunnskóla í Breiðholti; Læsisstefnu Breiðholts. Þar er grunnur lagður að lærðómssamfélagi um mál og læsi í margbreytilegu skólastarfi með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Forsendur lestrarstefnunnar eru þær að allir nemendur geti lært og sýni framfarir. Skimanir eru gerðar á málþroska og læsi í þágu snemmtækrar íhlutunar. Meginmarkmið læsis er að nemendur taki virkan þátt í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa. Læsisstefna Breiðholts: <https://laesisstefna-breidholts-lb-skimanir/>. Verkefnastjóri læsis: Sóloveig Edda Ingvarsdóttir, sérkennari.

2.4. Snillismiðjan

Snillismiðja Hólabrekkuskóla vinnur markvisst að skapandi námssamfélagi með aðkomu nemenda, kennara og annarra skólastarfsmanna. Snillismiðjan virkar nemendur í að hugsa út fyrir boxið í tengslum við sköpun, nýta tækni og víindi ásamt list- og verkgreinum til að þróa og skapa í skólastarfinu.

Snillismiðja og verkefni á hennar vegum hafa unnið til Hvattningarverðlauna Reykjavíkurborgar, fyrst árið 2018 fyrir Snillismiðjuna sjálfa og svo aftur árið 2019 fyrir verkefni á hennar vegum. Snillismiðjan hefur einnig aðstoðað nemendur í Nýsköpunarkeppni grunnskóla og í *Verksmiðjan 2019* en þar vann nemandi Hólabrekkuskóla umhverfisverðlaun fyrir verkefnið sitt *Talstafir*, sem er ný leið til lestrarkennslu.

Verkefnastjóri skapandi greina er leiðandi aðili innan skólans, stýrir Snillismiðju, styður starfsfólk við skapandi vinnu, kennir nemendum í hönnun og smíði og vinnur að samþættingu námsgreina í tengslum við nýsköpun, margmiðlun og forritun. Meginmarkmið verkefnastjóra skapandi greina er að samþætta námsgreinar í tengslum við list- og verkgreinar og nýsköpun en einnig að tengja nám við spennandi margmiðlun í Snillismiðju.

Umsjón og leiðtogaðar Snillismiðju: Finnur Jens Númason verkefnastjóri skapandi greina, hönnunar- og smíðakennari og umsjónarkennari á eldra stigi og Heiða Berta Guðmundsdóttir deildarstjóri eldra stigs og Snillismiðju kennari.

2.3 Vinaliðaverkefnið

Vinaliðaverkefnið hefur það að markmiði að styrkja nemendur í að stuðla að góðu og traustu umhverfi í frímínútum í skólanum í gegnum skipulagða leiki. Einnig er markmið verkefnisins að hvetja til aukinnar hreyfingar nemenda, jákvæðra samskipta og að allir nemendur skólans hlakki til að mæta alla daga í skólann sinn. Vinaliðaverkefnið er forvarnarverkefni sem stýrur við áætlanir gegn einelti í skólanum. Hólabrekkuskóli hefur verið með Vinaliðaverkefnið frá árinu 2013. Vinaliðar Hólabrekkuskóla eru nemendur úr 4. til 7. bekk. Í fyrsta skipti í veturnar voru fengnar Vinaliðar í 3. bekk og eru þeir með vinaliðaleiki einn dag í viku. Þess vegna eru vinaliðar á þessu skólaári í öllum frímínútum fimm daga vikunnar. Leiðtogi Vinaliðaverkefnis er Katrín Elly Björnsdóttir, umsjónarkennari á yngra stigi.



2.4 Grænu skrefin

Hólabrekkuskóli er þátttakandi í grænum skrefum Reykjavíkurborgar. Skrefin efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar og minnka umhverfisáhrif. Skólinn er að ljúka við fyrsta skrefið sem leggur áherslu á flokkun og hefur komið upp fyrirmynadar flokkunarkerfi í öllum rýmum skólans. Markmið er að vera hluti af þeim skólum sem eru á grænni grein og flagga grænfánanum.

2.5 Heilbrigði og forvarnir

Einn grundvallarþáttur menntastefnunnar er heilbrigði. Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neylsruvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnottskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi

leggur grunninn að virkri þáttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi. Einn veigamesti þáttur í heilbrigðis- og forvarnarvinnu skólans er samvinnan við heimilin.

Hólabrekkuskóli er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli á vegum Embættis landlæknis, tengist Forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar og Heilsueflandi Breiðholt. Heilsueflandi Breiðholt er forvarnarverkefni sem hefur það að markmiði að skapa tækifæri og góðar aðstæður til heilsueflingar fyrir íbúa í hverfinu. Sjá Heilbrigðis- og forvarnarstefnu Hólabrekkuskóla.

2.6 Réttindaskóli UNICEF og Barnasáttmálinn

Í nóvember 2019 skrifaði skóla- og frístundasvið ásamt Hólabrekkuskóla, frístundaheimilunum Álfheimum og Hraunheimum og félagsmiðstöðinni Hundraðogellefu undir samning við UNICEF um að hefja þá vegferð að verða Réttindaskóli og Réttindafrístund UNICEF. Bergsteinn Jónsson framkvæmdastjóri UNICEF undirritaði samninginn af hálfu UNICEF og sagði: „Við hjá UNICEF erum afar spennt og þakklát fyrir að geta bætt metnaðarfullum skóla eins og Hólabrekkuskóla í hóp þeirra skóla sem innleiða Réttindaskólaverkefnið. Við hlökkum mikið til samstarfsins.“ Leiðtoga: Brynja Þórssdóttir umsjónarkennari á eldra stigi og Erla Steinþórsdóttir leiklistar- og margmiðlunarkennari.



Í samstarfi við UNICEF á Íslandi ætlað Hólabrekkuskóli, frístundaheimilið Álfheimar og félagsmiðstöðin Hundrað Og Ellefu að innleiða Barnasáttmálann í allt starf sitt. Í Breiðholtinu er mikil gróska í menntamálum og það er mikil ánægja og sönn forréttindi að hefja samstarf við þessar stofnanir.

Skólaráð

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólastjóri stýrir ráðinu og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráðið fundar að jafnaði einu sinni í mánuði á skólatíma. Fundargerðir skólaráðsins eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Fulltrúi í skólaráði missir hæfi sitt til setu í ráðinu ef tengsl hans við skólann rofna.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótnu sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald. Sjá [hér Handbók um skólaráð](#).

Hvað er skólaráð?
What is a School Council?
Smellið/Click [hér](#)



2.5. Kynning og starfsreglur

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

2.6. Verkefnaskrá

Ráðið setur sér vinnuáætlun og verkefnaskrá fyrir skólaárið, ákveður hve oft verður fundað, á hvað er lögð áhersla o.s.frv. Fundargerðir skólaráðs eru birtar á vefsíðu skólans.

Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

2.7. Nöfn og netföng skólaráðs skólarið 2020 - 2022

Skólastjóri: Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, netfang: holmfridur.g.gudjonsdottir@rvkskolar.is

Staðgengill skólastjóra: Lovísa Guðrún Ólafsdóttir, aðstoðarskólastjóri, netfang: lovisa.gudrun.olafsdottir@rvkskolar.is

Fulltrúar kennara:

Ingibjörg Gréta Marteinsdóttir, netfang: ingibjorg.greta.marteinsdottir@rvkskolar.is

Varamaður: Elín Þórðardóttir, netfang: elin.thordardottir1@rvkskolar.is

Aðalheiður L. Hlynssdóttir, netfang: adalheidur.lilja.hlynssdottir@rvkskolar.is

Varamaður: Eðvarð Hilmarsson, netfang: edvard.hilmarsson@rvkskolar.is

Fulltrúi annars starfsfólks:

Malgorzata Karmel, netfang: malgorzata.karmel@rvkskolar.is

Fulltrúar foreldra:

Hólmfríður Þorsteinsdóttir, netfang: hofyth@hotmail.com

Varamaður: Þórunn Helgadóttir, netfang: thorunnlusiru@gmail.com

Elísa Guðrún Brynjólfssdóttir, netfang: egb1@hi.is

Varamaður: Daniél Örn Arnarsson, netfang: daniel.orn.arnarsson@reykjavik.is

Fulltrúar nemenda:

Egill Jónasson, 10. bekk, netfang: egill.jonasson@rvkskolar.is

Varamaður: Ástrós Halla Jónsdóttir, 10. bekk, netfang: astros.halla.jonsdottir@rvkskolar.is

Elna Mattína Matthíasdóttir, 7. bekk, netfang: elna.mattina.matthiasdottir@rvkskolar.is

Varamaður: Unnar Nói Ragnarsson, 7. bekk, netfang: unnar.noи.ragnarsson@rvkskolar.is

Fulltrúi grenndarsamfélags:

Hlynur Einarsson, netfang: hlynur.einarsson1@rvkfri.is

Varamaður: Berglind Ósk Guðmundsdóttir, netfang: berglind.osk.gudmundsdottir@rvkfri.is

3. Mannauður

Aðalheiður Lilja Hlynssdóttir	Umsjónarkennari	adalheidur.lilja.hlynssdottir@rvkskolar.is
Akaena Argiz Casas	Skólaliði	akaena.argiz.casas1@rvkskolar.is
Ana Cristina Leite	Skólaliði	anna.cristina.leite@rvkskolar.is
Andrea Ósk Guðlaugsdóttir	Umsjónarkennari	andrea.osk.gudlaugsdottir@rvkskolar.is
Arna Margrét Ólafsdóttir	Umsjónarkennari	arna.margret.olafsdottir@rvkskolar.is
Berglind Arndal Ásmundsdóttir	Sérkennari	berglind.arndal@rvkskolar.is
Berglind Ósk Óskarsdóttir	Skólaliði	berglind.osk.oskarsdottir@rvkskolar.is
Bjarki Rafn Guðmundsson	Stuðningsfulltrúi	bjarki.rafn.gudmundsson@rvkskolar.is
Bjarni Guðjónsson	Heimilisfræðikennari	bjarni.gudjonsson@rvkskolar.is
Bogi Franzson	Umsjónarkennari	bogi.franzson@rvkskolar.is
Brynja Þórssdóttir	Umsjónarkennari	brynya.thorsdottir@rvkskolar.is
Brynjar Þór Viktorsson	Stuðningsfulltrúi	brynjar.thor.viktorsson@rvkfri.is
Denis Nezirovski	Stuðningsfulltrúi	denis.nezirovski@rvkskolar.is
Diljá Sigursveinsdóttir	Tónlistarkennari	sigursveinsdottir@gmail.com
Eðvarð Hilmarsson	Umsjónarkennari	edvard.hilmarsson@rvkskolar.is
Elín Þórðardóttir	Umsjónarkennari	elin.thordardottir1@rvkskolar.is
Erla Steinþórssdóttir	Leiklistarkennari	erla.steinthorsdottir@rvkskolar.is
Ester Þorsteinsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi	ester.torsteinsdottir@rvkskolar.is
Ewa Zembrowska	Skólaliði	ewa.zembrowska@rvkskolar.is
Eydís Eva Einarsdóttir	Umsjónarkennari	eydis.eva.einarsdottir@rvkskolar.is
Eyrún Briem Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari	eyrun.briem.kristjansdottir@rvkskolar.is
Finnur Jens Númason	Umsjónarkennari	finnur.jens.numason@rvkskolar.is
Friðjón E. Jónsson	Umsjónarkennari	fridjon.eirikur.jonsson@rvkskolar.is
Guðbjörg María Sigtryggssdóttir	Stuðningsfulltrúi	gudbjorg.maria.sigtryggssdottir@rvkskolar.is
Gyða Rós Flosadóttir	Sérkennari	gyda.ros.flosadottir@rvkskolar.is
Halldóra Tinna Viðarsdóttir	Umsjónarkennari	halldora.tinna.vidarsdottir@rvkskolar.is
Hanna Júlia Kristjánsdóttir	Sérkennari	hanna.julia.kristjansdottir@rvkskolar.is
Harpa Ragnarsdóttir	Yfirþroskabjálfí	harpa.ragnarsdottir@rvkskolar.is
Heiða Berta Guðmundsdóttir	Deildarstjóri eldra stigs	heida.berta.gudmundsdottir@rvkskolar.is
Helga Úlfssdóttir	Sérkennari	helga.ulfsdottir@rvkskolar.is
Hjörðís Þórðardóttir	Deildarstjóri yngra stigs	hjordis.thordardottir@rvkskolar.is
Hólmfríður G. Guðjónsdóttir	Skólastjóri	holmfridur.g.gudjonsdottir@rvkskolar.is
Hrafn Valgarðsson	Umsjónarkennari	hrafn.valgardsson@rvkskolar.is
Hulda Guðrún Hallsdóttir	Danskennari	hulda.gudrun.hallsdottir@rvkskolar.is
Ingi Þór Óskarsson	Stundakennari	ingi.thor.oskarsson@rvkskolar.is
Ingibjörg Gréta Marteinsdóttir	Umsjónarkennari	ingibjorg.greta.marteinsdottir@rvkskolar.is
Ingrida Zilinskiene	Skólaliði	ingrida.zilinskiene@rvkskolar.is
Irving Alexander Guridy Peralta	Stuðningsfulltrúi	irving.alexander.guridy.Peralta@rvkfri.is
Íris Bjarnadóttir	Umsjónarkennari	iris.bjarnadottir@rvkskolar.is
Jóhanna Júlíusdóttir	Bókasafnsfræðingur	johanna.juliusdottir@rvkskolar.is
Katrín Elly Björnsdóttir	Umsjónarkennari	katrin.elly.bjornsdottir@rvkskolar.is
Katrín Kristín Hallgrímsdóttir	Skólaritari	katrin.kristin.hallgrimsdottir@rvkskolar.is
Kristín Auður Halldórsdóttir	Skólahjúkrunarfraðingur	holabrekkuskoli@heilsugaeslan.is
Kristján Dúi Sæmundsson	Íþróttakennari	kristjan.dui.saemundsson@rvkskolar.is

Lára Ágústa Hjartardóttir	Umsjónarkennari	lara.agusta.hjartardottir@rvkskolar.is
Leonora Morina	Skólaliði	leonora.morina@rvkskolar.is
Lovís Guðrún Ólafsdóttir	Aðstoðarskólastjóri	lovisa.gudrun.olafsdottir@rvkskolar.is
Magnús Ólafsson	Kennari	magnus.olafsson@rvkskolar.is
Malgorzata Karmel	Stuðningsfulltrúi	malgorzata.karmel@rvkskolar.is
Mirjana Arsic	Skólaliði	mirjana.arsic@rvkskolar.is
Navinda Khongchumchuen	Skólaliði	navinda.khongchumchuen@rvkskolar.is
Nína Jenný Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari	nina.jenny.kristjansdottir@rvkskolar.is
Oddný Halla Haraldsdóttir	Kennari	oddny.halla.haraldsdottir@rvkskolar.is
Ólafur Jón Stefánsson	Umsjónarmaður fasteignar	olafur.jon.stefansson@rvkskolar.is
Óli Halldór Sigurjónsson	Íþróttakennari	oli.halldor.sigurjonsson@rvkskolar.is
Ólöf Elín Tómasdóttir	Umsjónarkennari	olof.elin.tomasdottir@rvkskolar.is
Ómar Samir	Íþróttakennari	omar.samir.antar.shahin@rvkskolar.is
Ragna Björg Einarsdóttir	Kennari	ragna.bjorg.einarsdottir@rvkskolar.is
Ragnar Már Garðarsson	Stundakennari	ragnar.mar.gardarsson@rvkskolar.is
Ragnheiður Sigurðardóttir	Kennari	ragnheidur.sigurdardottir@rvkskolar.is
Ragnhildur Bj. Sveinsdóttir	Kennari	ragnhildur.bjork.sveinsdottir@rvkskolar.is
Sigrún Ámundadóttir	Umsjónarkennari	sigrun.amundadottir@rvkskolar.is
Sigrún Birna Sigurðardóttir	Umsjónarkennari	sigrun.birna.sigurdardottir@rvkskolar.is
Sigurey Valdís Eiríksdóttir	Umsjónarkennari	sigurey.valdis.eiriksd.Hjartar@rvkskolar.is
Snædís Vagnsdóttir	Umsjónarkennari	snaedis.vagnsdottir@rvkskolar.is
Snæfríður Þorvaldsdóttir	Umsjónarkennari	snaefridur.thorvaldsdottir@rvkskolar.is
Sólveig Alda Arnardóttir	Umsjónarkennari	solveig.alda.arnardottir@rvkskolar.is
Sólveig Edda Ingvarsdóttir	Sérkennari	solveig.edda.ingvarsdottir@rvkskolar.is
Stefán Stefánsson	Yfirmaður skólamötuneytis	stefan.stefansson@rvkskolar.is
Stephanie G. Scobie	Umsjónarkennari	stephanie.grace.Scobie@rvkskolar.is
Thelma Rut Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi	thelma.rut.jonsdottir@rvkskolar.is
Tinna Heiðdís Elíasdóttir	Umsjónarkennari	tinna.heiddis.eliasdottir@rvkskolar.is

3.1. Mannauðsstefna

Í framtíðarsýn Mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar er m.a. lögð áhersla á að starfsemi borgarinnar einkennist af fagmennsku, framsækni og nýtingu tækniþróunar. Reykjavíkurborg vill skapa traust og að heilsa og vellíðan starfsfólks sé í fyrirrúmi og skapað sé öruggt umhverfi þar sem gagnkvæm virðing er í öllum samskiptum. Vellíðan í starfi skilar sér í aukinni ánægju. Með snjallri borg er átt við að Reykjavíkurborg sé framsækinn vinnustaður sem hvetur til þverfaglegrar starfsþróunar. Með því að horfa til framtíðar vinnum við í sameiningu að því að takast á við áskoranir, nýta okkur nýja tækni og grípa tækifæri þegar þau gefast. Þannig verður Reykjavíkurborg mannvænn, samræmdur, traustur og snjall vinnustaður sem einkennist af fjölbreytni, sterkri menningu, sveigjanleika og samheldni.

<https://reykjavik.is/mannaudsstefna>

3.2. Mannauðsstefna skólans

Mannauðurinn er hverjum skóla dýrmæt eign og árangur skólastarfsins er undir faglegu og hæfileikaríku starfsfólk kominn. Allir skólastarfsmenn gegna mikilvægum hlutverkum og allir eru lykilstarfsmenn. Hólabrekkuskóli leggur ríka áherslu á að laða að sér hæft starfsfólk sem er faglegt, tilbúið að leggja sig fram og sýnir frumkvæði í starfi. Skólastarfsmenn Hólabrekkuskóla starfa eftir grunngildunum virðing, gleði og umhyggja. Þessi gildi eru leiðarljós starfsmanna í samskiptum þeirra á milli, gagnvart nemendum, foreldrum og öllu skólasamfélaginu.


Virðing: Samskipti einkennast af virðingu okkar við hvert annað - því að við erum eins ólík og við erum mörg.

Gleði: Hvert og eitt okkar ber ábyrgð á eigin vinnugleði og því hvernig við stuðlum að henni á vinnustaðnum okkar.

Umhyggja: Hvert og eitt okkar skiptir máli og þess vegna hlíum við hvert að öðru og tölm við hvert annað en ekki um hvert annað.

3.3. Viðburðir

Fiskurinn, að hausti skipuleggur starfsfólk skólans viðburði í hverjum mánuði með það að markmiði að auka vinnugleði. Á hverjum föstudagi er gleðigjafi vikunnar. Viðburðir eru t.d.: Hamingjuvikur á aðventu - Gleðivika í febrúar - Hreyfihópar – Heilsukort, World Class afsláttur - Nuddtæki á kaffistofu – Örlygsstofa/Slökunarherbergi, núvitund og slökun – Sjósundsfélagið Sólfríður. Starfsmannafélagið KOGS er öflugt og stendur fyrir mörgum viðburðum yfir skólaárið s.s. árshátið, haust- og vorfagnaði og afmælisgjöfum til starfsmanna.



Hamingjuvikur á aðventu,
sýnishorn af dagskrá

3.4. Fagmennska starfsfólks

Kennrar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi og hlutverk þeirra er margþætt. Starf kennarans snýst ekki aðeins um kennslu heldur einnig stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknir og þróunarstörf. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist því fyrst og fremst á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Menntun, þekking, viðhorf og siðferði kennara leggur grunninn að fagmennsku þeirra. Fagmennska kennara snýr að nemendum, menntun þeirra, líðan og velferð ásamt því að vinna í samstarfi við aðra kennara og starfsmenn af fagmennsku. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að mennta og miðla þekkingu heldur einnig að gefa nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar á

eigin spýtur, efla frjóa og skapandi hugsun og skapa jákvætt viðhorf til náms og þekkingarleitar. Kennrar leitast einnig við að skapa góðan og jákvæðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi. „*Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt affagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólkí*“. Sbr. *Lög um grunnskóla og Siðareglur kennara*

3.5. Ábyrgð og skyldur starfsmanna

Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um ábyrgð og skyldur starfsfólks. Í því felst að starfsfólk komi til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda og sinni þeim af alúð. Þetta gerir starfsfólk með því að ígrunda starfið reglulega, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og sýna þannig stöðuga viðleitni til að læra og gera betur. Mikilvægt er að starfsfólk sýni nærgætni við nemendur, foreldra og samstarfsfólk í hvívetna.

Stjórnendur og starfsfólk bera sameiginlega ábyrgð á að veita sem besta þjónustu og tryggja að markmiðum sé náð. Stjórnendum ber að tileinka sér góða og nútímalega stjórnunarhætti. Þeir felast meðal annars í jákvæðu viðhorfi til samstarfsmanna, virku upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar. Stjórnandi skal jafnan leitast við að hafa samráð við starfsmenn sína um málefni vinnustaðarins og beita sér fyrir víðtækri sátt um þau. Stjórnendur bera ábyrgð á störfum starfsmanna og stjórnendur eiga að vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. *Sjá reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólam – Reglugerð*

3.6. Verksvið starfsmanna

Að skólahaldi koma margir starfsmenn með ólík verksvið sem skarast á fjölbreyttan hátt við daglegan rekstur skólastarfsins. Nánar um verksvið margra starfsmanna má finna í Heildaráætlun skólans, sjá [hér](#).

Aðstoðarskólastjóri

Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra, kemur að stjórnun og rekstri skólans. Er í forystu um móton og framkvæmd faglegrar stefnu skólans. Hefur faglegt utanumhald um starfsáætlun, Mentor og skólanámskrárvinnu. Leiðir vinnu við innra mat á skólastarfi, ber ábyrgð á og stjórnar daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra og aðra í stjórnendateymingu. Vinnur að öflugu samstarfi innan skólasamfélagsins.

Bókasafns- og upplýsingafræðingur

Bókasafns- og upplýsingafræðingur hefur yfirumsjón með daglegri starfsemi skólabókasafnsins og sér um bóka- og gagnaval í samvinnu við starfsmenn skólans. Hann sér um skráningu og frágang alls nýs efnis sem berst til skólans, bæði aðkeyptu efni og námsbókum. Hann fylgist með útgáfu og miðlar efni til nemenda og starfsmanna, annast viðgerðir og viðhald safnkosts og aðstoðar nemendur sem koma á safnið í vinnu. Hann pantar og afgreiðir námsbækur, gengur frá þeim að lokinni notkun og sér um að panta viðbótareintök ef með þarf. Hann aðstoðar og ráðleggur við val á lestrar- og fræðibókum og örðru efni.

Deildarstjórar yngra og eldra skólastigs

Deildarstjórar eru yfir yngra (1. – 5. bekkur) og eldra stigi (6. – 10. bekkur) Hólabrekkuskóla. Þeir tilheyra stjórnunarteymi skólans ásamt skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Þeir bera ábyrgð á daglegu starfi deildanna, fylgja eftir stefnu skólans, stýra stoðþjónustu, áætlunum og sérstökum verkefnum. Vinna að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk. Þeir undirbúa og stýra stigsfundum.

Kennari

Meginhlutverk kennarans er kennslu- og uppeldisfræðilegt starf með nemendum, að vekja og viðhalda áhuga þeirra á námi, veita þeim handleiðslu á sem fjölbreytilegastan hátt og stuðla að góðum starfsanda og vinnufriði meðal nemenda. Þessu hlutverki má einnig lýsa sem forystuhlutverki; að vera leiðtogi í námi nemandans. Þetta felur í sér áherslu á að skapa nemendum frjóar og fjölbreytilegar námsaðstæður. Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri. Mikilvægt er að kennarar vinni saman að menntun nemenda eftir því sem framast er kostur og að kennsla og uppeldi verði ekki aðgreind allt frá upphafi til loka grunnskóla.

Umsjónarkennari

Hver nemandi skal hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari tekur öðrum starfsmönnum fremur ábyrgð á kennslu nemenda sinna, þroska þeirra, líðan og velferð. Umsjónarkennari leggur sig fram um að kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum. Umsjónarkennari vinnur náið með þeim kennurum sem kenna nemendum í hans umsjá, safnar saman upplýsingum og kemur þeim áleiðis innan skóla og til foreldra í þeim tilgangi að gera foreldrum kleift að taka þátt í ákvörðunum sem varða barn þeirra og skólastarfið. Umsjónarkennari gegnir lykilhlutverki í farsælu samstarfi heimila og skóla og er megitengiliður milli skóla og heimila (Aðalnámskrá grunnskóla).

Leiðtogi Uppbyggilegra samskipta

Leiðtogi Uppbyggilegra samskipta leiðir verkefnið, miðlar fræðslu og tekur þátt í starfsþróun starfsmanna. Vinnur með *Skólastefnuna, Uppeldi til ábyrgðar/UTÁ*, sem hvetur til og kennir jákvæð samskipti og góða tilfinningastjórnun sem leiðir af sér góðan skólaanda. Leiðtoginn gerir UTÁ áætlun fyrir skólaárið, kynnir og kennir á verkfæri UTÁ og er kennurum innan handar við vinnu með UTÁ-verkfærin með nemendum.

Leiðtogi Vinaliðaverkefnis

Leiðtogi Vinaliðaverkefnisins leiðir verkefnið, miðlar fræðslu og tekur þátt í starfsþróun starfsmanna. Vinaliðaverkefnið hvetur nemendur til þátttöku í frímínútunum sem leiðir af sér góðan skólaanda. Leiðtoginn heldur fundi með vinaliðum, skipuleggur leiki og leikjanámskeið og er kennurum innan handar við val á vinaliðum.

Náms- og starfsráðgjafi

Náms- og starfsráðgjafi styður við nemendur og liðsinnir þeim í málum er snerta nám þeirra. Náms- og starfsráðgjafi vinnur í nánu samstarfi við stjórnendur skólans, kennara og foreldra eftir því sem við á. Einnig hefur hann samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan og utan skólans og vísar málum

nemenda til þeirra eftir þörf. Náms- og starfsráðgjafi er í nemendaverndarráði og situr teymisfundí vegna einstakra nemenda sé þess óskað. Náms- og starfsráðgjafi er bundinn trúnaði varðandi málefni nemenda sem til hans leita.

Sérkennarar

Sérkennarar vinna eftir aðferðum *Lestur til árangurs*. Sérkennarar kenna og bera ábyrgð á ákveðnum nemendum og/eða nemendahópum í samvinnu við kennara/deildarstjóra. Þeir sjá um kennslu sem felur í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum, gera greiningu á námstöðu nemenda og námsáætlun í samstarfi við kennara. Sérkennarar veita kennurum ráðgjöf varðandi nám, kennslu og námsgögn, gerð einstaklingsnámskrár, hafa umsjón með námsgögnum sem tengjast sérkennslu, afla þeirra og útbúa gagnasafn.

Skólahjúkrunarfræðingur

Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd. Í starfseminni felast skimanir, viðtöl um lífsstíl og líðan, bólusetningar og heilbrigðisfraðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Einnig að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra.

Skólastjóri

Skólastjóri er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forstu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennrafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennrafundi sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir. Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra. Skólastjóri vinnur rekstrar- og fjárhagsáætlun og fylgist með fjárhagsstöðu skólans.

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúar styðja við starf námshópa og / eða einstaklinga, félagslega, námslega og í athöfnum daglegs lífs undir leiðsögn kennara. Stuðningsfulltrúar annast fylgd nemenda í íþróttir, sinna útigæslu, aðstoða í matsal og fara í vettvangsferðir. Utan starfstíma nemenda taka stuðningsfulltrúar að sér sérstök verkefni, s.s. frágang og / eða undirbúning á kennslurýmum, námsgögnum og bókum.

Skólaliðar

Skólaliðar taka þátt í uppeldisstarfi og öðrum störfum sem tengjast skólahaldi. Þeir sinna m.a. gæslu nemenda, daglegum ræstingum, halda skólahúsnaðinu hreinu og sumir vinna í eldhúsi. Skólaliðar styðja nemendur félagslega og í athöfnum daglegs lífs, fylgja nemendum í íþróttir/tónskóla, sinna útigæslu, aðstoða í matsal o.fl.

Skólaritari

Skólaritari sinnir öllum helstu skrifstofustörfum og hefur aðalumsjón með símaþjónustu, heimasíðu og skrifstofu skólans. Skólaritari þarf að hafa góða yfirsýn yfir skólastarfið, hann fer yfir vinnustund og launalista og skipuleggur afleysingar vegna forfalla starfsfólks. Skólaritari annast nemenda- og starfsmannaskráningu í samráði við yfirmann og heldur utan um skráningu nemenda í skólamötuneytið. Hann afgreiðir hin ýmsu erindi nemenda og starfsfólks og sinnir öðrum störfum og verkefnum sem honum eru falin af yfirmanni og falla undir hans verksvið.

Umsjónarmaður húseigna

Umsjónarmaður sér um húsnæði, allan búnað og lóð skólans. Hann hefur umsjón með öryggis- og eftirlitsbúnaði, almennu viðhaldi og kallað eftir því þegar við á. Hann sér um lýsingu og hita skólahúsnæðis, gætir hagkvæmni í orkunotkun, sér um innkaup á ræstingar, vörum og öðru. Umsjónarmaður vinnur að viðhaldsáætlun fyrir skólahúsnæðið í samvinnu við skólastjóra og fylgir eftir ver�framvindu. Hann hefur eftirlit með nemendum og leiðbeinir þeim í jákvæðum samskiptum, er næsti yfirmaður skólaliða og veitir þeim verkstjórn.

Verkefnastjóri læsis

Verkefnastjóri læsis mótar aðferðir og leiðir í kennslu heilt yfir skólann þar sem horft er til gagnreyndra aðferða sem skila árangri í fjölbreyttum nemendahópi. Hann kemur á árangursríkum gagnreyndum aðferðum í kennslu í samræmi við Læsisstefnu skólans., hefur umsjón með Lesfimiprófum, hliðarprófunum og öðrum læsissskimunum. Verkefnastjóri tekur saman niðurstöður og vinnur með inngríp með kennurum í kjölfar skimana, setur fram námsmarkmið fyrir nemendur í kjölfar prófa og fylgir eftir Læsisstefnu skólans og aðstoðar kennara og starfsfólk við innleiðingu og inngríp.

Verkefnastjóri skapandi greina

Verkefnastjóri skapandi greina er leiðandi aðili innan skólans, stýrir Snillismiðju, styður starfsfólk við skapandi vinnu, kennir nemendum í hönnun og smíði og vinnur að sambættingu námsgreina í tengslum við nýsköpun, margmiðlun og forritun. Meginmarkmið verkefnastjóra skapandi greina er að sambætta námsgreinar í tengslum við list- og verkgreinar og nýsköpun en einnig að tengja nám við spennandi margmiðlun í Snillismiðju.

Yfirmaður skólamötuneytis

Yfirmaður mötuneytis tekur þátt í uppeldisstarfi í skólanum þar sem áhersla er lögð á vellíðan nemenda. Hann hefur gott yfirlit yfir þá nemendur sem þurfa sérfæði. Hann annast daglegan rekstur mötuneytisins og hefur gæði matar og næringargildi að leiðarljósi ásamt hagkvæmni í rekstri. Yfirmaður mötuneytis ber ábyrgð á rekstri mötuneytisins í samræmi við fjárhagsáætlun. Hann ber ábyrgð að umgengni og öryggi í mötuneytinu sé í samræmi við lög og reglur.

Yfirþroskaþjálfi

Yfirþroskaþjálfi hefur umsjón með kennslu/þjálfun nemenda í samræmi við heildaráætlun skólans, ber ábyrgð á áætlunargerð s.s. einstaklingsnámskrárgerð og bekkjar- og einstaklingsáætlunum í samstarfi við kennara, stuðningsfulltrúa, foreldra og aðra eftir því sem við á. Hann sér um námsmat, færnimat

og annan vitnisburð í samstarfi við kennara og útbýr kennslu- og þjálfunargögn. Yfirþroskaþjálfi stýrir teymisvinnu og teymisfundum vegna nemenda, ber ábyrgð á samvinnu við foreldra og fagaðila inna og utan skólans í samvinnu við kennara. Auk þess veitir hann faglega ráðgjöf innan skólans o.fl.

3.7. Trúnaðarmenn/öryggisnefnd

Trúnaðarmenn eru fulltrúar stéttarfélögaga á vinnustað er varðar skilaboð, upplýsingamiðlun, framkvæmd kjarasamnings og réttargæslu félagsmanna.

Trúnaðarmaður kennara fyrir skólaárið 2021-2022 er:

Ingibjörg Gréta Marteinsdóttir, ingibjorg.gretamarteinsdottir@rvkskolar.is

Varamaður er Hanna Júlíja Kristjánsdóttir, hanna.julia.kristjansdottir@rvkskolar.is

Trúnaðarmaður Sameykis fyrir skólaárið 2021-2022 er:

Katrín Kristín Hallgrímsdóttir, katrin.kristin.hallgrimsdottir@rvkskolar.is

Varamaður er Bjarki Rafn Guðmundsson, bjarki.rafn.gudmundsson@rvkskolar.is

Öryggisnefnd

Þar sem 50 eða fleiri starfa skulu öryggistrúnaðaramenn vera tveir og mynda svonefndu öryggisnefnd ásamt öryggisvörðum tilnefndum af atvinnurekanda. Nefndin skal fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir. Í öryggisnefnd eru:

Öryggisverðir

- Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri, holmfridur.g.gudjonsdottir@rvkskolar.is
- Ólafur Jón Stefánsson, umsjónarmaður húseigna, olafur.jon.stefansson@rvkskolar.is

Öryggistrúnaðarmenn

- Eðvarð Hilmarsson, verkefnastjóri og umsjónarkennari: edvard.hilmarsson@rvkskolar.is
- Finnur Jens Númason, deildarstjóri og kennari hönnunar- og smíða: finnur.jens.numason@rvkskolar.is
Varamaður:
- Heiða Berta Guðmundsdóttir, deildarstjóri eldra stigs var umsjónarkennari: heida.berta.gudmundsdottir@rvkskolar.is

3.8. Starfsþróun

Frumkvæði starfsmanna, metnaður og starfsþróun er lykill að árangri. Í skólanum er stefnt að því að starfsmenn eigi kost á starfsþróun innan sem utan stofnunar þar sem markmiðið er að auka þekkingu og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns að viðhalda og bæta fagbekkingu og annarri þeirri sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

Framkvæmd starfsþróunar

Að frumkvæði skólastjóra á hver skóli að móta starfsþróunaráætlun til ákveðins tíma og haga henni þannig að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Í starfsþróunaráætlun starfsmanna Hólabrekkuskóla þetta skólaár er lögð áhersla á:


- **Mál og læsi:** Að allir árgangar vinni eftir *Læsisstefnunni* og allir nemendur sýni framfarir.
 - **Uppbyggileg samskipti:** Að kenna félagsfærni og styrkja tengsl annars vegar milli nemenda og hins vegar milli nemenda og starfsfólks.
 - **Jafnrétti:** Að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum. Halda áfram innleiðingu Réttindaskóla UNICEF með því að nota Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem útgangspunkt í skólastarfinu.
 - **Heilbrigði:** Að leggja áherslu á góðar lífs- og neysluvenjur, líkamlega færni, kynheilbrigði og andlega og félagslega vellíðan.
 - **Námsmat og sköpun:** Að vinna með hæfniviðmiðin með nemendum til að efla skilning þeirra á innihaldi hæfniviðmiðanna.



Skipulag starfsþróunar

Skipulag starfsþróunar, funda og dagskrá þeirra er með föstu sniði allt skólaárið.

Fyrsta þriðjudag í mánuði eru **Starfsmannafundir** og þar eru alltaf fastir liðir starfsþróunar; lestur til árangurs og uppeldi til ábyrgðar.



Vinnusmiðjur
Annar þriðjudagur í mánuði - 9. nóv. 2021
Fjórar smiðjur – 17 mín. hver – **þyrjar kl. 14:30 stundvíslega,**
hittumst á kaffistofu ☺

Snillismiðja Hólabrekkuskóla
Snillismiðja: **Forritun**
Heiða Berta – Ozmo

Litla sviðið: **BÍÓ**
Bjarki – Google Earth o.fl.

Græna herbergið: **Hljóðupptökur / Sýndarveruleiki**
Erla og Finnur

Stofa 29 **Mentor – verkefni**
Eydí Eva og Sigrún Birna

Tímavörður Lovísa
Stillum classroom screen – góð tímastjórnun!
https://www.youtube.com/watch?v=_zjM7MCxoYw

Annan þriðjudag í mánuði eru **Vinnusmiðjur;** þar sem hringekjuformið er notað til að kenna og þjálfa starfsfólk. Mismunandi er hvað er tekið fyrir en í veturnar verður megináherslan lögð á kennslu lestraraðferða, framkvæmd skólastefnunnar UTÁ, innleiðingu Barnasáttmálans og hæfnimiðað námsmat.

Þriðja þriðjudag í mánuði eru **Samstarfsfundir;** oftast stigsfundir með deildarstjórum yngra og eldra stigs. Þar er komið inn á ýmsa þætti starfsþróunar sem tengjast skólastarfinu. En einnig geta verið samstarfsfundir teyma eða faggreinahópa.

Fjórða þriðjudag í mánuði er **Starfsþróun;** hér fáum við inn ýmis konar fræðslu og/eða þjálfun í tengslum við stefnu og áherslur skólans.

Vinnusmiðjur eru alltaf annan þriðjudag í mánuði samkvæmt fundaskipulagi skólans.

Sýnishorn af dagskrá Vinnusmiðju:



Vinnusmiðjur

Annar þriðjudagur í mánuði - 14. sept. 2021

Fjórar smiðjur – 17 mín. hver – **þyrjar kl. 14:30 stundvíslega,**
hittumst á kaffistofu ☺

Uppeldi til ábyrgðar

Stofa 23: **Bekkjarsáttmáli**

Aðalheiður Lilja Hlynsdóttir

Stofa 24: **Hlutverkin**

Snædís Vagnsdóttir

Stofa 26 **Tengslakannanir og nemendasamtöl**

Ragna Björg Einarsdóttir

Stofa 27 **Þarfirnar**

Brynja Þórssdóttir

Tímavörður Lovísa

Stillum classroom screen – góð tímastjórnun!

<https://classroomscreen.com/>



4. Skipulag skólaársins

4.1. Skóladagatal



Skóladagatal 2021 - 2022

AUGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	/APRIL	MÁI	JÚNI
1. S	1. M	1. F	1. M	1. M	1. L	1. H	1. F	1. S	1. M	Vorháti /
2. M	2. F	2. L	2. H	2. F	2. S	2. M	2. M	2. M	2. M	Heill og skútur dagur
3. b	3. F	3. S	3. M	3. M	3. F	3. F	3. F	3. b	3. F	2. F
4. M	4. L	4. M	4. F	4. F	4. H	4. P	4. F	4. M	4. L	Nemendu- og
5. F	5. S	5. H	5. F	5. S	5. M	5. L	5. M	5. F	5. F	Nemendu- og
6. F	6. M	6. M	6. M	6. F	6. L	6. S	6. M	6. F	6. M	Nemendu- og
7. L	7. b	7. F	7. b	7. F	7. b	7. M	7. F	7. L	7. L	Hvítasunnudagur
8. S	8. M	8. Dagur Íslensk	8. F	8. M	8. L	8. H	8. M	8. S	8. S	Utvist og fræðsla
9. M	9. F	9. L	9. M	9. F	9. S	9. M	9. M	9. M	9. M	Utvist og fræðsla
10. H	10. F	10. M	10. F	10. M	10. F	10. M	10. F	10. S	10. S	Arháldi 1. - 10. b.
11. M	11. L	11. M	11. F	11. L	11. H	11. F	11. F	11. M	11. L	Arháldi 1. - 10. b.
12. F	12. S	12. b	12. F	12. S	12. M	12. L	12. F	12. F	12. F	Samstarfssamkvæmd
13. P	13. M	13. Eg + vél = Skólinn ókar	13. M	13. L	13. M	13. F	13. S	13. M	13. F	Samstarfssamkvæmd
14. L	14. M	14. Eg + vél = Skólinn ókar	14. F	14. S	14. H	14. F	14. M	14. L	14. L	Samstarfssamkvæmd
15. S	15. M	15. Eg + vél = Skólinn ókar	15. F	15. M	15. L	15. H	15. H	15. S	15. S	Samstarfssamkvæmd
16. M	16. Samstarfssdagur	16. F	16. Dagur Íslenskrar náttúru	16. L	16. Dagur Íslenskrar tungu	16. S	16. M	16. L	16. M	Samstarfssamkvæmd
17. F	17. M	17. S	17. M	17. F	17. Þ	17. M	17. F	17. S	17. S	Samstarfssamkvæmd
18. M	18. L	18. M	18. F	18. L	18. H	18. F	18. M	18. M	18. L	Samstarfssamkvæmd
19. F	19. M	19. b	19. F	19. M	19. M	19. L	19. L	19. F	19. S	Samstarfssamkvæmd
20. F	20. M	20. M	20. L	20. M	20. F	20. S	20. S	20. M	20. M	Samstarfssamkvæmd
21. L	21. b	21. F	21. S	21. H	21. F	21. M	21. M	21. L	21. L	Samstarfssamkvæmd
22. F	22. M	22. F	22. Vetrarleyfi	22. M	22. L	22. S	22. H	22. F	22. F	Samstarfssamkvæmd
23. M	23. M	23. F	23. F	23. H	23. M	23. S	23. M	23. M	23. F	Samstarfssamkvæmd
24. b	24. F	24. M	24. F	24. M	24. F	24. F	24. S	24. b	24. F	Samstarfssamkvæmd
25. M	25. L	25. M	25. Vetrarleyfi	25. F	25. L	25. H	25. F	25. M	25. L	Samstarfssamkvæmd
26. F	26. S	26. F	26. Vetrarleyfi	26. F	26. S	26. M	26. L	26. F	26. S	Samstarfssamkvæmd
27. F	27. M	27. M	27. M	27. M	27. F	27. S	27. M	27. F	27. M	Samstarfssamkvæmd
28. L	28. P	28. F	28. S	28. H	28. F	28. M	28. F	28. L	28. P	Samstarfssamkvæmd
29. S	29. M	29. M	29. M	29. L	29. S	29. H	29. F	29. S	29. M	Samstarfssamkvæmd
30. M	30. F	30. L	30. H	30. F	30. S	30. M	30. L	30. M	30. F	Samstarfssamkvæmd
31. b	31. S			31. F	31. M		31. F		31. b	

VIRÐING - GLEÐI - UMHYGGJA

Skóladagatalið sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemendur eiga frí. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans. Tengill á skóladagatal á heimasíðu [hér](#).

4.2. Skóladagar

Lögum samkvæmt á skólaárið að telja 180 nemendadaga. Þar af eru svokallaðir sveigjanlegir eða skertir skóladagar túl talsins. Þeir geta verið óhefðbundnir og jafnvel styttri en venjulegir skóladagar ef svo ber undir.

Skertir dagar

Sveigjanlegir eða skertir skóladagar túl talsins: Foreldra- og nemendasamtöl 11. og 12. október og 3. og 4. febrúar. Jólkemmtanir 17. desember. Öskudagur 2. mars. Sýning á vinnu nemenda 25. mars. Íþróttahátíð 20. maí. Vorháti 1. júní. Útvist og fræðsla 7. júní. Skólaslit 8. júní.

Skólabyrjun – skólalok

Fyrsti skóladagur/skólabyrjun er 23. ágúst 2021 og skólaslit verða 8. júní 2022.

Jólaleyfi

Jólaleyfi verður frá 18. desember 2021 til 2. janúar 2022. Samstarfsdagur starfsfólks verður mánudaginn 3. janúar 2022. Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá, þriðjudaginn 4. janúar 2022.

Páskaleyfi

Páskaleyfi verður frá 9. apríl – 18. apríl 2022. Kennsla hefst á ný samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 19. apríl 2022.

Vetrarleyfi

Vetrarleyfi verður dagana 22., 25. og 26. október 2021 og 17. og 18. febrúar 2022.

Útvistardagar

Lokadagar skólaársins í júní eru oftast nýttir til útvistar, auk þess er útvist oft skipulögð utan þessara daga og fer þá eftir verkefnum hverju sinni.

Starfsdagar kennara

Starfsdagar kennara verða 24. september og 26. nóvember 2021, 3. janúar, 21. mars og 3. maí 2022 auk þess er einn dreifður samstarfsdagur (1. júní 2022).

Foreldra- og nemendasamtöl

Dagana 11. og 12. október 2021 og 3. og 4. mars 2022 eru foreldrar og nemendur boðaðir í viðtöl til umsjónarkennara. Þar gefst kennurum, foreldrum og nemendum kostur á að ræða um námslega stöðu og líðan nemanda.

Kennsludagar

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

Árgangur	1. – 4.	5.	6. og 7.	8. – 10.
Kennslustundir á viku	30 (1200 mín)	35 (1400 mín)	35 (1400 mín)	37 (1480 mín)
Skólatími	Kl. 8:30 – 13:40	Kl. 8:30 – 14:20	Kl. 8:30 – 14:10/14:50	Kl. 8:30 – Mismunandi skólalok / VAL

Skólastjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Útfærsla kennslutímans

Stundaskrá allra nemenda skólans er samfelld og nánari útfærsla á skóladeginum eftir árgöngum er sem hér segir:

1. – 4. bekkur; skóladagurinn byrjar á tveimur 80 mín vinnulotum með 20 mín frímínútum á milli, matarhlé og frímínútur eru milli kl. 11:30 og 12:20 og loka vinnulota frá kl. 12:10 – 13:40

5. bekkur; skóladagurinn byrjar á tveimur 80 mín vinnulotum með 20 mín frímínútum á milli, matarhlé og frímínútur eru milli kl. 11:30 og 12:20 og loka vinnulota frá kl. 12:20 – 14:20

6. – 7. bekkur; skóladagurinn byrjar á tveimur 80 mín vinnulotum með 20 mín frímínútum á milli, frímínútur milli kl. 11:30 – 11:40, ein vinnulota í 40 mín og matartími og frímínútur kl. 12:20 – 12:50 og loka vinnulota frá kl. 12:50 – 14:10

8. – 10. bekkur; skóladagurinn byrjar á tveimur 80 mín vinnulotum með 20 mín frímínútum á milli, frímínútur milli kl. 11:30 – 11:40, ein vinnulota í 40 mín og matartími og frímínútur kl. 12:20 – 12:50 og loka vinnulota frá kl. 12:50 og fram eftir degi, fer eftir hvernig valgreinar raðast hjá nemendum.

Prófadagar

Sérstakir prófadagar eru ekki í skólanum þar sem áhersla er lögð á fjölbreytt námsmat s.s. hæfnimiðað námsmat, símat, sjálfsmat, einstaklingsverkefni, hópaverkefni og virkni.

Samræmd könnunarpróf

Menntamálastofnun ákvað að fella niður samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk í haust (2021). Gert er ráð fyrir að próf fyrir 4., 7. og 9. bekk verði haldin í mars 2022. Dagsetningar prófanna í 4. og 7. bekk hafa ekki verið ákveðnar endanlega en gera má ráð fyrir að þau verði á tímabilinu frá 7. til 25. mars 2022. Dagsetningar prófanna í 9. bekk eru 8. mars íslenska, 9. mars stærðfræði og 10. mars enska.

4.3. Vettvangsferðir

Ef ferðir eru farnar á skólatíma og þær skipulagðar af skólanum eru þær nemendum að kostnaðarlausu. Ferðir sem skipulagðar eru af foreldrum og foreldrafélagi eru ekki greiddar af skólanum. Í skólaferðum gilda skólareglur. „Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda.“ Sjá 33. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

Komist nemandi af einhverri ástæðu ekki með í skipulagðar vettvangs- eða nemendaferðir er honum ætlað að mæta í skólann til annars skólastarfs. Ávallt skal gera ráðstafanir til þess að nemandi sem ekki kemst í ferðir fái umönnun eða kennslu á meðan á ferðinni stendur og tilkynna foreldrum/forráðamönnum ástæður og tilhögun. **Ef ferðalag á vegum skólans stendur yfir nótt eða lengur, þarf skriflegt leyfi foreldra. Um reglur í ferðum á vegum skólans er fjallað í skólareglum.**


Kennrarar og fleiri skólastarfmenn fara með nemendur í vettvangsferðir jöfnum höndum yfir skólaárið. Bæði eru stofnanir heimsóttar, náttúran skoðuð og borgin sjálf. Lengri vettvangsferðir eru oftast farnar í lok skólaárs. Eingöngu nemendur í 7., 9. og 10. bekk fara í gistiferðir.

4.4. Nemenda- og foreldrasamtöl

Á síðasta skólaári var nýtt form tekið upp hjá skólanum þar sem áherslubættir Menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ var lögð til grundvallar. Þar gefst foreldrum og nemendum kostur á að ræða um námslega stöðu, líðan, skólasókn, félagstengsl og setja sér markmið í framhaldinu.

Samtölin grundvallast af þremur þáttum:

1. Sjálfsmat – nemendur meta sig út frá áhersluþáttunum fimm í Menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* og reikna út stig fyrir hvern þátt í tengslum við stefnur skólans.
2. Námshringur – nemendur fylla út námshringinn sinn út frá stigagjöf.
3. Markmiðsetning – nemendur setja sér markmið út frá námshringnum.



Námshringurinn

Námshringurinn er verkfæri fyrir nemendur, foreldra og skóla til að meta styrkleika og stöðu nemandans á ýmsum sviðum. Verkfærið var þróað í Hólabrekkuskóla og byggir á stigagjöf nemandans við ýmsum staðhæfingum og nýtist til að meta félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði, sjá [hér](#).

5. Skipulag kennslu

5.1. Stundarskrár

Allar stundarskrár nemenda er hægt að sjá á vefnum á slóð: <https://www.infomentor.is/>



5.2. Skipulag

Við skipulag náms og kennslu í skólanum er nemandinn ávallt í öndvegi þar sem megináhersla er lögð á vellíðan og vandaða menntun. Nauðsynlegt er að þetta tvennt fari saman enda á hvorugt að geta verið án hins í þróttmiklu skólastarfi. Fjölbreytni námsgreina er mikil og áhersla á að hver og einn fái notið sín og ræktað hæfileika sína.

Skipulag 1. - 5. bekkur

Umsjónarkennarar sinna meirihluta kennslunnar á þessu aldursstigi en faggreinakennt er í skólaíþróttum, sjón- og sviðslistum og list- og verkgreinum. Allir nemendur fá lífsleiknitíma/siðfræði einu sinni í viku í umsjónarhópi. List- og verkgreinar eru kenndar í lotum sem taka mið af skóladagatali og er nemendum skipt í hópa.

Skipulag 6. og 7. bekkur

Umsjónarkennarar sinna meirihluta kennslunnar á þessu aldursstigi en faggreinakennt er í skólaíþróttum, sjón- og sviðslistum og list- og verkgreinum. Allir nemendur fá lífsleiknitíma/siðfræði einu sinni í viku í umsjónarhópi. List- og verkgreinar eru kenndar í lotum sem taka mið af skóladagatali og er nemendum skipt í hópa. Dönskukennsla hefst í 7. bekk.

Skipulag 8. – 10. bekkur

Hver hópur hefur sinn umsjónarkennara í 8. – 10. bekk og kennir hann tvær eða fleiri námsgreinar. Allir nemendur fá lífsleiknitíma/siðfræði einu sinni í viku í umsjónarhópi. Áhersla er á faggreinakennslu í unglingsadeild.

Þema í 8., 9. og 10. bekk er orðið fastur liður í unglingsadeild. Fyrstu fjórar kennslustundir á miðvikudögum er nemendum skipt upp í hópa og unnin eru verkefni þvert á námsgreinar. Markmiðið er að tengja list- og verkgreinar, Snillismiðju og nýsköpun markvisst inn í námið svo allir geti blómstrað og fundið verkefni sem vekja áhuga og sköpun. Nemendum gefst kostur á fjölbreyttum valgreinum.

Í 8. bekk eru list- og verkgreinar eru kenndar í lotum sem taka mið af skóladagatali og er nemendum skipt í hópa.

Valgreinar í 8. - 10. bekk

Framboð valgreina er mismunandi á ári hverju. Nemendur velja þær valgreinar sem þeir hafa mestan áhuga á og aðrar greinar til vara.

Valáfangar eru kenndir hálfir ár í senn tvær kennslustundir á viku nema annað sé tekið fram í áfangalýsingi. Nemendur í 8. bekk velja sér eina valgrein, samtals 2 kennslustundir á viku. Nemendur í 9. og 10. bekk fá fimm kennslustundir á viku í vali fyrir og eftir jól. Það þýðir að þeir geta valið að taka tvær valgreinar fyrir jól og þrjár eftir jól eða öfugt, samtals 5 kennslustundir á viku.

Nemendur fylla út skráningarblað sem skila skal til náms- og starfsráðgjafa eða á skrifstofu skólans. Það skal tekið fram að kannski er ekki hægt að verða við öllum óskum nemenda um fyrsta valáfanga og mun þá næsti kostur verða valinn og síðan kolla af kolli. Skólinn áskilur sér rétt til að fella niður valáfanga ef umsækjendur eru of fáir.

Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Nemendur geta einnig leitað til umsjónarkennara, kennara einstaka greina eða náms- og starfsráðgjafa og fengið hjá þeim leiðsögn.

Nemendur óska stundum eftir að skipta um valgreinar við upphaf skólaannar. Það er ekki víst að hægt sé að verða við þeim óskum svo mikilvægt er að vanda vel valið. Val nemenda hefur áhrif á skipulag skólaársins og því verða breytingar á valgreinum eingöngu leyfðar í byrjun skólaannarinnar.

Sjá, Valgreinar haust 2021 [hér](#).

Skipulagt nám og íþróttaiðkun utan skóla – metið sem valgrein

Heimilt er að meta skipulagt nám og / eða íþróttá- og fristundastarf sem stundað er utan grunnskóla. Dæmi um skipulagt nám og íþróttaiðkun sem Hólabrekkuskóli mun samþykka að meta til valgreina er: skipulagt tónlistarnám, íþróttaiðkun; fótbolti, handbolti, karate, skylmingar og fimleikar. Einnig er samþykkt listnám eins og ballett, samkvæmisdansar, myndlist og leiklist. Þá metur skólinn skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla, til valgreina, t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla. Í hverju tilviki metur skólinn umfang slíks náms og gæta þarf jafnræðis í afgreiðslu mála.

Nemandi sem stundar fjórar stundir eða meira á viku í skipulögðu námi/starfi getur fengið það metið sem eina valgrein. Skila þarf staðfestingu á þáttöku til skólans fyrir 10. september frá kennara/þjálfara á sérstöku eyðublaði. Eyðublaðið má finna á heimasíðu skólans undir flípanum nám og kennsla.

5.3. Móttökuáætlun

Móttökuáætlun Hólabrekkuskóla tilgreinir ítarlega hvað fer fram við innritun nemanda sem eru nýfluttir til landsins, nauðsynlegan undirbúning foreldra/skólans fyrir komu nemandans og fyrstu skref hans. Einnig fjallar hún um hvað felst í móttökuviðtali og gátlista sem eru notaðir við undirbúning móttökuviðtals sjá hér.

Markmiðið er að nemandi fái hlýjar móttökur og greinagóðar upplýsingar. Um er að ræða two fundi annars vegar skólaufund með umsjónarkennara, náms- og starfsráðgjafa og/eða verkefnisstjóra læsis, túlki og tengilið fristundaheimils, ef nemandi er á yngra stigi. Hins vegar „Velkomin í hverfið“ fundur með tengilið Þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem kynnir helstu stoðir hverfisins þ.m.t. skipulagt íþróttá- og fristundastarf og tengilið fristundamiðstöðvar, ef nemandi er á eldra stigi. Í móttökuviðtali skólans er annars vegar lögð áhersla á að afla upplýsinga um nemandann og hins vegar að veita upplýsingar um skólann og skólastarfið. Foreldrar fá upplýsingabækling um skólann og annað sem varðar skólagöngu nemandans.

Móttökuáætlun Hólabrekkuskóla tilgreinir ítarlega hvað fer fram við innritun nemanda, nauðsynlegan undirbúning foreldra og skólans fyrir komu nemandans og fyrstu skref hans, sjá [hér](#). Móttökuáætlunin fjallar einnig um hvað felst í móttökuviðtali og gátlista sem er notaður við undirbúning móttökuviðtals. Allir grunnskólar skulu hafa móttökuáætlun fyrir nemendur sem eru nýfluttir til landsins og með annað móðurmál en íslensku. „Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálfærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf “ Sbr. 16. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.

Þegar nemendur hafa búið hér á landi og flytjast á milli skóla hitta þeir, ásamt foreldrum sínum, umsjónarkennarann sinn áður en þeir hefja skólagöngu í Hólabrekkuskóla. Umsjónarkennari kynnir skólann og veitir upplýsingar um bekkjarstarf. Í framhaldi af þessari heimsókn ákveða foreldrar og

kennari í sameiningu fyrsta skóladaginn. Ef þörf er á aðkomu stoðþjónustu boðar umsjónarkennari viðeigandi aðila á fund.

4.1.1 Virkt fjöltyngi - íslenskukennsla

Skólinn leggur áherslu á heildræna nálgun og árangursríkar aðferðir sem skila árangri í fjölbreyttum nemendahópi og þannig er náð til nemenda í bekkjaraðstæðum. Nýir nemendur sem koma erlendis frá læra íslensku í bekknum með þeim gagnreyndu aðferðum sem skólinn notar.

Lögð er áhersla á að aðlaga aðstæður þannig að nemandinn tengist umsjónarkennara og geti tekið strax þátt í skólastarfinitu, tengist fljótt og vel félagahópnum og nái þannig sem best að nýta og þroska styrkleika sína.

Hringferli er kennsluaðferð sem nefnist *Allir brosa á sama tungumáli*, aðferðin gengur út á að vinna markvisst með orðaforða og aðferðir sem skólinn er að innleiða í alla árganga ásamt aðferðum K-PALS/G PALS /PALS.

5.4. Tungumálastefna

Í Hólabrekkuskóla eru margin sem tala mörg tungumál en fjölbreytt tungumálaþekking er auðlind, mikilvæg fyrir einstaklinginn og samfélagið til framtíðar í minnkandi heimi. Skólinn leggur áherslu á að unnið sé með tungumálin á fjölbreyttan hátt og lögð áhersla á jákvætt viðhorf til tungumála og nemenda, skólastarfsmanna og foreldra sem tala mismunandi tungumál. Þá aukast líkurnar á því að allir þrói með sér aukna vitund um fjölbreytt tungumál og öðlist hæfni í samskiptum. Í því skini leitast skólabókasafnið eftir að eiga bækur á sem flestum tungumálum og hvetur starfsmenn til að færa safninu bók þegar koma erlendis frá.

Í dag búa um 70% jarðarbúa við fjöltyngi. Mikilvægt er að huga að fjölbreyttum tungumálabakgrunni nemenda, hann viðurkenndur og virtur og þannig stefnt að virku fjöltyngi.

Eitt af því sem allir eru sammála um er mikilvægi félagsfærni og sjálfseflingar, en þetta eru tveir af grundvallarþáttum Menntastefnunnar. *Hluti af því er að geta átt frjó samskipti við fjölskyldu og vini og eignast rödd í því samfélagi sem maður tilheyrir.*

Móðurmál má skilgreina á marga vegu, en oftast er litið svo á að það sé fyrsta tungumál barns og það mál sem það binst tilfinningaböndum, sem foreldrar þess tala og þar sem hæfni barnsins er mest. Þetta er þó ekki alltaf raunin hjá fjöltyngdum börnum, því þau geta haft tvö eða fleiri tungumál að móðurmáli og hæfni í erlendum móðurmálunum er oft minni en hæfni í tungumáli skólans og samfélagsins.

Málþroski í móðurmálum getur verið mismunandi eftir aðstæðum og málumhverfinu. Færni barna í erlendum móðurmálum er slakari ef henni er ekki viðhaldið. Hægt er að skilgreina móðurmál út frá uppruna, færni, hlutverki og auðkenningu, eigin eða annarra.

Virk fjöltyngi felur í sér virka reglulega notkun á tveimur eða fleiri tungumálum. Slíkur ávinningur getur náðst ef dvalið er samtímis í tveimur eða fleiri tungumálaheimum og færni í öllum málum því þróuð samhliða. Til að slíkt náist þurfa börn og foreldrar að rækta móðurmálin, nota þau í samskiptum sín á milli og við aðra og hafa aðgang að bókum og afþreyingarefni á móðurmálinu. Þó er grundvallaratriði að fjöltyngdir einstaklingar hafi áhuga á að viðhalda öllum málum sínum, hvatinn þarf að vera til staðar



eða/og þörf til að nota málið. Því er mikilvægt að öll tungumál séu virt í samféluginu öllu, innan og utan heimilis og skóla og að hvert og eitt njóti virðingar.

Í íslensku námsumhverfi er virkt fjölyngi námsmarkmið þar sem leitast er við að börn nái góðum árangri í skólamálinu íslensku en þrói samtímis með sér móðurmál sín.

Skólamálið okkar er [íslenska](#) og er lögð markviss áhersla á það í öllu skólastarfi Hólabrekkuskóla, að ALLIR nemendur þrói með sér læsi, lestur og ritun í íslensku.

Skólinn leggur áherslu á góð samskipti við foreldra allra barna, gott upplýsingaflæði, menningarnæmni og traust. Hólabrekkuskóli vill hafa ríkulegt málumhverfi, alveg glás af málglöðu fólki og málörvandi efnivið. Munum að ríkulegt málumhverfi er fjársjóður til framtíðar.

Sbr. Aðalnámskrá grunnskóla, „Hjartans mál“ Leiðarvísir Mennta- og menningarmálaráðuneyti: 2020,
Menntastefna Rv., Heildaráætlun Hólabrekkuskóla, Læsisstefna Breiðholts /Hólabrekkuskóla, Fríða
Bjarnay Jónsdóttir, Kriselle Lou Suson Jónsdóttir og Helga Ágústsdóttir

6. Nám og kennsla

Allir árgangar vinna með hæfniviðmið aðalnámskrár í tengslum við grunnþætti menntunar:
Læsi, sköpun, lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og jafnrétti

6.1. Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir skólans byggja á gagnreyndum aðferðum sem nýtast öllum nemendum og áhersla alltaf lögð á heildstæða nálgun þar sem nemandinn er í brennidepli. Megináhersla er á læsi, félagsfærni og sterka sjálfsmýnd nemenda. Kennslan miðar að því að nemendur nái þeim markmiðum sem að er stefnt og að allir nemendur sýni framfarir.

Árangursríkar aðferðir og leiðir sem Hólabrekkuskóli aðhyllist eru gagnreyndar aðferðir sem skila árangri í fjölbreyttum nemendahópi.

- K-PALS/G-PALS/PALS – Nemendapör lesa saman, gagnreynd lestraraðferð
- Hringferli – Allir brosa á sama tungumáli, markviss orðaforðavinna
- Endurtekinn lestur og tímataka
- Bíflugnalestur og kórlestur
- Heimalestur – markviss vinna með lesefni við hæfi, farið eftir heimalestrarviðmiðum skólans
- Orðaaðgi – orð, orðasambönd og myndir sem unnið er með í mánuð í einu í öllum árgöngum yfir skólaárið
- Sögugrunnur – námstæki til að efla sögugerð
- Orðahljóð – hlustunarspil sem þjálfar tæknilega hlið lestrar, umskráningu/umkóðun
- Lærum og leikum með hljóðin – gagnreynd aðferð í framburðarþjálfun, vinna með hljóð og stafi í gegnum leikinn

6.2. Námsumhverfi

Skólinn leggur áherslu á að aðlaga námsumhverfið þannig að allir nemendur nái sem best að nýta og þroska styrkleika sína og geti tekið virkan þátt í skólastarfinu.



Sjónræn skilaboð auðvelda og leiðbeina nemendum í námi og kennslu. Áherslan er því ávallt lögð á slíkt skipulag, hvort sem er í bóklegum og/eða verklegum námsgreinum.

Gott hjálpartæki við bekkjarstjórnun er Classroom Screen, sjá mynd.

Aðferðir og leiðir til að virkja nemendur á námssvæðum:

- Sjónrænt skipulag, Classroom Screen, bekkjarstjórnun á tölvutæku formi, fyrirmæli til nemenda t.d. Fyrst – svo, tímagaki, hópaskiptingar o.fl.
- Sjónræn stundatafla – hver dagur er settur upp sjónrænt í náms- og kennslurými; á vegg og/eða borð.
- Uppröðun í náms- og kennslurými; ávallt hugað að náms- og félagslegum markmiðum.
- Heyrnarhlífar – eru í boði í öllum kennslurýmum í skólanum.
- Sessur, teygju og boltar – í boði fyrir þá sem þurfa.
- Hlutbundin námsgögn, þau eru höfð á borðum t.d. alltaf í stærðfræði.
- Námssplil – notuð í kennslu til að efla fjölbreytni í kennsluháttum.
- Snillismiðjan – nýtir hæfileika nemenda til sköpunar fyrir hug og hönd.

6.3. Snillismiðja Hólabrekkuskóla

Snillismiðjan vinnur markvisst að því að virkja nemendur í að hugsa út fyrir boxið í tengslum við sköpun, nýta tækni og víindi ásamt list- og verkgreinum til að þróa og skapa í skólastarfinu. Allir nemendur í 1. – 8. bekk eru í list- og verkgreinatímum fjórar kennslustundir á viku þar sem þeir kynnast meðal annars Snillismiðjunni. Snillismiðjan er hluti af þema tímum á miðvikudögum á unglungastigi þar sem búnaður og þekking nýtist nemendum í 8. - 10. bekk. Nemendur í 9. og 10. bekk geta valið **Flugnám í grunnskóla** og **Flug og fleira** sem valgrein en þar læra þeir flug í flughermi, að aka bíl í bílhermi og margt fleira. Fyrir utan hefðbundna kennslu þá styður Snillismiðjan við ýmis þróunarverkefni og innleiðingu á þekkingu á tækjum og búnaði til kennara.



Mynd hönnuð af Heiðu Bertu Guðmundsdóttur,
deildarstjóra eldra stigs og snillismiðjukennara

Snillismiðjan býr yfir hefðbundnum Fab Lab búnaði (Fabrication Laboratory) eins og t.d. þríviddar prentara, vínilskera og hitapressu í sérhönnuðu rými fyrir nýsköpun. Þar að auki er "Draumaland" okkar sérhannað rými fyrir margmiðlun þar sem nemendur hafa aðgang að stóru upptökurými með svokölluðu green screen svæði, hágæða upptökubúnaði, hljóðupptökuklefa og fjölda af tölvum til þess að teikna í eða vinna myndefni. Auk þess er fjölbreyttur búnaður í boði fyrir nemendur til þess að samhæfa nýja strauma í tækni við hefðbundið skólastarf. Þar má nefna ýmis



vélmenni t.d. Cue, Cozmo og Dash, margar tegundir af drónum, málmlitarvél, ýmsar þrautir, sýndarveruleika svæði (HTC Vive), vel búna og vandaða flug- og bílherma og ýmis tæki sem efla þekkingu á forritun eins og t.d. Makey Makey, Arduino, Raspberry Pi og fjöldann allan af forritum og viðbótum við þær Ipad spjaldtölvur sem notaðar eru í kennslu.

6.4. Náms- og kennsluáætlanir

Leiðarljós Hólabrekkuskóla við gerð náms- og kennsluskipulags eru grunnþættir aðalnámskrár. Náms- og kennsluskipulag tekur mið af hæfni- og matsviðmiðum hennar ásamt menntastefnu borgarinnar. Áherslan er á ábyrgð nemenda í námi. Náms- og kennsluskipulagið á að koma til móts við þarfir, áhuga, námsgleði og námsstíl nemenda, sbr. Heildaráætlun Hólabrekkuskóla og skólastefnan Uppeldi til ábyrgðar. Náms- og kennsluáætlanir eru gerðar í öllum árgögum skólans og þær má finna á Mentor og á heimasíðu skólans, sjá [hér](#).

Náms- og kennsluskipulag árganga:

Náms- og kennsluskipulag í 1. bekk, sjá [hér](#).

Náms- og kennsluskipulag í 2. bekk, sjá [hér](#).

Náms- og kennsluskipulag í 3. bekk, sjá [hér](#).

Náms- og kennsluskipulag í 4. bekk, sjá [hér](#).

Náms- og kennsluskipulag í 5. bekk, sjá [hér](#).

Náms- og kennsluskipulag í 6. bekk, sjá [hér](#).

Náms- og kennsluskipulag í 7. bekk, sjá [hér](#).

Náms- og kennsluskipulag í 8. bekk, sjá [hér](#).

Náms- og kennsluskipulag í 9. bekk, sjá [hér](#).

Náms- og kennsluskipulag í 10. bekk, sjá [hér](#).

Vitnisburður í 9. bekkjum		
<ul style="list-style-type: none"> Hæfniður er fylt út í öllum námsgreinum frá ágúst til júní – sjá Mentor Nemendur fá útprentar niðurstöður Lesfimíðræfa MMS þísvær sinnum yfir skólaárið Nemendur fá vitnisburðarblað við skólasít 		
<ul style="list-style-type: none"> Tjáning og miðlun Skapandi og gagnrýnn hugun Sjálfsstæði og samminning Nýting miðla og upplýsinga Abyrgð og mat á eigin námi 		
Málmviðmið við lok bekkjara - samfélagsgreinar		
A	B	C
<p>Nemandi getur sýnt fram á mjög góðan skilning á edli sjálfbærar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélög og efnumagislf. A. skipulegan, sjálfsstæði og samminning hátt, annað sér, hagna og meid upplýsingar um meiningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munilegum flutningi, smáradum, texta og mismunandi miðlum. Greint og á skýran hátt útskýri meiningar og samfélagsmálefni um hvernig, rökstutt á sjálfbæðan og gagnrýnn hátt gildi jákvæðra lífsvihorfa, dýgða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitud og abyrgð sem borgari og neytandi. Greint og fjalldal um áhrif fyrirmynd og stádalmynd á minni sjálfbærar þróunar á sjálfbæðan hátt. A. skipulegan hátt fjalldal um samfélagsleg og sílföröleg</p>	<p>Nemandi getur sýnt fram á skilning á edli sjálfbærar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélög og efnumagislf. Á skipulegan og sjálfsstæði og samminning hátt, annað sér, hagna og meid upplýsingar um meiningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munilegum flutningi, smáradum, texta og mismunandi miðlum. Utskýrt mismunandi miðlum. Utskýrt mismunandi miðlum. Lyst mismunandi hugmyndum um lífsvihorfa, dýgða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitud og abyrgð sem borgari og neytandi. Fjalldal um áhrif fyrirmynd og stádalmynd á minni sjálfbærar þróunar á sjálfbæðan hátt. A. skipulegan hátt fjalldal um samfélagsleg og sílföröleg</p>	<p>Nemandi getur sýnt fram á skilning á edli sjálfbærar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélög og efnumagislf. Sjálfsstæði og samminning hátt, annað sér, hagna og meid upplýsingar um meiningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munilegum flutningi, smáradum, texta og mismunandi miðlum. Lyst mismunandi hugmyndum um lífsvihorfa, dýgða og gildismats fyrir heilbrigða sjálfsvitud og abyrgð sem borgari og neytandi. Fjalldal um áhrif fyrirmynd og stádalmynd á minni sjálfbærar þróunar á sjálfbæðan hátt. A. skipulegan hátt fjalldal um samfélagsleg og sílföröleg</p>

Uppfart 19. október 2020

Náms- og kennsluskipulag	
Samfélagsgreinar	9. bekkur
<p>Hæfniðmið - Aðalnámskrá grunnskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Synt fram ó skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfbærar þróunar sér og óðrum, fyrir mannréttindum, felagssígu réttindi, jafnudi og helgi mannlags lfs. ✓ Synt fram ó skilning á edli sjálfbærar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélög og efnumagislf. ✓ Synt fram ó skilning á umhverfi, sôgu, meiningu, listi, félagsstæði og atvinnulif. ✓ Fjallað um náttúrulefslar sem mynda og mæta langi og hafa áhrif á loftslag og grðar. ✓ Utskýrt meiningekenni pröfurfars, loftslags, vindu og hafstræna jarðar og hvernig þessir þættir mæta dílk ljófskílyrði. ✓ Greint mynstur mannlegra athöfna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskiðrum. ✓ Gert sér grein fyrir nytingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja med hiðskipti af sjálfbærri þróun. ✓ Greint og fjalldal um upplýsingar á kortum og gríðum og annars konar myndum. ✓ Gert sér grein fyrir hérverki heimilda, sjónarháma og gildismats i sôgu og sameiginlegum minningum. 	<p>Hæfniðmið - Aðalnámskrá grunnskóla</p> <ul style="list-style-type: none"> ✓ Rökstutt gildi jákvæðra lífsvihorfa, dýgða og gildismats sem mikilvægs lfs. ✓ Beitir hugtakunum kyn, kynhagsgjög og hluverki þau þjóna í lyngervi einstaklinga og sjálfsmynd. ✓ Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikaníkum og teknik ókvæðanum að grunni þeirrar sjálfsþekkingar. ✓ Vegid og metid áhrif fyrirmynda og stádalmynda á mótaun sjálfsmyndar, og hefur dreidd til að móta eigin mynd, ljóstíll og ljóskodun á sjáitsteðan og dýryjan hátt. ✓ Lyst margbreytileika tilfinninga og hugunars, hegðunar og sanskrifta. ✓ Synt styrk til að bera abyrgð að eigin lfs, ljóshattum og heilbrigði. ✓ Greint ljóskæð og neikvæð dreidd og stádist brýting, sem stefnir heilsu og veferð fólk / voda. ✓ Gert sér grein fyrir lafngildi sinu og annarra manna og utskýrt fyrir óðru fólk mikilvægi þess. ✓ Sett sig í spor fólkis með dílum bakgrunn og vðhnorf, ó ymsum stóðum og titum. ✓ Tekið sjálfstæðan þátt í lyðræðislegu samstofni og samræðu.

Hæfnið oг vinnu Samfélagsgreinar - 9. bekkur. Útgáfudagur: 19. október 2020

6.5. Umsjónarkennarar

Árgangur	Umsjónarkennarar		Einkunnarorð skólans
1. bekkur	11 Halldóra Tinna Viðarsdóttir 12 Ólöf Elín Tómasdóttir 13 Sigrún Ámundadóttir		
2. bekkur	21 Andrea Ósk Guðlaugsdóttir 22 Lára Ágústa Hjartardóttir 23 Sigrún Birna Sigurðardóttir	Deildarstjóri yngra stigs Hjörðís Þórðardóttir	
3. bekkur	31 Eyrún Briem 32 Katrín Elly Björnsdóttir 33 Sigurey Valdís Eiríksdóttir		
4. bekkur	41 Ragna Björg Einarsdóttir 42 Snædís Vagnsdóttir 43 Tinna Heiðdís Elíasdóttir		
5. bekkur	51 Eðvarð Hilmarsson 52 Hrafn Valgarðsson 53 Snæfríður Þorvaldsdóttir		
6. bekkur	61 Íris Dögg Gunnarsdóttir 62 Nína Jenný Kristjánsdóttir 63 Ingibjörg Gréta Marteinsdóttir		
7. bekkur	71 Sólveig Alda Arnardóttir 72 Brynja Þórsdóttir 73 Arna Margrét Ólafsdóttir	Deildarstjóri eldra stigs Heiða Berta Guðmundsdóttir	
8. bekkur	81 Eydí Eva Einarsdóttir 82 Elín Þórðardóttir 83 Finnur Jens Númason		
9. bekkur	91 Aðalheiður Lilja Hlynisdóttir 92 Bogi Franzson		
10. bekkur	101 Friðjón Eiríkur Jónsson 102 Stephanie Grace Scobie		

virðing – gleði – umhyggja

6.6. Lykilhæfni



Kennsluskipulag í öllum árgögum tekur mið af lykilhæfni en sú hæfni tekur til alhliða þroska nemandans. Lykilhæfni tengist öllum námsgreinum og er metin um leið og þekkingu og leikni er náð og því fléttast námsmatið oft þvert á námsgreinar.

Viðmið um matið eru sett fram í fimm liðum sem eiga við öll námssvið:



Námsgreinar eftir árgöngum	
1. – 2. bekkur	3. – 6. bekkur
Íslenska Náttúrufræði Samfélagsfræði Stærðfræði Sjón- og sviðslistir Skólaþróttir List- og verkgreinar	Íslenska Náttúrufræði Samfélagsfræði Stærðfræði Sjón- og sviðslistir Skólaþróttir List- og verkgreinar Enska
7. – 10. bekkur	Þema Þema í 8. – 10. bekk 4 kest alla miðvikudaga Þema = samþætting námsgreina Val í 8. – 10. bekk Val í 8. bekk – 2 kest Val í 9. og 10. bekk 5 kest

4.2 Stefna skólans í heimanámi

Heimanám er mikilvægur þáttur í námi nemenda, í tengslum við heimanámið gefst foreldrum tækifæri til að veita börnum sínum stuðning og hvatningu. Foreldrar geta lagt sitt af mörkum til þess að barninu gangi vel í skólanum með því að fylgjast vel með heimanámi þess.

Námstækni felur í sér þær aðferðir sem nemandinn notar við að læra í skólanum og heima. Sá sem vill ná betri árangri í skólanum ætti að skoða námsvenjur sínar og huga að góðri námstækni. Allir nemendur verða að læra að bera ábyrgð á námi sínu og afköstum. Því er mikilvægt að nemendur skipuleggi heimanámið vel og tíma sinn. Lífsstíll nemenda tengist einnig námstækni.

Áhersla er fyrst og fremst lögð á **heimalestur** í öllum árgöngum. Mikilvægi lesturs er öllum kunn og því tekin sú ákvörðun að allir nemendur lesi heima fimm daga vikunnar fyrir foreldra eða einhvern fullorðinn og skrái í heimalestrarhefti.

Ef heimalestri er ekki sinnt þá fylgja umsjónarkennrarar/kennrarar ferli um viðmið um heimalestur. Þessi viðmið voru samin í tengslum við Lestrarstefnu Breiðholts, sjá [hér](#).





Leiðbeinandi heimalestrarviðmið 1. – 10. bekkur Verkferill

Hlutverk heimila í læsisnámi barna og unglings er að bjóða upp á lestrarhvetjandi umhverfi þar sem nemandi les fyrir fullorðinn og tryggja það að börnin hafi gott aðgengi að lesefni.

Samstarf milli heimila og skóla þarf að vera gott þar sem regluleg upplýsingagjöf frá báðum aðilum skiptir máli. Stuðningur og hvatning við læsisnámið frá bæði heimili og skóla stuðlar að því að læsisnám barna verði árangursrikt og gefandi.

Greining er gerð á lestrarskráningu allra nemenda vikulega. Nemendur eiga að lesa a.m.k. 15 mín á dag 5 daga vikunnar. Nemendur á yngri stigum skrifa orð eða setningar.

Prep 1

Heimalestri hefur ekki verið sinnt í eina viku

Kennari sendir tölvupóst til foreldra.

Prep 2

Heimalestri hefur ekki verið sinnt í þrjár vikur

Kennari hringir heim ef litlar breytingar verða á þremur vikum.

Sett í Mentor: Heimalestur þrep 2

Prep 3

Heimalestri hefur ekki verið sinnt í sex vikur

Foreldrar boðaðir á fund með kennara og sérkennara.

Prep 4


Heimalestri hefur ekki verið sinnt í sjö vikur

Komi sú staða upp að ofangreindar verklagsreglur beri ekki árangur verður málinu vísað til nemendaverndarráðs.

7. Menntastefna Reykjavíkur

Menntastefna Reykjavíkurborgar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og nágildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.



7.1. Helstu áherslur skólans á þáttum menntastefnu Reykjavíkur

Í skólanum er unnið með alla þætti menntastefnunnar og þeir fléttar ðir markvisst inn í skólastarfið. Til dæmis er unnið með grunnþættina fimm í nemenda- og foreldrasamtölum, þar sem nemendur vinna námshringinn og setja sér markmið, sjá [hér](#).

Árlegt nemendaþing skólans tekur einnig til grunnþátta menntastefnunnar en þar eru allir nemendur virkjaðir til þátttöku. Síðast liðið skólaár var unnið með umhverfisvænan skóla og ábyrgð okkar allra. Nemendur komu í kjölfarið fram með hugmyndir að því hvað við getum gert betur í skólanum til að verða umhverfisvænni.

Nemendalýðræði

Hólabrekkuskóli er Réttindaskóli Unicef

Nemendalýðræði er í hávegum haft í Hólabrekkuskóla. **Nemendaþing skólans** er haldið á Degi mannréttinda barna. Þar hafa allir nemendur rödd sem gerir þeim kleift að hafa áhrif á mál sem brenna á þeim.



Yfirskrift nemendaþings 2019

„Hvað viltu gera til að skólinn verði umhverfisvænni?“

Lestur til árangurs; gagnreyndar aðferðir, Vinaliðaverkefnið, Þema í unglingadeild, stafræn tækni í Snillismiðju; nýsköpun og Skólastefnan okkar *Uppeldi til ábyrgðar* vinna markvisst með alla þætti menntastefnunnar *Látum draumana rætast*.

7.2. Þróunarverkefni skólans tengd menntastefnu Reykjavíkur

Öll þróunarverkefni skólans tengjast menntastefnunni *Látum draumana rætast* þar sem unnið er með alla þætti hennar. Skólatengslaverkefnið, Snillismiðjan/Nýsköpunar, sýndarveruleika- og margmiðlunarver, Allir brosa á sama tungumáli, Smartecology / Erasmus+ og önnur þróunarverkefni sem Hólabrekkuskóli er þáttakandi í fléttast öll inn í skólastarfið ásamt skólastefnunni Uppeldi til ábyrgðar.

Verkefni í gangi núna eru:

Skólatengslaverkefnið Verkefnið hófst árið 2018 þar sem unnið er markvisst með góð skólatengsl milli nemenda og milli starfsfólks og nemenda. Verkefnastjóri, Lovísa Guðrún Ólafsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

Það brosa allir á sama tungumáli þemakennsla sem vinnur markvisst með orðaforða eftir ákveðnu ferli. Verkefnastjóri, Sólveig Edda Ingvarsdóttir.

Snillismiðjan/Nýsköpunar, sýndarveruleika- og margmiðlunarver er orðið að veruleika í skólanum en þar vinna nemendur úr öllum árgögnum skólans í list- og verkgreinum, í valgreinum og í samþættu námi. Áherslurnar stuðla að því að efla getu nemenda til þess að vinna með nýja tækni og að takast á við breytingar í samfélaginu á skapandi hátt.

Smartecology / Erasmus+

Hólabrekkuskóli tekur þátt í verkefni sem ber yfirskriftina *Smartecology* ásamt evrópskum fjórum öðrum skólum frá Þýskalandi, Frakklandi (Reunion), Spáni og Króatíu.

Verkefnið fjallar sjálfbærni vistkerfa. Hvernig við getum snúið við þeirri þróun að við göngum á auðlyndir jarðar og stuðlum að sjálfbærni. Markmiðið er að vekja nemendur til umhugsunar um flokkun sorps, endurnýtingu þess og að minnka sóun. Auk almennrar umræðu í hverjum skóla fyrir sig er ætlunin að heimsækja hvert annað til að læra af hvert af öðru. Listaverk og nytjahlutir verða sköpuð í tengslum við endurnýtingu. Orkunotkun verður skoðuð og áhersla lögð á nauðsyn þess að beisla og nýta endurnýjanlega orkugjafa.

Verkefnið mun taka yfir tvö ár og ætlunin er að ferðast með 8 – 12 nemendur til þessara landa.

Bogi Franzson mun leiða verkefnið en auk þess munu kennararnir Berglind Arndal og Magnús Ólafsson koma að verkefninu.

Betra Breiðholt fyrir unglinga Betra Breiðholt fyrir unglinga er Samstarfsverkefni skóla- og fristundadeildar Breiðholts, Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Keðjunnar sem miðar að því að mæta flóknum bráðavanda sem upp kemur meðal unglinga, með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi.

Verkefnið er unnið af þverfaglegu teymi skipuðu lykilstarfsfólk áðurnefndra stofnana auk teymisstjóra. Teyminu er ætlað að setja fram einstaklingsmiðaða framkvæmdaráætlun er varðar ungling eða hóp unglinga þar sem teymifulltrúrar bera ábyrgð á hlutverki sinnar stofnunar.

Teymisstjóri er tengiliður við samstarfsstofnanir. Hann vinnur í því umhverfi unglingsins sem nauðsynlegt er hverju sinni, hvort sem er á skólatíma, í fristundastarfi eða frítíma og vinnur náið með starfsmönnum samstarfsstofnana. Hver unglingur fær úthlutað talsmanni á meðan á vinnslu máls stendur. Með verklaginu er heildarsýn og ábyrgð tryggð og stuðningur við hæfi veittur. Með slíku verklagi er hægt að eyða hindrunum sem verið hafa til staðar og hægt að veita unglingum í vanda

þjónustu án biðlista. Verkefnið er tilraunarverkefni til tveggja ára og verður árangur verkefnisins mældur í samvinnu við háskólasamfélagið. Leiðtogi: Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, Fagstjóri grunnskóla Skóla- og frístundadeild Breiðholts

Skapandi námssamfélag í Breiðholti Verkefnið er samstarfsverkefni Fab Lab Reykjavík (þjónustumiðstöðvar Breiðholts), Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Seljaskóla, Háskóla Íslands, Fjölbautarskólans í Breiðholti, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, RG Menntaráðgjafar og Vísindasmíðju HÍ.

Meginmarkmiðið er sköpunargleði grunnskólanemenda: að sem flestir fái tækifæri til að nýta hugvit sitt og öðlast verkfærni í gegnum það að koma hugmynd í framkvæmd. Þannig má segja að verkefnið feli í sér valdeflingu nemenda og kennara sem lýsir sér í sjálfseflingu, læsi, félagsfærni og sköpun – mikilvægum grunnstoðum nýrrar menntastefnu borgarinnar. Vörsluaðili styrkjar er skólastjóri Hólabrekkuskóli. Umsjón og leiðtogi: Þóra Óskarsdóttir, forstöðukona Fab Lab Reykjavíkur.



Erasmus + - námskeið og námsheimsóknir Styrkir fyrir starfsmenn leik- og grunnskóla í Breiðholti til að kynna sér starfsemi skóla í Evrópu eða sækja fjölbreytt námskeið og ráðstefnur sem tengjast skólastarfi. Umsjón: Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, fagstjóri grunnskóla, Skóla- og frístundadeildar Breiðholts.

8. Mat á skólastarfi

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

8.1. Áætlun um innra mat fyrir skólaárið

Áætlun um innra mat byggir á stefnu skólans og megin áherslum í stefnu borgarinnar *Látum draumana rætast*. Yfirþættir áætlunarinnar eru; Nám og kennsla, Mannauður, Stjórnun og skipulag og Vellíðan nemenda.

Nám og kennsla
Kennsluhættir og gæði kennslu
Gagnreyndar kennsluaðferðir:
Allir kennrar skólans beiti aðferðum sem vitað er að skila árangri
Skipulag náms og námsmat
Allir kennrar noti hæfnimiðaða kennslu og námsmat:
Allir kennrar útbúi náms- og kennsluáætlanir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár
Mat á árangri
Læsi:
Allir kennrar skólans fylgja vikuskipulagi skólans
Allir kennrar eru PALS-kennrar
Læsisskimun borgarinnar <i>Lesfimi</i> sem lögð er fyrir alla nemendur
Skóli án aðgreiningar
Heildaráætlun skólans sýnileg í skólastarfinu:
Allir kennrar geri ráð fyrir að nemendur sýni framfarir og að allir geti náð árangri.
Komið til móts við þarfir nemenda á þeirra námssvæðum.
Mannauður
Fagmennska starfsfólks
Að starfsfólk fái þá þjálfun sem þarf til að fylgja eftir stefnu skólans:
Alltaf sé leitað leiða til að efla fagvitund starfsfólks
Starfsánægja
Að sífellt sé leitað leiða til að efla starfsánægju starfsfólks:
Að starfsfólk sé ánægt í vinnunni
Tryggja að allir séu upplýstir um þá ferla sem fara í gang ef upp kemur einelti og/eða áreitni í starfsmannahópnum

Stjórnun og skipulag
Stjórnendur faglegir leiðtogar
Allir stjórnendur skólans tala stefnu skólans:
Kynna stefnu og áherslur skólans reglulega yfir skólaárið
Skólaþróun
Markviss kennsla til starfsfólks í aðferðum skólans:
Aðferðir í „Vikuskipulagi“ skólans kenndar jafnt og þétt yfir skólaárið
Starfsfólk nýtir verkfærakistu Uppeldi til ábyrgðar/UTÁ
Snillismiðja skólans er leiðandi í skólaþróun til starfsfólks
Vellíðan nemenda
Skólatengsl
Markvisst unnið að því að efla tengsl milli nemenda og starfsfólks:
Skólatengslaverkefnið ytir undir starfshætti sem efla góð tengsl innan skólans
Réttindaskóli UNICEF
Markviss innleiðing á Réttindaskóla UNICEF:
Innleiðing Barnasáttmálans heilt yfir skólann

Lesfimipróf Menntamálastofunar eru lögð fyrir alla árganga skólans frá 1. - 10. bekk þrisvar á ári.

	Maí 2017	Maí 2018	Maí 2019	Maí 2020	Maí 2021	Viðmið MMS
1.b	48	53	45	37	36	20/55/75
2.b	60	70	85	68	57	40/85/100
3.b	84	75	87	95	85	55/100/120
4.b	102	111	106	119	132	80/120/145
5.b	107	100	109	117	111	90/140/160
6.b	107	124	105	136	119	105/155/175
7.b	125	132	134	118	151	120/165/170
8.b	127	146	147	151	130	130/180/210
9.b	129	152	160	164	160	140/180/210
10.b		163	158	181	163	145/180/210

Tölurnar sýna meðaltal lesinna orða á mínútu að vori frá árinu 2017 – 2021. Eins og sjá má hafa nýjar áherslur í lestri skilað sér í **auknum árangri nemenda** í flest öllum árgöngum skólans.

8.2. Ytra mat á skólum

Á nokkurra ára fresti er framkvæmt heildarmat á starfsemi skóla. Starfsmenn skóla- og frístundasviðs sjá um framkvæmd heildarmats. Árið 2014 fór síðast fram heildarmat í Hólabrekkuskóla. Markmið matsins er að efla skólastarf og veita yfirsýn yfir sterka og veika þætti skólastarfsins. Matinu er ætlað m.a. að aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans, styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum og gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.

Matið var framkvæmt af starfsfólk skóla- og frístundasviðs. Gagna var aflað með viðtölu, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið. Leiðarljós við matið var: Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf, laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum. Nánari upplýsingar má finna á vef Reykjavíkurborgar.

8.3. Umbótaáætlun skólans 2020 - 2022

Umbótaáætlun vinnur með þá þætti sem innra mat skólans setur fram til að ná fram markmiðum og stefnu skólans. Þar eru sett viðmið og ábyrgðaraðilar til að ná fram umbótaþáttum skólastarfsins.

Nám og kennsla	Endurmat	Viðmið	Ábyrgð
Kennsluhættir og gæði kennslu			
Gagnreyndar kennsluaðferðir: Allir kennrar skólans beiti aðferðum sem vitað er að skila árangri	Vor 2022	Allir kennrar skólans hafi þekkingu og reynslu af þeim aðferðum sem skólinn leggur upp með.	Kennrar og skólastjórnendur
Skipulag náms og námsmat			
Allir kennrar noti hæfnimiðaða kennslu og námsmat: Allir kennrar útbúi náms- og kennsluáætlanir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár	Vor 2022	Hæfnimiðaðar náms- og kennsluáætlanir sýnilegar nemendum og foreldrum á Mentor og heimasíðu skólans.	Kennrar og skólastjórnendur
Mat á árangri			
Læsi: Allir kennrar skólans fylgja vikuskipulagi skólans	Vor 2022	Að skólinn nái þeim árangri í lestri að vera yfir landsmeðaltali á Lesfimiprófum Menntamálastofnunnar	Kennrar og verkefnastjóri læsis
Allir kennrar eru PALS-kennrar		Kennurum standi til boða að fara á PALS námskeið á vegum skólans	Skólastjórnendur
Læsisskimun borgarinnar <i>Lesfimi</i> sem lögð er fyrir alla nemendur		Niðurstöður <i>Lesfimi-prófanna</i> sýna framfarir milli ára	Verkefnastjóri læsis og kennrar
Skóli án aðgreiningar			
Heildaráætlun skólans sýnileg í skólastarfinu: Allir kennrar geri ráð fyrir að nemendur sýni framfarir og að allir geti náð árangri.	Vor 2022	Starfsþróun og viðhorfsvinna	Skólastjórnendur og leiðtogar
Komið til móts við þarfir nemenda á þeirra námssvæðum.		Námssvæði sem henta fjölbreyttum nemendahópi	Skólastjórnendur og kennrar
Mannauður	Endurmat	Viðmið	Ábyrgð
Fagmennska starfsfólks			
Að starfsfólk fái þá þjálfun sem þarf til að fylgja eftir stefnu skólans: Alltaf sé leitað leiða til að efla fagvitund starfsfólks	Vor 2021	Þjálfun starfsfólks í Vinnusmiðjum einu sinni í mánuði, námskeið, kynningar og fyrirlestrar	Skólastjórnendur, leiðtogar og verkefnastjórar
Starfsánægja			
Að sífellt sé leitað leiða til að efla starfsánægju starfsfólks: Að starfsfólk sé ánægt í vinnunni	Vor 2021	Niðurstöður viðhorfskönnunar séu á grænu í Viðhorfskönnun starfsfólks Reykjavíkurborgar	Skólastjórnendur



Tryggja að allir séu upplýstir um þá ferla sem fara í gang ef upp kemur einelti og/eða áreitni í starfsmannahópnum		Áætlun borgarinnar kynnt a.m.k. einu sinni á ári á starfsmannafundi Áætlun aðgengileg í pappír og á sameign starfsmanna	Skólastjórnendur
Stjórnun og skipulag	Endurmat	Viðmið	Ábyrgð
Stjórnendur faglegir leiðtoga			
Allir stjórnendur skólans tala stefnu skólans: Kynna stefnu og áherslur skólans reglulega yfir skólaárið	Vor 2021	Stjórnendur kynna stefnu skólans og útfærslu á starfsmanna- og stigsfundum jafn og þétt yfir skólaárið	Skólastjórnendur
Skólaþróun			
Markviss kennsla til starfsfólks í aðferðum skólans: Aðferðir í „Vikuskipulagi“ skólans kenndar jafnt og þétt yfir skólaárið	Vor 2021	Vinnusmiðjur skólans innihalda kennslu í aðferðum „Vikuskipulags“ s.s. PALS, tímatökulestur og endurtekinn lestur	Skólastjórnendur
Starfsfólk nýtir verkfærakistu Uppeldi til ábyrgðar/UTÁ		Kynning á starfsmannafundum um verkefni mánaðarins og þjálfun í aðferðunum í Vinnusmiðjum	Leiðtogi UTÁ
Snillismiðja skólans er leiðandi í skólaþróun til starfsfólks		Starfsfólk Snillismiðju stendur fyrir örnmáskeiðum, vinnusmiðjum og styður einnig markvisst við starfsfólk við að innleiða snjalllausnir í kennslu	Verkefnastjóri og leiðtoga
Vellíðan nemenda	Endurmat	Viðmið	Ábyrgð
Skólatengsl			
Markvisst unnið að því að efla tengsl milli nemenda og starfsfólks: Skólatengslaverkefnið ýtir undir starfshætti sem efla góð tengsl innan skólans	Vor 2021	Niðurstöður Skólatengslaverkefnis úr skimun í 5., 6., 8. og 9. bekk sýna bætt skólatengsl milli nemenda og starfsfólks skólans	Teymi Skólatengslaverkefnis
Réttindaskóli UNICEF			
Markviss innleiðing á Réttindaskóla UNICEF: Innleiðing Barnasáttmálans heilt yfir skólann	Vor 2022	Unnið með gildi Barnasáttmálans í öllum árgögum með það að markmiði að allir sýni meira umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytileika	Skólastjórnendur og leiðtoga

9. Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf

Markmiðið með foreldrasamstarfi er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og samráði foreldra og skóla. Nemandinn öðlast aukið öryggi við að finna gagnkvæmt traust og virðingu milli hinna fullorðnu sem og samræmi í gildum og væntingum heima fyrir og í skólanum.

Heimili og skóli hafa gefið út handbækur fyrir fulltrúa foreldra á öllum skólastigum. Í þeim er lýst starfi foreldrafélaga og foreldra- og skólaráða.

Hér má nálgast **Handbók foreldrafélaga grunnskóla**.

10.1 Stefna skóla í foreldrasamstarfi

Árangursríkt skólastarf byggir á góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla og er mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Þennan þátt þarf að rækta enda þekkja foreldrar börnin sín best og því er nauðsynlegt að þeir hafi samband við kennara og skólastjórnendur hvenær sem þeir telja þörf á og á sama hátt mun skólinn hafa samband ef þurfa þykir. Við megum aldrei gleyma því að foreldrar eru sterkasti mótnaraðili barnanna og hafa ótvíráð áhrif á hvernig börnin upplifa skólagöngu sína. Því skiptir þátttaka þeirra í námi barnanna verulegu máli. Jákvætt viðhorf er okkur öllum ákaflega mikilvægt. Mikilvægt er að foreldrar hvetji börn sín til dáða og sýni viðfangsefnum þeirra áhuga. Þá er einnig mikilvægt að þeir kenni börnum sínum að sýna kurteisi í garð annarra og að koma heiðarlega fram. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar eru upplýsingar um markmið og tilgang foreldrasamstarfs í grunnskólum, sjá [hér](#).



Hólabrekkuskóli leggur mikið upp úr öflugu og góðu foreldrasamstarfi. Þegar litið er til niðurstaðna rannsókna á áhrifum foreldra á nám og líðan barna þeirra í skólanum kemur í ljós að enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur og líðan nemenda og foreldrar þeirra. Talið er að rekja megi 70% af námsárangri nemenda til þátta utan skólans ekki síst til heimilanna.

Einn liður í góðri samvinnu heimila og skóla hjá okkur eru nemenda- og foreldrasamtölön þar sem umsjónarkennarar setjast niður með nemendum og foreldrum og nemandinn setur sér markmið út frá niðurstöðum *Námshringssins*. Samtölön eru 30 mínutna löng svo góður tími gefst til að eiga innihaldsríkt samtal sem leggur línumnar með framhaldið í skólagöngu nemandans.

Hólabrekkuskóli er búinn að setja sér reglur um samskipti foreldra og starfsfólks skólans. Samskiptareglurnar eru hluti af samstarfsáætlun foreldra og skóla, sjá [hér](#).

10.2 Foreldrafélag

Við hvern grunnskóla skal starfa foreldrafélag og er skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. [Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Nöfn og netföng stjórnar foreldrafélags:

Daníel Örn Arnarsson, netfang: daniel.orn.arnarsson@reykjavik.is

Edith Oddsteinsdóttir, netfang: edith1985@gmail.com

Erla Agnes Álfhildardóttir, netfang: erlaagnes@hotmail.com

Ewelina Kacprzycka, netfang: ewelina.kacprzycka@wp.pl

Halla María Þorsteinsdóttir, netfang: hallamth@gmail.com

Regína Jónsdóttir, netfang: reginajj91@gmail.com

Sigríður Agnes Jónasdóttir, netfang: sirry2202@gmail.com

Sigurrós Soffía Kristinsdóttir, netfang: sigurros@gmx.com

Pórunn Helgadóttir, netfang: thorunnlusiru@gmail.com

10.3 Kynning, lög og starfsreglur

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Foreldrar og/eða forráðamenn allra nemenda í Hólabrekkuskóla eru sjálfkrafa félagar í Foreldrafélagi Hólabrekkuskóla. Markmið félagsins er að vinna að velferð nemenda, meðal annars með því að koma á öflugu samstarfi milli skólans og heimila nemenda og jafnframt að stuðla að því að skólinn geti á hverjum tíma fullnægt sem best þeim kröfum sem til hans eru gerðar.

10.4 Verkefnaskrá

Foreldrafélag Hólabrekkuskóla er mjög virkt félag sem heldur utan um marga viðburði yfir skólaárið. Hér er stiklað á stóru um það sem félagið stóð fyrir skólaárið 2019 – 2020. Tekið úr skýrslu félagsins:

Skólafatnaður Fyrsta verkefni skólaársins var að bjóða upp á skólapseysur í samstarfi við nemendur 10. bekkjar. Peysurnar vöktu mikla lukku og margir nemendur keyptu sér peysu. Þar sem peysusanlan gekk svo vel var ákveðið að bjóða líka upp á skólabuxur á vorönn og þær fengu einnig góðar viðtökur.

Jólaföndur Að venju stóð foreldrafélagið fyrir jólaföndri í skólanum. Það fór fram 30. nóvember 2019 og heppnaðist vel. Nemendur 10. bekkjar voru með veitingasölu til styrktar útskriftarferðar. Jólaföndrið er ekki hugsað sem fjároflun fyrir foreldrafélagið.

Útskrift 10. bekkjar Foreldrafélagið tók þátt í útskrift 10. bekkjar með því að bjóða upp á köku og gefa öllum útskriftarnemendum rós. Hátíðleg og skemmtileg stund sem er gaman að taka þátt í.

17. júní hátið Síðasta verkefni foreldrafélagsins var að taka þátt í skipulagningu 17. júní hátiðar í hverfinu, ásamt Foreldrafélagi Fellaskóla og íþróttafélaginu Leikni. Boðið var upp á lifandi tónlist og fjölbreytt skemmtiatriði fyrir allan aldur. Hátíðin var virkilega vel heppnuð og heyrst hefur að íbúar hverfisins vilji að þetta verði endurtekið að ári.

Hverfisröltið Foreldrafélagið hefur í einhver ár staðið fyrir skipulögðu hverfisrölti á föstudagskvöldum. Því miður gafst ekki tími til að sinna því þennan vetur.

Bekkjarfulltrúar Eitt af verkefnum foreldrafélagsins er að sjá til þess að í hverjum bekk/hóp séu tveir til þrír bekkjarfulltrúar. Þeir eru tengiliðir stjórnar foreldrafélagsins inn í bekkina auk þess að sjá til þess að skipulögð séu bekkjarkvöld helst einu sinni á önn. Til þess að styðja betur við bekkjarfulltrúana var


ákveðið að bjóða upp á styrk til að halda/niðurgreiða bekkjarkvöld. Veittur var styrkur upp á 15.000 kr. fyrir hvern árgang (einu sinni á skólaárinu) til að halda bekkjarkvöld. Einungis einn árgangur nýtti sér styrkinn en vonandi verður betri nýting á komandi skólaári ef ákveðið verður að bjóða aftur upp á slíkan styrk.

Samstarf foreldrafélaganna í Breiðholti Foreldrafélög grunnskólanna fimm í Breiðholtinu héldu áfram sínu góða samstarfi á skólaárinu. Félögin héldu þrjá samráðsfundi með skólastjórnendum en skólarnir skiptast á að bjóða heim.

Á vorönn 2020 stóð til að halda fyrirlestur um kvíða hjá börnum og ungingum en því miður var honum frestað vegna ástandsins í samfélagini.

Félögin hafa síðustu ár séð um að skipuleggja rölt um hverfin á öskudeginum þannig að börnin gætu gengið í hús og sungið fyrir nágranna sína í von um einhverskonar góðgæti að launum. Í október gáfu foreldrafélögini öllum grunnskólanemendum vegleg endurskinsmerki til þess að allir nemendur séu sýnilegir í umferðinni. Stjórnir nemendafélaganna sáu um dreifingu í bekki.

Verkefnið Bókabrölt í Breiðholti hélt áfram en markmið verkefnisins er að efla lestur fullorðinna þar sem þeir eru fyrirmyn dir barnanna. Hólabrekkuskóli sér um bókahilluna í Hólagarði en hinarr eru staðsettar í Breiðholtslaug, versluninni Iceland í Seljahverfi, ÍR-heimilinu og í Mjódd.



Það er gaman að segja frá því að Bókabrölt í Breiðholti hlaut Hvatningarverðlaun Heimilis og skóla haustið 2020.



Handhafar Hvatningarverðlauna Heimilis og skóla 2020 ásamt ráðherra, formanni dómnefndar og formanni Heimilis og skóla. Mynd: MOTIV

Foreldrafélagið heldur úti virkri Facebook-síðu og deilir þar áhugaverðum og skemmtilegum hlutum ásamt fréttum af starfseminni. Vel er tekið á móti öllum ábendingum og hugmyndum og eru foreldrar hvattir til að hafa samband ef eitthvað er. Hægt er að senda skilaboð á Facebook-síðunni eða tölvupóst á foreldrafelag.holabrekkuskoli@gmail.com.

10.5 Bekkjarfulltrúar og bekkjarstarf

Á fundi með foreldrum eru valdir tveir eða fleiri bekkjarfulltrúar foreldra í hverjum bekk. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að halda utan um og koma að skipulagningu bekkjarstarfs með það að markmiði að styrkja samskipti og vináttu innan bekkjardeilda ásamt því að styrkja samband á milli foreldra í hópnum. Bekkjarfulltrúar og umsjónarkennrar eru í virku og góðu sambandi.

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að vera tengiliðir og verkstjórar, þeir:

- taka þátt í starfi foreldrafélagsins og virkja aðra foreldra til samstarfs
- skipuleggja bekkjarskemmtun utan skólatíma til að nemendur og foreldrar hittist
- skipuleggja vinahópa
- skipuleggja heimsóknir foreldra í bekki einu sinni á skólaári í samráði við kennara
- skapa vettvang fyrir foreldra til að hittast og kynnast
- mæta á aðalfund foreldrafélagsins sem haldinn er í byrjun skólaárs

10. Nemendafélag skóla

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Sbr. lög um grunnskóla

Stjórn nemendafélagsins veturinn 2021 - 2022



Stjórn nemendafélags Hólabrekkuskóla

Haustið 2021

Félagsstarfskennarar: Aðalheiður Lilja og Ragna Björg

Formaður: Guðbjörn Smári Lúthersson

10. bekkur	9. bekkur	8. bekkur
Anastasija Filipova (101) Ástrós Halla Jónsdóttir (102) Denisa Dauparaite (102) Eva Dögg Birgisdóttir (102) Gabriela Ósk Einarsdóttir (102) Guðbjörn Smári Lúthersson (101) Helena Úvberg (102) Sara Hanna Jóhannsdóttir (101) Sölveig Rún Sveinssdóttir (101) Sveinn Rúnar Sveinsson (102)	Arnar Óli Ólafsson (91) Daði Sigrúnsson (91) Embla Rún Björgvinisdóttir (91) Helma Hilal bórhallsdóttir Öcean (91) Írena Mjöll Dossing Elinardóttir (92) Ísabella Emma S. Einarsdóttir (91) Jusilda Anshaku (91) Lisa Sóley Gunnell (91) Maria Ababou (91) Mendim Elis Veselaj (91) Moira Sofia Lumawag (91) Paula Sóley Finnsdóttir (92) Sesselja Guðrún H. Oddsdóttir (92) Sigrún Simonardóttir (92) Sævill Bjarnason (91) Tinna Rögn Óladóttir (91) Trixie Hannah Paraiso Tugot (91) Una Guðný Natsuki Danieludóttir (92) Wiktoria Wszborowska (91)	Arisa Rós Baral Sigríður Salka Olafsdóttir Mykolas Kairumas Gabriel Máni Jósefsson Orongan Guðrún María Þorsteinsdóttir



Stjórn nemendafélags Hólabrekkuskóla

Nefndir - Haustið 2021

Félagsstarfskennarar: Aðalheiður Lilja og Ragna Björg

Formaður: Guðbjörn Smári Lúthersson

Sjóppunefnd	Auglýsinga- og skreytinganefnd	Tónlistarnefnd	Skemmtinefnd	Iþróttanefnd
Ábyrgð: Guðbjörn Smári Helena	Ábyrgð: Anastasija Ástrós Halla	Ábyrgð: Denisa Eva Dögg	Ábyrgð: Gabriela Ósk Sara Hanna	Ábyrgð: Sölveig Rún Sveinn Rúnar
Aðrir: Arnar Óli María Sigrún Tinna Rögn Arisa Rós	Aðrir: Embla Rún Jusilda Lísa Sóley Moira Sofia	Aðrir: Daði Mendim Elis Paula Sóley Sævill Mykolas	Aðrir: Írena Mjöll Trixie Hannah Una Guðný Wiktoria (Sigríður) Salka	Aðrir: Helma Hilal Ísabella Emma Sesselja Guðrún Gabriel Máni Guðrún María

Viðburðir og hefðir í félagsstarfi



HÓLABREKKUSKÓLI
virðing - gleði - umhyggja

Stjórn nemendafélagsins haustið 2021

Félagsstarf unglings veturinn 2021 - 2022



September 2021

- FLAG 30. september – Opnunardansleikur („Gay Pride“ þema)



Október 2021

- FLAG 14. október – Kósýkvöld í unglingadeild



Nóvember 2021

- FLAG Skrekkur – Undanúrslit (1., 2. og 3. nóvember)
- FLAG Skrekkur – Úrslit (8. nóvember)
- FLAG 4. nóvember – Hrekjavökudansleikur
 - FLAG 5. – 7. bekkur: 17.00-19.00
 - FLAG 8. – 10. bekkur: 19.30-22.00
- FLAG 17. nóvember – Tækjadagur í þema (8.30-11.30)
- FLAG 24. nóvember – Jólakósýkvöld í unglingadeild (skyldumæting)



Desember 2021

- FLAG 9. desember – Jóladansleikur

Félagsstarfskennarar,
Aðalheiður Lilja og Ragna Björg

Húsið opnar 19.30 og lokar 22.00 nema annað sé sérstaklega tekið fram!

(Birt með fyrirvara um breytingar) - Hlökkum til að sjá ykkur ;)

11. Skólareglur og skólabragur

11.1. Leiðréttandi hegðunarkerfi

Skólastefnan okkar; Uppbyggingarstefnan / Uppeldi til ábyrgðar UTÁ byggir á leiðréttandi hegðunarkerfi þar sem markvisst er unnið með verkfæri sem kenna nemendum uppbyggileg og jákvæð samskipti, sjá [hér](#).

11.2. Skólareglur

Skólareglur

Hólabrekkuskóla

1. Nemendur og aðstandendur þeirra bera sameiginlega ábyrgð á náminu og sýna námi annarra virðingu.
2. Nemendur ganga vel um skólann, eigur sínar og annarra.
3. Nemendur mæta stundvíslega í skólann og fara eftir leiðsögn kennara og annarra starfsmanna.
4. Nemendur hafa með sér hollt og gott nesti og sýna snyrtimennsku við neyslu matar og drykkjar. Sælgæti, kex, gos og orkudrykkir eru ekki leyfilegir.
5. Nemendur sýna kurteisi, tillitssemi og bera ábyrgð á eigin orðum og gerðum.
6. Nemendur virða reglur í kennslustofum og virða einnig hlutverk sín og hlutverk annarra. Bekkjarsáttmáli gildir hvar sem nemendur eru.
7. Nemendur eru símalausir á skólatíma, frá opnum kl. 8:00 til lokunar skólans kl. 16:00.
8. Nemendur nota ekki rafrettur, tóbak, áfengi eða fíkniefni í skólanum eða hvar sem þeir eru á vegum skólans.
9. Nemendur fylgja reglum um notkun reiðhjóla, hlaupahjóla, línuskauta, hjólaskóa, hjólabretta og raf-/vélknúinna tækja í skólanum og á skólalóð.

Regla 1 – Nemendur og aðstandendur þeirra bera sameiginlega ábyrgð á náminu og sýna námi annarra virðingu.

Nánari útfærsla

- a. Nemendur mæta undirbúnir í kennslustund og hafa meðferðis viðeigandi námsgögn.
- b. Nemendur sinna náminu og fara eftir verkstjórn kennara.
- c. Nemendur virða vinnufrið, eru vinnusamir og leggja sitt af mörkum til að auka gæði starfsins.
- d. Þegar tveir eða fleiri vinna saman að verkefni bera þeir sameiginlega ábyrgð og hver og einn leggur sitt af mörkum.
- e. Nemendur koma úthvíldir í skólann og tilbúnir að takast á við verkefni dagsins.
- f. Nemendur hafa rétt við í prófum og skila eigin efni í verkefnum og ritgerðum á tilsettum tíma.

Viðurlög

Ef ástundun á námi er ábótavant sjá viðmið um brot á skólareglum.

Ef nemandi hefur rangt við í prófum og/eða skilar ekki eigin efni í verkefnum og ritgerðum á tilsettum tíma:

1. Nemandinn fær prófið/verkefnið ekki metið. Litið svo á að verkefni hafi ekki verið skilað eða nemandi hafi verið fjarverandi úr prófi án gildra ástæðna.
2. Sjá viðbrögð um brot á skólareglum.

Regla 2 – Nemendur ganga vel um skólann, eiger sínar og annarra.

Nánari útfærsla

- a. Nemendur bera ábyrgð á öllum hlutum og fatnaði sem þeir koma með í skólann.
- b. Nemendur geyma yfirhafnir, höfuðföt og útiskó í fatahengi og/eða í nemendaskápum eða í samráði við starfsmenn skólans og/eða kennara.
- c. Nemendur ganga frá eftir sig í þeim rýmum sem þeir eru hverju sinni.
- d. Nemendur leggja sig fram um að halda skólanum og umhverfi hans snyrtilegu.
- e. Nemendur skemma ekki eiger né húsnæði skólans.

Viðurlög

Ef nemandi virðir ekki reglur um umgengni:

1. Ef nemandi skilur fatnað sinn eftir á gólfí í fatahengi er honum safnað saman í lok dags og þarf nemandinn að nálgast eiger sínar sjálfur.
2. Ef nemandi gengur illa um þá er hann minntur á af samnemanda/starfsmanni að ganga frá eftir sig.
3. Ef nemandi skemmir eiger eða húsnæði skólans þá skal hann taka þátt í lagfæringu skemmda og endurbótum.
4. Sjá viðbrögð um brot á skólareglum.

Regla 3 – Nemendur mæta stundvíslega í skólann og fara eftir leiðsögn kennara og annarra starfsmanna.

Nánari útfærsla

- a. Nemendur temja sér stundvísni
- b. Nemendur í 1. – 7. bekk eru úti í frímínútum á skólalóð en nemendur í 8.-10. bekk mega vera inni í frímínútum.
- c. Nemendur og foreldrar þekki vel til skolasóknarreglnanna.
- d. Skolasóknarreglur, sjá skolasóknarkerfi vegna ástundunar og vegna leyfa veikinda.
 - i. Nemendur fá einkunn fyrir skolasókn sem gildir fyrir allt skólaárið. Allir nemendur byrja með einkunnina 10 og skolasóknareinkunn er sýnileg eins og annað um frammistöðu nemandans.
 - ii. Umsjónarkennari sendir foreldrum vikulega upplýsingar í tölvupósti um stöðu skolasóknar. Ef foreldrar hafa athugasemdir þá þarf að senda þær innan viku til hans.
 - iii. Komi nemandi í kennslustund eftir að kennsla hefst fær hann eitt fjarvistarstig. Fyrir óheimila fjarvist fær nemandi tvö fjarvistarstig.
- e. Veikindi skal tilkynna daglega áður en kennsla hefst. Foreldrar geta sjálfir skráð veikindi nemenda í Mentor og er þá mest hægt að skrá two daga í einu.
- f. Heimilt er að óska eftir læknisvottorði ef nemandi er veikur samfleytt í tíu daga eða lengur og einnig ef nemandi hefur verið veikur í fleiri en fimmtán daga á skólaárinu.
- g. Kennari stýrir dagskrá og framkvæmd kennslustunda, þar með uppröðun í stofu.
- h. Nemendur fara að fyrirmælum starfsfólks í húsakynnum skólans, á skólalóð sem og í ferðum á vegum skólans.

Viðurlög

1. Sjá skolasóknarkerfi vegna ástundunar
2. Sjá skolasóknarkerfi vegna leyfa og veikinda
3. Sjá viðbrögð um brot á skólareglum

Regla 4 – Nemendur hafa með sér hollt og gott nesti og sýna snyrtimennsku við neyslu matar og drykkjar.

Nánari útfærsla

- a. Nemendur sitja meðan þeir borða, jafnt í kennslustofum sem í matsal.
- b. Nemendur umgangast mat og borðbúnað af virðingu.
- c. Neysla gosdrykkja og sælgætis er ekki leyfð á skólatíma nema af sérstöku tilefni og þá með leyfi kennara.
- d. Neysla orkudrykkja er óheimil í skólanum, á skólalóð og í ferðum á vegum skólans.
- e. Matsalur er fyrir þá sem eru skráðir í mat og þá sem koma með nesti. Allir drekka vatn með matnum í matsalnum. Sjá nánari útfærslu á hlutverki okkar í matsal.

Viðurlög:

1. Ef nemandi fer ekki eftir reglum þá byrjar starfsmaður á að ræða við nemanda.
2. Gosdrykkur/orkudrykkur og sælgæti sem tekið er af nemanda er fleygt.
3. Ef nemandi gerist aftur uppvis af því að brjóta reglurnar verður farið eftir viðbrögðum um brot á skólareglum.

Regla 5 – Nemendur sýna kurteisi og tillitssemi og bera ábyrgð á eigin orðum og gerðum.

Nánari útfærsla

- a. Nemendur ganga rólega um skólann og hægra megin á gönguleiðum.
- b. Nemendur temja sér ávallt kurteisi, vinsemd og hjálpsemi í garð annarra.
- c. Mæti nemandi of seint til kennslustundar biðst hann afsökunar og gengur hljóðlega til verka og truflar ekki aðra.
- d. Nemendur temja sér viðeigandi orðbragð og sleppa móðgunum og blótsyrðum.
- e. Nemendur fara eftir fyrirmælum allra skólastarfsmanna.

Viðurlög

1. Sjá viðbrögð um brot á skólareglum.

Regla 6 – Nemendur virða reglur í kennslustofum og á göngum skólans. Þeir virða hlutverk sín og hlutverk annarra og bekkjarsáttmáli gildir hvar sem nemendur eru.

Nánari útfærsla

- a. Kennarinn er verkstjóri og nemendur lúta verkstjórn hans.
- b. Nemendur sýna kurteisi og taka tillit til annarra.
- c. Nemendur gefa merki þegar bera á upp spurningu eða biðja um orðið.
- d. Símar nemandi, hljómtæki og fylgibúnaður skal ekki vera sýnilegur eða í notkun í kennslustofu nema með sérstöku leyfi frá kennara.
- e. Matur er ekki leyfilegur inn kennslustofum, reglan á ekki við í nestistínum í 1. – 7. bekk.
- f. Ganga skal frá stofu eins og komið var að henni.

Viðurlög

Ef nemandi virðir ekki verkstjórn kennara:

1. Sjá viðmið um brot á skólareglum.

Ef nemandi virðir ekki fyrirmæli starfsfólks:

1. Ef nemandi fer ekki eftir reglum þá byrjar starfsmaður á að ræða við nemandi.
2. Ef nemandi gerist aftur uppvís af því að brjóta reglurnar verður farið eftir viðbrögðum um brot á skólareglum.

Regla 7 – Nemendur eru símalausir á skólatíma, frá opnun til lokunar skólans.

Nánari útfærsla

- Nemendur koma ekki með síma í skólann.

Viðurlög

- Nemandi skilar síma á skrifstofu skólans sem foreldri sækir. Ef ekki þá er viðbrögðum við broti á skólareglum fylgt eftir.

Regla 8 – Nemendur nota ekki rafrettur, tóbak, áfengi eða fíkniefni í skólanum eða hvar sem þeir eru á vegum skólans.

Nánari útfærsla

- a. Neysla tóbaks, í hvaða mynd sem er, er með öllu óheimil í skólanum, á skólalóðinni og í nágrenni skólans.
- b. Notkun, neysla og meðhöndlun fíkniefna er með öllum óheimil í skólanum, á skólalóð og í nágrenni skólans.
- c. Notkun, neysla og meðhöndlun tóbaks (í hvaða mynd sem er) og/eða vímuefna er aldrei leyfileg í ferðum á vegum skólans.
- d. Skólinn áskilur sér rétt, með samþykki foreldra, til að senda nemendur í efnapróf ef grunur liggur fyrir um neyslu ólöglegra efna. Ef nemandi virðir það ekki skal sjá verklagsreglu skóla- og frístundasviðs um hegðunar- og samskiptavanda nemenda.

Viðurlög

1. Starfsmaður sem verður vitni af eða heyrir um einhverskonar neyslu nemandi skal láta umsjónarkennara vita. Umsjónarkennarinn ræðir við nemandi. Umsjónarkennari hringir heim til foreldra.
2. Umsjónarkennari/skólastjórnandi boðar nemandi og aðstandendur til fundar. Fundar getið í dagbók Mentors.
3. Gerist nemandi sekur um neyslu tóbaks eða annarra vímuefna í ferð á vegum skólans skal starfsmaður taka af honum efnin og hafa samband við foreldra. Heimilt er að óska eftir því að aðstandendur sæki nemandi í ferðina.
4. Berist skólanum upplýsingar um einhverskonar neyslu nemandi ber honum að upplýsa foreldra.
5. Sjá verklagsreglur Reykjavíkurborgar um þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda, lið D, um viðbrögð við lögbrotum á skólatíma og á leið nemenda til og frá skóla og alvarlegum brotum nemenda á skólareglum.

Regla 9 – Nemendur fylgja reglum um notkun reiðhjóla, hlaupahjóla, línuskauta, hjólaskóoa, hjólabretta og raf-/vélknúinna tækja í skólanum og á skólalóð.

Nánari útfærsla

- a. Reiðhjól eru geymd í hjólagrindum við anddyri eða á tilgreindum svæðum. Nemendum er heimilt að sækja hjól sín í frímínútum til að hjóla á hjólabrautinni á skólalóðinni en ávallt skal vera með hjálm.
- b. Raf-/vélknúin ökutæki (vespur) eru ekki leyfð á skólatíma.
- c. Reiðhjól, hlaupahjól, hjólabretti, línuskautar og sambærileg tæki eru á ábyrgð eigenda.

Viðurlög

1. Sjá viðbrögð um brot á skólareglum.

11.3. Viðurlög við brotum á skólareglum

Skolasóknarkerfi 1. – 10. bekkur Verkferill vegna fjarvista

Í upphafi hvers skólaárs eru allir nemendur með fullnægjandi skolasókn. Óstundvísi/seinkoma er eitt fjarvistarstig og óheimil fjarvist er tvö fjarvistarstig.

Þrep 1 (10 fjarvistarstig)

Umsjónarkennari ræðir við nemanda og hefur samband við foreldra.

Þrep 2 (20 fjarvistarstig)

Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt nemanda, og náms- starfsráðgjafa.

Þrep 3 (30 fjarvistarstig)

Fundur með umsjónarkennara, skólastjórnanda/fulltrúa hans, nemanda og foreldrum.

Þrep 4 (40 fjarvistarstig)

Fundur með skólastjórnanda/fulltrúa hans, umsjónarkennara, nemanda, foreldrum og fulltrúa skólapjónustu (viðbragðsteymi skólapjónustu).

Þrep 5 (60 fjarvistarstig)

Eftir umfjöllun í nemendaverndaráði sendir skólastjórnandi tilkynningu til Barnaverndar Reykjavíkur. Málið unnið samkvæmt verklagsreglum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skolasamfélagsins vegna nemenda með fjölpættan vanda.

Skólasóknarkerfi 1. – 10. bekkur

Verkferill vegna veikinda- og leyfisdaga

Þrep 1 (5 veikinda- og/eða leyfisdagar)

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra.

Þrep 2 (10 veikinda- og/eða leyfisdagar)

Umsjónarkennari boðar nemanda og foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda/fulltrúa hans.

Þrep 3 (15 veikinda- og/eða leyfisdagar)

Umsjónarkennari tilkynnir stöðuna til skólastjóra sem tekur erindið upp í nemendaverndarráði ef þörf þykir. Ef 80% eða meira af þessum forfalladögum eru vegna veikinda getur nemendaverndarráð tekið ákvörðun um að fela fulltrúa skólaheilsugæslu að hafa samband við foreldra.

Þrep 4 (20 veikinda- og/eða leyfisdagar)

Málið tekið upp í nemendaverndarráði sem getur tekið ákvörðun um að skólastjórnandi/fulltrúi boði foreldra til fundar ásamt umsjónarkennara og fulltrúa skólapjónustu (viðbragðsteymi skólapjónustu).

Þrep (30 veikinda- og/eða leyfisdagar)

Nemendaverndarráð skólans tilkynnir til Barnaverndar Reykjavíkur. Málið unnið samkvæmt verklagsreglum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna nemenda með fjölþættan vanda.

Viðbrögð við broti á skólareglum 1. – 10. bekkur **Verkferill**

Þrep 1

Umsjónarkennari/kennari ræðir við nemanda.

Þrep 2

Umsjónarkennari/kennari ræðir við nemanda og hefur samband símleiðis við foreldra.

Þrep 3

Umsjónarkennari/kennari fundar með nemanda og foreldrum.

Þrep 4

Umsjónarkennari/kennari fundar með nemanda, foreldrum og náms- og starfsráðgjafa/deildarstjóra.

Þrep 5

Umsjónarkennari/kennari fundar með nemanda, foreldrum og aðstoðarskólastjóra/skólastjóra.

Þrep 6

Umsjónarkennari/kennari fundar með foreldrum, skólastjórnanda og fulltrúa þjónustumiðstöðvar.

Þrep 7

Nemendaverndaráð skólans tekur fyrir mál nemandans, tilkynnir til Barnaverndar Reykjavíkur og skóla- og frístundasviðs.

Leiðbeinandi heimalestrarviðmið 1. – 10. bekkur

Verkferill

Hlutverk heimila í læsisnámi barna og unglings er að bjóða upp á lestrarhvetjandi umhverfi þar sem nemandi les fyrir fullorðinn og tryggja það að börnin hafi gott aðgengi að lesefni.

Samstarf milli heimila og skóla þarf að vera gott þar sem regluleg upplýsingagjöf frá báðum aðilum skiptir máli. Stuðningur og hvatning við læsisnámið frá bæði heimili og skóla stuðlar að því að læsisnám barna verði árangursríkt og gefandi.

Greining er gerð á lestrarskráningu allra nemenda vikulega. Nemendur eiga að lesa a.m.k. 15 mín á dag 5 daga vikunnar. Nemendur á yngri stigum skrifa orð eða setningar.

Þrep 1

Heimalestri hefur ekki verið sinnt í eina viku

Kennari sendir tölvupóst til foreldra.

Þrep 2

Heimalestri hefur ekki verið sinnt í þrjár vikur

Kennari hringir heim ef litlar breytingar verða á þremur vikum.

Sett í Mentor: Heimalestur Þrep 2

Þrep 3

Heimalestri hefur ekki verið sinnt í sex vikur

Foreldrar boðaðir á fund með kennara og sérkennara.

Þrep 4

Heimalestri hefur ekki verið sinnt í sjö vikur

Komi sú staða upp að ofangreindar verklagsreglur beri ekki árangur verður málínu vísað til nemendaverndarráðs.

Reykjavíkurborg hefur mótað verlagsreglur varðandi **þjónustu við grunnskólanema með fjölpættan vanda** og má sjá [hér](#).

Markmið þessara verlagsreglna er að:

- Benda á ábyrgð einstakra stofnana Reykjavíkurborgar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölpættur.
- Skapa vinnulag sem tryggir skilvirkja samvinnu stofnana þannig að hlutverk aðila séu skýr og markmið skilgreind.

Ef nemandi brýtur alvarlega af sér samkvæmt skólareglum viðkomandi skóla og viðurlög við brotinu eru brottvísun úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, sbr. 14. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og í reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út verklag vegna tímabundinnar brottvísunar úr grunnskóla sem má sjá [hér](#) og byggir Reykjavíkurborg verklag sitt á þeim og er vísað í þær að ofan.

11.4. Skólabragur

Leiðarljós Hólabrekkuskóla; virðing – gleði – umhyggja ásamt skólastefnunni; Uppbyggingastefnan - Uppeldi til ábyrgðar/ UTÁ tekur til allra þátta skólastarfsins.

Til þess að öðlast færni í að leysa ágreiningsmál farsællega þurfa allir að temja sér umburðarlyndi og víðsýni. Lýðræðisleg vinnubrögð og virðing fyrir skoðunum annarra verða því leiðarljós starfsins í skólanum. Nemendur eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfið og samfélagið. Markmiðið er samkennd og virðing, færni í mannlegum samskiptum og aukinn skilningur.

Ávallt er leitast við að **styrkja samkennd og samstarf starfsfólks, nemenda og foreldra**. Einnig hefur skólinn þá framtíðarsýn að nýta menningarrætur sínar og halda í heiðri ýmsum hefðum sem hafa unnið sér sess í sögu skólans en um leið skapa nýjar hefðir fyrir komandi kynslóðir. Með markvissum hætti er sífellt reynt að nýta auðinn í grenndarsamféluginu til að endurnýja og styrkja skólastarfið.

12. Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið

Skólastjóri: Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, holmfridur.g.gudjonsdottir@rvkskolar.is

Aðstoðarskólastjóri: Lovísa Guðrún Ólafsdóttir, lovisa.gudrun.olafsdottir@rvkskolar.is

Umsjónarmaður fasteignar: Ólafur Jón Stefánsson, olafur.jon.stefansson@rvkskolar.is

Opnunartími skrifstofu

Skrifstofa skólans er opin daglega frá kl. 08:00 - 15:00. Skrifstofan er lokað í hádeginu frá kl. 12:00 – 12:30. Á skrifstofunni má fá allar upplýsingar um skólastarfið, einnig bendum við á heimasíðu skólans, www.holabrekkuskoli.is

Skólaritari er Katrín Kristín Hallgrímsdóttir, katrin.kristin.hallgrimsdottir@rvkskolar.is

Símanúmer og netfang skólans

Suðurhólum 10, 111 Reykjavík.

Sími: 411 7550

Netfang: holabrekkuskoli@rvkskolar.is

Heimasíða: <http://www.holabrekkuskoli.is>

Heimasíðan

Á heimasíðu Hólabrekkuskóla www.holabrekkuskoli.is má m.a. finna almennar upplýsingar um skólastarfið, bréf og tilkynningar til foreldra, netföng kennara og starfsmanna svo og matseðil skolamötuneytis. Hægt er að komast inn á Fésbókarsíðu skólans frá heimsíðunni [hér](#). Einnig eru ýmsir hlekkir á síðunni s.s. á foreldrafélag skólans, Álfheima, Hraunheima, og Miðberg.

Forfallatilkynningar (veikindi/leyfi)

Allar forfallatilkynningar skulu foreldrar tilkynna strax að morgni í síma 411-7550, mikilvægt að nemendur séu tilkynntir fyrir kl. 08:45.

- ✓ Í Mentor er opið fyrir foreldra að skrá veikindi barna sinna í heilum dögum og leyfi fyrir einstaka tíma í Mentor – mentor.is

Tilkynna þarf nemandann daglega þegar um veikindi er að ræða. Þurfi nemandi að vera fjarverandi í tvo daga eða lengur af öðrum ástæðum en vegna veikinda, skulu foreldrar sækja um leyfi skriflega og fá samþykki umsjónarkennara og skólastjórnanda.

Eyðublöð fást á skrifstofu og heimasíðu skólans. Öll röskun á námi nemenda sem hlýst af fjarveru hans er á ábyrgð forráðamanna. Sé nemandi ítrekað frá kennslu vegna veikinda, þó um skamman tíma sé að ræða hverju sinni, getur skólinn krafist læknisvottorðs. Einnig getur skólinn farið fram á að fá læknisvottorð sé nemandi veikur lengur en 5 daga samfellt.

Skólinn vill vinsamlegast biðja foreldra um að hafa börn heima þar til þið treystið þeim út í frímínútur, þetta á við um nemendur í 1. – 7. bekk, því nemendur fá ekki að vera inni í frímínútum nema í undantekningartilfellum.

Viðtalstímar kennara – *Viðmið um samskipti*, nánar [hér](#)

Foreldrar geta ávallt haft samband við kennara með tölvupósti eða skilið eftir skilaboð á skrifstofu skólans og því eru engir fastir viðtalstímar.

Mötuneyti

Allir nemendur í grunnskólum borgarinnar hafa aðgang að hádegismat í skólanum. Áskriftin kostar það sama í öllum skólum borgarinnar en ekki þarf að greiða fyrir fleiri en tvö grunnskólabörn frá hverju heimili. Matseðill er birtur á heimasíðu skóla. Hér má sjá frekari upplýsingar varðandi mötuneyti í grunnskólum.

Nánari upplýsingar um skráningu og greiðslufyrirkomulag má fá á skrifstofu og á heimasíðu skólans. Á heimasíðu skólans er að finna matseðil mánuðarins.

Nesti

Áhersla er lögð á hollt nesti í Hólabrekkuskóla með það að markmiði að nemendur fái orku og gott úthald. Holtt og gott nesti er t.d. ávextir, grænmeti eða brauð með hollu áleggji. Eini drykkurinn sem nemendur mega koma með í skólann er vatn. Vatn er besti svaladrykkurinn og auk þess er hann orkulaus og skemmir ekki tennur.

Frimínútur – gæsla



Nemendur í 1. - 7. bekk eru úti í frímínútum og er skólalóðinni skipt upp í svæði. Skólaliðar, stuðningsfulltrúar og kennarar skiptast á að sinna gæslu á leiksvæði í frímínútum og klæðast þeir áberandi yfirhöfnum. Nemendur í 8. - 10. bekk mega vera inni í frímínútum og fylgjast skólastarfsmenn með þeim.



Hnetulaus skóli

Í flestum skólum er einhver með bráðaofnæmi, ýmist börn eða starffolk. Bráðaofnæmi eru skjótt og lífshættuleg ofnæmisviðbrögð par sem ofnæmisvaldunum er oftast fæða. Ýf eða skordýrabit.

Nokkrir nemendur í Hólabrekkuskóla eru greindir með bráðaofnæmi fyrir hnetum.

Einstaklingur með bráðaofnæmi fyrir hnetum þarf ekki að borða hnetur til að fá ofnæmisviðbrögð. Nog er að hann komist í snertingu við matvæli sem innihalda hnetur. Einnig getur snerting við einstakling sem hefur verið að meðhöndla hnetur valdið svæsnum ofnæmisviðbrögðum. Af þessum ástæðum er Hólabrekkuskóli hnetufrír skóli. Í því fellst að matur innan skólans innihaldi ekki hnetur að neinni gerð, hvorki jarðhnetur eða trjáhnetur (pekanhnetur, kasjúhnetur, möndlur o.fl.).

(pekanhnetur, kasjúhnetur, möndlur o.fl.).

Við mælumst því til þess, kæru foreldrar, að skólanesti barnanna ykkar innihaldi ekki hnetur. Hafa skal í huga að hnetur leyast í mörgu svo sem hnetusmjöri, hnetujógurt, ýmsu bakarísbrauði, satay-sósu o.s.frv.

Fyrirspurnum og ábendingum má beina til skólahjúkrunarfræðings.

Skólkór Hólabrekkuskóla

Skólkór Hólabrekkuskóla starfar undir stjórn Diljár Sigursveinsdóttur og er nemendum í 2. – 5. bekk boðin þátttaka. Kóræfingar eru á skólatíma, þriðjudaga kl. 9:10 – 9:40.

Kórinn tekur þátt í ýmsum viðburðum eins og Degi íslenskrar tungu, aðventuhátíð barnanna í Fella- og Hólkirkju, aðventuhátíðinni Jól á torginu, jólaskemmtunum Hólabrekkuskóla, syngja á bónadaginn og við útskriftarathöfn 10. bekkjar Hólabrekkuskóla. Kórinn tekur jafnframt þátt í Barnamenningarhátíð.



Fatnaður og óskilamunir

Á hverjum degi gleymist eitthvað í skólanum sem nemendur eiga, t.d. lyklar, húfur og vettlingar. Mikilvægt er að merkja vel allan fatnað. Allur tapaður fatnaður er flokkaður og varðveisittur hjá skólalíðum. Lykla, síma og skartgripi er að finna á skrifstofu skólans. Við upphaf nýs skólaárs eru munir sem enginn hefur spurst fyrir um t.d. fatnaður er sendir til Rauða krossins.

Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa

Reglur um endurgreiðslur vegna slysa og tjóna er nemendur verða fyrir á skólatíma:

- Reykjavíkurborg greiðir kostnað vegna flutnings barns með sjúkrabifreið og komugjald vegna fyrstu heimsóknar á slysa- og bráðadeild, þegar barn verður fyrir slysi.
- Reikningar vegna stoðtækja eru ekki greiddir.
- Tjón á eignum nemenda, s.s. fatnaði, gleraugum o.p.h. er ekki bætt nema það verði rakið til mistaka starfsmanna skólans eða vegna vanbúnaðar skólahúsnaðis.
- Tannviðgerðir á börnum tilkomnar vegna slysa í skóla eða á skólalóð eru endurgreiddar foreldrum/-forráðamönnum að hluta af Tryggingarstofnun ríkisins. Fjölskyldutryggingar tryggingarfélaga greiða almennt einnig hluta af tannviðgerðum barna. Það sem eftir stendur greiðir borgarsjóður, þó ekki hærri upphæð en kr. 100.000,- vegna einstaks slyss. Heimilt er að semja um að kostnaðarþátttaka Reykjavíkurborgar vegna tannviðgerða sem eru afleiðing slyss í grunnskóla gildi í allt að 3 ár eftir að grunnskóla lýkur. Samning þennan skal gera eigi síðar en 6 mánuðum eftir slys.

Reglurnar gilda frá og með 1. apríl 2008

Íþróttir og sund

Íþróttahús og sundlaug eru staðsett við Austurberg. Yngstu nemendur fá fylgd í og úr sundi og íþróttum.

Íþróttar- og sundkennsla



Nemendur í 1. - 3. bekk þurfa ekki að vera með sérstök íþróttaföt. Mælt er með að nemendur séu berfættir eða í gripsokkum.

Nemendur í 4. - 10. bekk þurfa að vera með íþróttaföt til skiptanna og hafa fataskipti í búningsklefum. Íþróttaföt eru t.d. stuttbuxur, leggings, íþróttabuxur og stuttermabolur. Mælt er með íþróttaskóm en þeir mega ekki lita parketið.

- Nemendur geta valið um það hvort þeir fari í sturtu eftir íþróttatíma.
- Allar undanþágur í íþróttum verða að fara í gegnum náms- og starfsráðgjafa. Ef nemandi getur ekki tekið þátt í tíma verður hann að koma með miða frá foreldrum eða foreldrar láti vita strax að morgni og tilkynni leyfi fyrir nemandann.

Umgengni við tölvukost skólans

Mikilvægt er að nemendur umgangast tölvubúnað skólans með viðeigandi hætti.

Nemendur:

- Tengjast einungis tölvubúnaði skólans með því notandanafni sem þeir hafa fengið úthlutað.
- Nota aðgang að neti skólans einungis til þess að komast inn á net eða tölvur skólans.

Nemendur mega ekki:

- Breyta vinnuumhverfi á tölvum skólans þannig að það hafi áhrif á umhverfi og notkunar möguleika annarra notenda.
- Breyta, afrita eða fjarlægja vélbúnað, hugbúnað eða gögn sem eru í eigu skólans.
- Setja inn hugbúnað á tölvur skólans án samþykkis kennara eða tölvuumsjónarmanns.
- Senda keðjubréf og annan ruslpóst.
- Sækja, senda, geyma eða nota á neti eða tölvum skólans forrit sem ætluð eru til innbrota eða annarra skemmdarverka.
- Senda, sækja eða geyma efni sem er ólöglegt eða bersýnilega grefur undan almannuheill. Sem dæmi má nefna klám eða annað efni sem er einungis til að niðurlægja aðra, sem og kynþátta-, hryðjuverka- og/eða ofbeldisáróður.
- Nota spjallrásir nema undir stjórn kennara.

Skápar fyrir nemendur

Nemendur í 5. bekk fá læsta skápa endurgjaldslaust. Nemendur í 6. - 10. bekk geta fengið læsta skápa til leigu gegn 1000 kr. tryggingagjaldi. Skólinn áskilur sér rétt til leitar í nemendaskápum ef nauðsyn krefur og nemendur geta hvenær sem er átt von á því að skápur þeirra verði skoðaður að þeim viðstöddum. Skólinn tekur ekki ábyrgð á fatnaði, skótaui og öðrum eigum nemenda.

Vettvangsferðir og skólaferðalög

Vettvangsferðir eru ýmist á vegum skólans og/eða foreldra. Stundum eru gistiináttferðir og úrskriftaferð 10. bekkja í höndum foreldra og félagsstarfskennara. Oft eru farnar stuttar vettvangsferðir í grenndarsamfélaginu og/eða innan borgarinnar.

Nemendaskráning / Móttaka nýrra nemenda

Foreldri innritar nemanda í gegnum Rafræna Reykjavík eða hefur samband við skrifstofu skólans í síma 411 7550. Náms- og starfsráðgjafi eða deildarstjóri læsis taka á móti nýjum nemendum og veita upplýsingar um skólastarfið og sýna skólann. Deildarstjóri velur bekk fyrir nemanda og boðar fund með

nemandanum, náms- og starfsráðgjafa, forráðamönnum og nýjum umsjónarkennara, eftir því sem við á í hverju tilviki fyrir sig. Nemandi og foreldrar veita skólanum upplýsingar. Skólinn aflar frekari upplýsinga um nemandann út frá rafrænni skráningu t.d. um ofnæmi, greiningar, sjúkdóma og fatlanir. Foreldrar og nemandi veita skólanum upplýsingar t.d. um áhugasvið, styrkleika, fjölskyldu og vini. Nemandi fær möppu „Velkomin í Hólabrekkuskóla“ með ýmsum upplýsingum.

Nemendur sem byrja í 1. bekk eru boðaðir símleiðis til einkaviðtala foreldra, nemenda og umsjónarkennara. Samtölin fara fram fyrstu two skóladagana á nýju skólaári í ágúst.

Myndataka

Á hverju ári eru teknar myndir af nemendum í 1., 7. og 10. bekk skólans. Nemendum býðst að kaupa þessar myndir, póstur er sendur til foreldra. Að auki fær skólinn eintak af öllum myndunum til eignar.

Mentor / skráningar- og upplýsingakerfi

Í Hólabrekkuskóla er skráninga- og upplýsingakerfið Mentor (www.mentor.is) notað til upplýsingamiðlunar. Foreldrar og/eða nemendur geta skráð sig inn á vefinn með lykilorði og fá þá aðgang að sérstakri heimasíðu fjölskyldunnar. Upplýsingar um öll börn viðkomandi heimilis birtast á síðunni, hvort sem þau eru í leikskóla eða grunnskóla. Á mentor.is geta foreldrar séð dagskrá barna sinna, ástundun, námsáætlunar, heimavinnu, tilkynningar frá skólanum, skóladagatal og fleira. Foreldrar geta skráð inn veikindi/forfallaskráningu (heila daga) fyrir börn sín. Upplýsingar um ástundun nemenda eru sendar foreldrum reglulega í gegnum kerfið auk þess sem foreldrar geta skráð fylgst með ástundun barna sinna dag frá degi. Mentor.is er aðgengilegt í gegnum heimasíðu skólans, holabrekkuskoli.is.

12.1. Bókasafn / Tölvuver

Búið er að endurskipuleggja bókasafn Hólabrekkuskóla. Safnið hefur gengið í gegnum algera endurnýjun, lögð áhersla á lestrarhvetjandi umhverfi og passað upp á að eiga nokkur eintök af vinsælustu bókunum svo bið nemenda eftir þeim styttilt. Einnig er lögð áhersla á að bjóða upp á bækur á sem flestum tungumálum og eru starfsmenn hvattir til að færa safninu bók að gjöf þegar þeir koma erlendis frá.

Auk bóka og annars efnis til kennslu eru tölvur til verkefnavinnu staðsettar á safninu. Safnið á nú um 22.700 eintök bóka. Bókasafn skólans stendur fyrir ýmsum lestrarhvetjandi verkefnum á hverju skólaári.

Skólasafnið er opið mánudaga til föstudaga frá kl. 08:10 til 14:30.



Útlánsreglur

Allir nemendur mega hafa fimm til tíu bækur til afþreyingarlesturs hverju sinni. Þetta eru aðallega skáldsögur, léttar fræðibækur og bækur á erlendum tungumálum - láNSTÍMI er 30 dagar. Auk þess fá nemendur á ungingastigi námsbækur. Útlánstími námsgagna er að jafnaði ein önn. Nemandi ber ábyrgð á bókum sem hann hefur með höndum. Foreldrar geta fylgst með útlánum barna sinna á <http://leitir.is> með því að fara inn á Mínar síður:

- Sláið inn **kennitölu** þar sem beðið er um **númer og lykilord** sem notað er á almenningsbókasöfnum.
- Veljið **Grunnskólar** og þá kemur í ljós hvað viðkomandi nemandi er með í útláni.

Bókasafnið leitast eftir að eiga bækur á sem flestum tungumálum og hvetur starfsmenn til að færa safninu bók þegar þeir koma erlendis frá.

Bókasafns- og upplýsingafræðingur skólabókasafnsins er Jóhanna Júlíusdóttir,
netfang: johanna.juliusdottir@rvkskolar.is

Tölvukostur

Tölvuver skólans er útbúið borðtölvum og er staðsett inn af bókasafni skólans. Skólinn nýtir sér í auknum mæli Crome-bækur og er kennt markvisst á þær í 6. – 10. bekk. Skólinn á fjóra vagna sem eru í stöðugri notkun. Í 1. – 5. bekk er áhersla lögð á spjaldtölvur og er nemendum markvisst kennt á þær í gegnum námsforrit.



13. Heildstæð skólastefna – heildræn nálgun


Heildaráætlun Hólabrekkuskóla endurspeglar skólastefnu skólans og byggir á grunnþáttum menntastefnunnar *Látum draumana rætast* og *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna*. Í Hólabrekkuskóla er litið á *Heildaráætlun um stuðning við fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir sem heildaráætlun fyrir alla nemendur skólans*. Heildaráætlun Hólabrekkuskóla er byggð í *Látum draumana rætast* og *Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna* um grunnþáttum nemendur.



alltaf lögð á heildstæða nálgun þar sem þarfir nemandans eru í fyrirrúmi.

- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun sem felst í að greina námsstöðu nemenda snemma á skólagöngunni.
- Megináhersla er á læsi, félagsfærni og sterka sjálfsmýnd nemenda.
- Í öllum árgöngum eru lagðar fyrir kannanir til að kanna námsstöðu og líðan.


Skólinn skilar árlega heildaráætlun um hvernig stuðningi er háttarð hverju sinni, sjá [hér](#).



Hringferli er kennsluaðferð sem nefnd er: „Allir brosa á sama tungumáli“ hentar vel í fjölbreyttum nemendahópi ásamt aðferðum K-PALS/G-PALS /-PALS.



Aðferðafræði „Allir brosa á sama tungumáli“ felst í að efla orðaforða og þekkingu nemenda á markvissan hátt. Hljóðainnlög og aukin vinna með orð fléttast saman. Unnið er með aðferðina inni í bekkjum og í minni hópum í stoðþjónustu skólans. Aðferðir í stoðþjónustu eru í raun framlenging á aðferðum sem notaðar eru inni í bekkjum/hópum, áherslan er á gagnreyndar aðferðir sem skila árangri.



Vikuskipulag er unnið í stoðþjónustunni samhliða vinnu í bekkjunum/ hópunum – þar er unnið með alla þættina á hverjum degi, sjá hér:

**Lestur til árangurs
í Hólabrekkuskóla**

Vikuskipulag í öllum árgöngum

Allir nemendur lesa og tala á hverjum degi

- 3 daga vikunnar – endurtekinn lestur og tímataka
- 3 daga vikunnar – K-PALS/G-PALS/PALS
- 3 daga vikunnar – kórlestur/býflugnalestur
- Daglega – hundraðardalistinn

Markmið: Að allir nemendur nái árangri og sýni framfarir í lestri

**Lestur til árangurs
í Hólabrekkuskóla**

- Nemendur hafa lesefni við hæfi
- Gagnreyndar aðferðir eru notaðar í lestrarkennslu sem vitað er að skila árangri
- Nemendur lesa á hverjum degi í skólanum og heima
- Skimanir og próf eru notuð markvisst og inngrip koma í kjölfarið

Markmið: Að allir nemendur nái árangri og sýni framfarir í lestri

13.1. Einstaklingsnámskrá / Einstaklingsáætlun

Ef nemandi fylgir ekki námsáætlun árgangs er gerð fyrir hann einstaklingsnámskrá, námsleg og/eða félagsleg. Komið er til móts við nemandann á einstaklingsgrundvelli t.d. með sjónrænu skipulagi, félagsfærnisögum, ART námskeiði, Cat-kassanum, með námskeiðum hjá sérkennara, þroskabjálfa

og/eða náms- og starfsráðgjafa. Gerð einstaklingsnámskráa er á ábyrgð umsjónarkennara í samvinnu við fagkennara, stoðþjónustuteymi skólans og foreldra. Í einstaklingsnámskrá kemur fram staða nemanda, kennsluhættir og námsmat.

13.2. Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi styður við nemendur og liðsinnir þeim í málum er snerta nám þeirra. Náms- og starfsráðgjafi vinnur í nánu samstarfi við stjórnendur skólans, kennara og foreldra eftir því sem við á. Einnig hefur hann samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan og utan skólans og vísar málum nemenda til þeirra eftir því sem við á. Náms- og starfsráðgjafi er í nemendaverndarráði og situr teymisfundi vegna einstakra nemenda sé þess óskað. Náms- og starfsráðgjafi er bundinn trúnaði varðandi málefni nemenda sem til hans leita.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru:

- Að veita ráðgjöf um náms- og starfsval nemenda.
- Náms- og starfsfræðsla fyrir nemendur á unglungastigi
- Efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi.
- Að leiðbeina nemendum um skipulögð vinnubrögð í námi.
- Að veita persónulega ráðgjöf, bæði í formi einstaklings- og hópráðgjafar sem vinna að einstökum verkefnum t.d. námstækni, prófkvíða, prófundirbúnings og ýmis önnur mál sem kunna að koma upp eins og samskiptamál af ýmsu tagi.

Nemendum og foreldrum er velkomið að leita til náms- og starfsráðgjafa og geta fengið viðtöl eftir samkomulagi.

Náms- og starfsráðgjafi skólans er Íris Hrund Hauksdóttir netfang:
iris.hrund.hauksdottir@rvskolar.is.

Til áramóta er Ester Þorsteinsdóttir náms- og starfsráðgjafi í afleysingu
netfang: ester.thorsteinsdottir@rvskolar.is.

Atvinnutengt nám

Hólabrekkuskóli tekur þátt í verkefninu *Atvinnutengt nám* en það er tilboð fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólam Reykjavíkur sem hentar að stunda verklegt nám. Verkefninu er ætlað að stuðla að vellíðan nemenda og gefa þeim tækifæri til þess að kynnast atvinnulífinu. Verkefnið styður við hugmyndina um einstaklingsmiðað nám og veitir nemendum tækifæri til að vinna með styrkleika sína. Reynslan sýnir að verkefnið eflir sjálfstraust og áhuga nemenda til frekara náms.

Sérstök stundatafla er útbúin fyrir hvern og einn nemanda með tilliti til atvinnupáttökunnar. Að verkefninu standa Skóla - og frístundasvið, velferðarsvið og Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og náms- og starfsráðgjafi hvers grunnskóla. Reykjavíkurborg sér um að greiða nemendum laun og eru ýmis fyrirtæki úti í samféluginu sem taka þátt í þessu verkefni.

Náms- og starfsráðgjafi heldur utan um þá nemendur sem eru í atvinnutengdu námi í Hólabrekkuskóla.

Starfamessa

Í Hólabrekkuskóla hefur verið haldin Starfamessa fyrir nemendur á eldra stigi. Árið 2017 var fyrsta Starfamessan haldin og heppnaðist hún svo vel að ákveðið var að endurtaka leikinn árið 2019. Starfamessan felst í því að foreldrar og aðrir hollvinir Hólabrekkuskóla kynna störf sín fyrir nemendum. Þátttaka hefur verið mjög góð og allir lagt mikla vinnu í að undirbúa kynningar, koma með ýmis konar gögn og hluti til að sýna nemendum.

Nemendur hafa fengið að kynnast fjölbreyttum störfum eins og bakara, hugbúnaðarsérfræðings, húsgagnasmiðs, lögmanns, skrúðgarðyrkjufraeðings, ritstjóra, hagfræðings, prests, rafvirkja og vélstjóra svo nokkur dæmi séu nefnd.

Hér má sjá myndband um starfamessuna 2019

<https://vimeo.com/325228227>

Starfamessan er mikilvægur liður í náms- og starfsfræðslu og gott tækifæri fyrir nemendur til að kynnast fjölbreyttum störfum og mögulegum námsleiðum. Starfamessan markar upphaf á þemavinnu hjá unglingsadeild um *nám og störf*. Í þemavinnunni dýpka nemendur þekkingu sína á því starfi sem vekur áhuga þeirra. Nemendur vinna eftir ákveðnu verklagi og heimsækja m.a. vinnustaði og fá að vera þar hluta úr degi. Nemendur afla sér upplýsinga um hvaða menntun og hæfni þarf til að vinna tiltekið starf og útbúa kynningu sem sýnd er á lokadegi þemavinnunnar.



Íris Hrund Hauksdóttir náms- og starfsráðgjafi skólans hefur skipulagt starfamessuna og haldið utan um þemavinnuna um nám og störf í samstarfi við unglingsadeildarkennara skólans.

13.3. Nemendaverndarráð / Lausnateymi

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Oft fylgja kennarar málum eftir og koma inn á fundi. Í ráðinu sitja:

Frá Hólabrekkuskóla

- Skólastjóri
- Aðstoðarskólastjóri
- Deildarstjóri yngra stigs
- Deildarstjóri eldra stigs
- Náms- og starfsráðgjafi



Frá skólaheilsugæslu

- Skólahjúkrunarfræðingur

Tengiliðir Þjónustumiðstöðvar Breiðholts

- Félagsráðgjafi
- Hegðunarráðgjafi
- Kennsluráðgjafi
- Sálfraeðingur

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf, sérfræðiþjónustu auk þess að vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengast málinu ef þörf krefur. Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu.

Ávallt skal vísa málum til ráðsins með formlegum hætti. Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðiþjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu.

Ávallt skal upplýsa foreldra um að mál barna sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur. Það má gera með tölvupósti eða bréflega.

Fulltrúar nemendaverndarráðs geta fundað með óformlegum hætti til að ræða um hvort taka skuli einstaka mál fyrir formlega. Telji nefndarmenn ástæðu til að fjalla á formlegan hátt um einstaka mál skal vísa málinu til ráðsins eftir þeim verklagsreglum sem að framan eru taldar.

Að öðru leyti vísast í lög og reglugerðir sem snerta starfsemi nemendaverndarráðs.

13.4. Skólaheilsugæsla - skólahjúkrunarfræðingur

Skólaheilsugæslan er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmið skólaheilsugæslu er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í nánni samvinnu við foreldra, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Starfsemi skólaheilsugæslunnar er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Helstu áherslur í skólaheilsugæslu eru fræðsla, heilsuefling, bólusetningar, skimanir og skoðanir, umönnun veikra og slasaðra barna, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldan þeirra og starfsfólks skólans.

Á þroska- og hegðunarstöð er starfrækt skólasvið sem hefur það hlutverk að þróa, leiða og samræma heilsuvernd skólabarna í samráði við heilbrigðisyfirvöld og heilsugæsluna á landsvísu.

Skólahjúkrunarfræðingur er Kristín Auður Halldórsdóttir.

Viðverutími í skólanum er alla virka daga nema þriðjudaga kl. 08:00 – 16:00

Netfang: holabrekkuskoli@heilsugaeslan.is

Hólabrekkuskóli sími: 411 7550

Heilsugæslan Efra Breiðholti, Hraunbergi 6, 111 Reykjavík, sími: 513 5300

Nánari upplýsingar um skólaheilsugæslu er að finna á heilsugaesla.is/6h.is.

Hlutverk og verkefni skólaheilsugæslu

Skólaheilsugæslan er hluti af heilsugæslu hverfisins og hlutverk hennar er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra.

Skipulag og þjónusta við nemendur

Starfsemi skólaheilsugæslu er þríþætt:

- bólusetningar og skimanir (um 20% starfseminnar)
- einstaklingsþjónusta (um 40% starfseminnar)
- heilbrigðisfræðsla (um 40% starfseminnar)

Skimanir

Skimanir eru gerðar í 1., 4., 7. og 9. bekk og felast í mælingu á hæð, þyngd og sjón. Nemendur í öðrum árgögum eru skimaðir eftir þörfum. Niðurstöður skimana eru skráðar í rafrænan gagnagrunn heilsugæslunnar.

Óhöpp og slys á skólatíma

Veitt er fyrsta hjálp í skólanum og minniháttar meiðslum er sinnt af skólahjúkrunarfræðingi /skólastarfsmönnum. Oftast er haft samband við foreldra, alltaf við alvarleg slys, og þeir beðnir að sækja barnið og fara með það á heilsugæslustöð /slysamóttöku. Mikilvægt er að skólinn hafi öll símanúmer svo hægt sé að ná í foreldra á skólatíma. Náist ekki í foreldra sér skólahjúkrunarfræðingur og/eða starfsmenn skólans um að koma nemandanum í réttar hendur.

Sjúkrakassar eru á öllum náms- og kennslusvæðum Hólabrekkuskóla. Skólahjúkrunarfræðingur sér um að í þeim sé ávallt sáté búnaður sem þar á að vera. Hann kallar eftir öllum sjúkrakössunum að hausti til áfyllingar en skólastarfsmenn á viðkomandi náms- og kennslusvæða láta skólahjúkrunarfræðing vita ef þörf er á áfyllingu.

Lífsstíll og líðan þegar skimanir fara fram ræðir hjúkrunarfæðingurinn við nemendur um lífsstíl og líðan. Markmið þessara viðtala er að styrkja vitund nemenda um eigin lífsstíl og líðan. Eins að geta gripið til úrræða ef vart verður við vanlíðan eða áhyggjur. Grunnupplýsingar úr lífstílsviðtali eru skráðar í rafrænan gagnagrunn heilsugæslunnar.

Heilbrigðar lífsvenjur heilsueflandi grunnskóli

Hólabrekkuskóli er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi grunnskóli. Markmið verkefnisins er að:

- Stuðla að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks skólans.
- Bæta námsrárangur nemenda.
- Örva nemendur til þátttöku og ábyrgðar með virðingu fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum og mannréttindum.
- Sjá til þess að skólaumhverfið sé öruggt og hlíð að nemendum og starfsfólki skólans.
- Efla nemendur í námi og félagslífi og til að vera virkir þátttakendur í hvoru tveggja.
- Tengja saman heilbrigðis- og menntamál.
- Huga að heilsu og vellíðan alls starfsfólks skólans.
- Vinna með foreldrum og sveitarstjórn.
- Flétta heilsu og velferð saman við daglegt skólastarf, námskrá og árangursmat.
- Setja sér raunhæf markmið sem byggjast á nákvæmum upplýsingum og traustum vísindalegum gögnum.
- Leitast við að gera æ betur með því að fylgjast sífellt með, meta stöðuna og endurmeta aðgerðaáætlunar (tekið af vef landlæknisembættisins).


Bólusetningar Bólusett er í 7. bekk við mislingum, hettusótt, rauðum hundum og við leghálskrabbameini.

Bólusett er í 9. bekk við barnaveiki, stífkampa, kíghósta og mænusótt. Ef líkur eru á að barn sé ekki að fullu bólusett eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólaheilsugæsluna.

Til að viðhalda ónæmi barnsins gegn mænusótt, barnaveiki, stífkampa, mislingum, hettusótt og rauðum hundum þarf að endurtaka bólusetningu gegn þessum sjúkdómum. Allar bólusetningar þurfa að vera rétt skráðar á bólusetningarskírteini barnsins og er því nauðsynlegt að hafa það meðferðis þegar barnið á að fá sprautu. Öllum er nauðsynlegt að eiga bólusetningar sínar skráðar til dæmis vegna skólavistar erlendis eða ferðalaga. Bólusetningar barna eru alltaf á ábyrgð foreldra. Ef börn hafa ekki fengið fullnægjandi bólusetningar verður haft samband við foreldra. Bólusetningar eru skráðar í rafrænan gagnagrunn heilsugæslunnar.

Fæðuofnæmi – ferill:

VERKFERRILL VEGNA fæðuofnæmis eða fæðuóþols NEMENDA Í HÓLABREKKUSKÓLA



Heilbrigðisfræðsla

Skipulögð heilbrigðisfræðsla er framkvæmd í öllum árgöngum og er áhersla lögð á að hvetja til heilbrigðra lífsháttar. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6-H heilsunnar sem er samstarfsverkefni heilsuverndar skólabarna og LÝðheilsustöðvar.

Áherslur fræðslunnar eru **Hollusta – Hvíld – Hreyfing – Hreinlæti – Hamingja - Hugrekki** og kynheilbrigði. Eftir fræðslu fær barnið fréttabréf með sér heim. Þá gefst foreldrum kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu og hvernig þau geti nýtt sér það í daglegu lífi. Fylgst verður með nemendum í öllum árgöngum eftir þörfum.

Alvarlegir sjúkdómar

Ef nemandi er með greindan alvarlegan sjúkdóm sem getur stefnt heilsu/lífi hans í bráða hættu er nauðsynlegt að skólaheilsugæslan og skólastjóri viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. hjartasjúkdóma, sykursýki, bráðaofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

Höfuðlús

Allir geta fengið höfuðlús. Lúsasmit er ekki merki um óþrifnað. Lúsin smitast nær eingöngu við beina snertingu. Verði lúsa vart hjá nemandi er rétt að hafa samband við skólahjúkunarfræðing. Eftir tilkynningu verður sent ráðleggingarblað til allra foreldra í viðkomandi bekk eða árgangi.

Lyfjagjafir til nemenda

Varðandi lyfjagjafir til nemenda í grunnskólum er farið eftir tilmælum Landlæknis. Þar kemur meðal annars fram að skólabörn skulu ekki fá önnur lyf í skólanum en þau sem á hefur verið vísað af lækni. Í engu tilviki getur nemandi verið ábyrgur fyrir lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldra en skólahjúkunarfræðingur og/eða skólastarfsmenn geta aðstoðað við lyfjatökuna. Foreldrar þeirra nemenda sem þurfa lyf á skólatíma eiga að hafa samband við skólahjúkunarfræðing sem gefur nánari upplýsingar.

Tannfræðsla og tannvernd / flúorskolu

Skólaheilsugæsla sinnir skipulagðri fræðslu um tannheilsu og tannvernd í 1., 4. og 7. bekk.

Samningur milli Tannlæknafélags Íslands og Sjúkratrygginga tryggir börnum undir 18 ára aldri gjaldfrjálsar tannlækningar fyrir utan 2500 kr. árlegt komugjald.

Forsenda greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga er að barnið hafi skráðan heimilistannlækni. Foreldrar bera ábyrgð á skráningunni í Réttindagátt Sjúkratrygginga. Skólahjúkunarfræðingur fylgist með skráningu heimilistannlækna, upplýsir foreldra um gjaldfrjálsar tannlækningar og hvetur foreldra til að skrá heimilistannlækni.

Nánari upplýsingar má finna á vef Sjúkratrygginga Íslands, sjukra.is.

Sjúkrakennsla


Nemandi sem ekki getur sótt skóla vegna alvarlegs sjúkdóms/slyss fær svokallaða sjúkrakennslu, eina kennslustund á dag á skólatíma.



13.5. Sérfræðiþjónusta / Þjónustumiðstöð Breiðholts

Markmiðið með stofnun þjónustumiðstöðvanna er að gera þjónustu borgarinnar aðgengilegri fyrir íbúa og efla þverfaglegt samstarf sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna og auka þannig lífsgæðin í höfuðborginni. Meginmarkmið skólabjónustu er að veita börnum og fjölskyldum og skólum hverfisins heildstæða og fjölbreytta ráðgjöf til að mæta þörfum barna og fjölskyldna þeirra. Ráðgjöfin er þverfagleg og miðar að því að efla skóla sem faglegar stofnanir. Ráðgjöf skólabjónustu nær til barna, fjölskyldna og starfsmanna skóla og felur meðal annars í sér rágjöf vegna umönnunar, kennslu og náms barna með sérþarfir.

Í Breiðholti er unnið samkvæmt verklagi sem kveðið er á um í þróunarverkefninu *Betri borg fyrir börn* um náið þverfaglegt samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Skólabjónusta hverfisins er í þróun með það að markmiði að mæta þörfum barna, fjölskyldna og skóla enn betur með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi.



Ef sækja á um þjónustu sálfræðings fyrir nemanda þá vísar umsjónarkennari/kennari málínu til nemendaverndarráðs með formlegri tilvísun í samráði við foreldra. Allar tilvísanir og beiðnir um aðstoð eru kynntar og ræddar á fundum nemendaverndarráðs. Foreldrar geta að eigin frumkvæði haft beint samband við Þjónustumiðstöð Breiðholts.

Sálfraðingur situr nemendaverndarráðsfundi og veitir ráðgjöf varðandi mál sem upp kunna að koma í skólanum. Hann sinnir skimun og greiningum á nemendum með samþykki foreldra.

Kennslu- og hegðunarráðgjafar sitja í nemendaverndarráði og sinna ráðgjöf um kennslu/hegðun og/eða sértæka aðstoð við nemendur. Kennsluráðgjöf felur einnig í sér ráðgjöf til starfsfólks um kennsluhætti og skólaþróun.

Félagsráðgjafi situr líka í nemendaverndarráði skólans og kemur að stuðningi og ráðgjöf sem lítur að nemandanum.

Tvær deildir sjá um að veita skólabjónustu í Breiðholti. Annars vegar skóla- og frístundadeild Breiðholts og hins vegar deild barna- og fjölskyldna í Þjónustumiðstöð Breiðholts. Þjónustan er veitt á grundvelli

þjónustusamnings á milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs og er náið samstarf á milli deilda varðandi þjónustu við börn og fjölskyldur.

Þverfaglegt teymi ráðgjafa er við alla leik- og grunnskóla. Hver skóli hefur greiðan aðgang að félagsráðgjafa, kennsluráðgjafa og/eða sérkennsluráðgjafa, sálfraðingi, talmeinafræðingi og hegðunarráðgjafa.

Upplýsingar um tengiliði Þjónustumiðstöðvar Breiðholts við Hólabrekkuskóla

Fagstjórar skóla- og frístundadeildar eru Elísabet Helga Pálmadóttir,
elisabet.helga.palmadottir@reykjavik.is, fyrir leikskóla og Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir,
sigurlaug.hrund.svavarsdottir@reykjavik.is, fyrir grunnskóla. Hægt er að ná í deildarstjóra og fagstjóra í síma 411-1300 eða í tölvupósti. Vefslóð á Þjónustumiðstöð Breiðholts [hér](#).

Sérúrræði í Reykjavík starfa tvö farteymi og eru staðsett í austur- og vesturhluta borgarinnar. Farteymin koma skólum til aðstoðar og veita handleiðslu þegar upp koma alvarleg tilvik hegðunarfanda barna sem starfsfólk skóla hefur ekki tekist að finna lausn á með aðkomu skólapjónustu eða annarra ráðgefandi aðila.

Um er að ræða:

- börn sem beita ofbeldi
- börn sem valda alvarlegri röskun á skólastarfi.

Starfsmenn farteyma vinna annars vegar á vettvangi barnsins í skóla og hins vegar með barni utan skóla. Megináhersla er lögð á ráðgjöf og handleiðslu innan skóla og að finna lausnir í daglegum aðstæðum barns.

Ávallt er unnið í samstarfi við foreldra, meðal annars með ráðgjöf og fræðslu.

Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra, félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, nemendur með leshömlun, langveikir nemendum, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir (Reglugerðum nemendur með sérþarfir í grunnskóla 585/2010).

Reykjavíkurborg hefur komið á fót úrræði til þess að mæta nemendum vegna námsörðugleika, tilfinningalegra og/eða félagslegra erfiðleika.

1. stigs inngríp - Hegðunarráðgjafi

Hegðunarráðgjafar, hjá þjónustumiðstöðvum eru hugsaðir fyrir grunnskólanna sem 1. stigs inngríp til að vinna með nemendum, foreldrum og starfsfólk skólans við lausn hegðunarfanda í grunnskólum. Hegðunarráðgjafi eru hluti að nemendaverndarráði /lausnateymi skólanna.

2. stigs inngríp - Farteymi

Farteymin tvö í borginni vinna með börnum sem eiga í fjölbættum vanda. Teymin koma til aðstoðar þegar ekki hefur tekist að finna lausn á alvarlegum tilvikum hegðunarfanda hjá nemendum innan skólans. Nemendur sem beita alvarlegu ofbeldi eða nemendur sem valda alvarlegri röskun á skólastarfi. Starfsmenn farteymanna leggja upp með að vinna fari mest fram úti í skólum á vettvangi nemenda og foreldra. 38

3. stigs inngríp Brúarskóli

Brúarskóli er tímabundið skólaúrræði þar sem kennslan er einstaklingsmiðuð í samræmi við námslega stöðu og getu hvers nemanda. Hann er skóli fyrir börn sem eiga í alvarlegum geðrænum-, hegðunar eða félagslegum erfiðleikum. Foreldrar sækja um skólavist í Brúarskóla í samvinnu við heimaskóla nemenda.

13.6. Miðja máls og læsis / mml

Miðja máls og læsis er þekkingarteymi á vegum Reykjavíkurborgar sem fer á vettvang og veitir kennurum og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi stuðning, ráðgjöf og fræðslu varðandi mál og læsi.
<https://mml.reykjavik.is/>

13.7. Brúarsmiðir – fjölyngisráðgjafar

Brúarsmiðir og tvítyngisráðgjafar Miðju máls og læsis bjóða upp á margskonar þjónustu fyrir starfsmenn SFS, nemendur og foreldra um tví- og fjölyngi í leik- og grunnskólum og frístundastarfi. Markmið brúarsmiða er að byggja brú á milli fjölyngdra barna og foreldra þeirra, sem og starfsmanna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Hlutverk þeirra er:

- Að styðja við íslenskunám barna af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum. Hjálpa börnum í aðlögun í leik- og grunnskólum. Að börn fái viðeigandi stuðning og handleiðslu við sitt hæfi og jöfn tækifæri til náms. Að börn fái að taka virkan þátt í námssamfélagi, taka framförum og ná árangur í námi og áframhaldandi menntun. Að virkja tvítyngi barna. Að börn nýti sér þjónustu brúarsmiða.
- Að styðja kennara og starfsmenn SFS. Gefa tækifæri til að kynnast börnum og heimamenningu þeirra. Að kennararnir öðlist meiri menningarnæmi og þekkingu um bakgrunn nemenda. Að kennarar og starfsmenn SFS nýti sér þjónustu brúarsmiða.
- Að styðja foreldra af erlendum uppruna. Að foreldrar séu meðvitaðir um ábyrgð, hlutverk og skyldur sem skólaforeldrar og taki virkan þátt. Að foreldrar nýti sér þjónustu brúarsmiða.



14. Samstarf við grenndarsamfélagið

Samstarf grunnskólanna í Breiðholti

Samvinna skólanna er rótgróin og þar má nefna: Sameiginleg símenntun starfsmanna, LÆM-verkefnið - Læsi allra mál, sameiginlegar framhaldsskólkakynningar, sameiginleg viðmið um skolasókn og heimalestur, samvinna foreldrafélaganna og samstarfsyfirlýsing grunnskólanna.



Skólarnir gerðu með sér yfirlýsingum um samstarf með hagsmuni nemenda að leiðarljósi sem snertir jafnt nám þeirra, félagslega vellíðan og öryggi. Samstarfið tekur til fjögurra sviða; nemenda, náms og kennslu, mannauðs og grenndarsamfélags.

Öndvegisskólinn í Breiðholti


Öndvegisskólinn er samstarfsverkefni grunnskólana í Breiðholti og grundvallast á því sem segir í samstarfsyfirlýsingum skólanna frá árinu 2014, að skólarnir hafi samstarf á sem flestum þeim sviðum sem eftir getur faglegt starf skólanna. Er það gert með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og snertir jafnt nám þeirra, félagslega vellíðan og öryggi. Samstarfið tekur til fjögurra sviða: nemenda, námsumhverfis, mannauðs og grenndarsamfélags.

Markmið Öndvegisskólans er að veita nemendum skólanna aukin tækifæri til að rækta hæfileika sína og takast á við krefjandi og skapandi viðfangsefni. Þá er lagt upp með að nýta mannauð og þekkingu í hverjum skóla fyrir nemendur allra grunnskólanna og að leita samstarfs við aðila utan skólanna.

Læsisstefna Breiðholts

Fyrir um sex árum var farið af stað með *Læsi allra mál verkefnið* í Breiðholti. Verkefnið byggir á samstarfi þjónustumiðstöðvar Breiðholts (ÞB) og leik- og grunnskóla hverfisins. Því er ætlað að efla málþroska og læsi barna í hverfinu. Fljóttlega eftir að verkefnið fór af stað var ákveðið að búa til sameiginlega læsisstefnu fyrir leik- og grunnskóla Breiðholts.

Læsisstefnan leggur grunn að lærðómssamfélagi um mál og læsi í fjölmennigarlegu skólastarfi með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Forsendur verkefnisins eru þær að allir nemendur geti lært, sýni framfarir og að nám sé heildraent ferli í þroska þeirra. Skimanir eru gerðar á málþroska og læsi í þágu snemmtækjar íhlutunar á báðum skólastigum. Með því að nota skimanir á málþroska og lestri má bregðast strax við mögulegum vanda. Samkvæmt aðalnámskrám leik og grunnskóla (2011) er meginmarkmið læsis að nemendur taki virkan þátt í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa.



Skrifað var undir samstarfsyfirlýsingi sérfraðingateymis í samfélagi sem lærir SÍSL og grunnskólanna í Breiðholti um innleiðingu gagnreyndra aðferða – en þar er Hulda Karen Danielsdóttir í forsvari.

Grunnskólarnir í Breiðholti gerðu með sér samning um að taka inn K-PALS, PALS og G-PALS í lestrarkennslu til næstu þriggja ára. Hluti samningsins er að SÍSL bíður kennurum upp á námskeið í aðferðinni. Aðferðin byggir á gagnreyndum aðferðum sem vitað er að skila árangri í lestrarkennslu.

Samstarf náms- og starfsráðgjafa í Breiðholti Náms- og starfsráðgjafar í Breiðholtinu eiga saman mánaðarlega fagfund og er samstarf þeirra fjölbætt. Þeir hafa m.a. skipulagt sameiginlega atburði eins og stóra framhaldsskólkynningu þar sem allir framhaldsskólar af höfuðborgarsvæðinu komu saman og voru með kynningu fyrir nemendur og foreldra í hverfinu. Á síðasta skólaári var samstarfsverkefni á milli náms- og starfsráðgjafa og félagsmiðstöðva í Breiðholti með aðkomu ÍR, lögreglunnar og Þjónustuðmiðstöðvar Breiðholts þar sem skipulagður var sameiginlegur dagur fyrir nemendur í 10. bekk þar sem áhersla var lögð á jákvæð samskipti og hópefli.

Starfamessa Hólabrekkuskóla í Hólabrekkuskóla hefur verið haldin Starfamessa fyrir nemendur í 5. – 10. bekk. Starfamessan felst í því að foreldrar og aðrir hollvinir Hólabrekkuskóla kynna störf sín fyrir nemendum. Flestir kynningaraðilar koma úr grenndarsamfélagini. Myndband um starfamessuna 2019, sjá [hér](#).

Stóra og litla upplestrarkeppnin í 7. og 4. bekk

Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk hefst ár hvert á Dagi íslenskrar tungu 16. nóvember og lýkur í mars með því að valdir eru þrír bestu upplesarar í hverfinu. Í Breiðholti hefur lokakeppnin yfirleitt verið haldin í kirkjum hverfisins undir stjórn Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

Ræktunarhlutinn er sá hluti upplestrarkeppninnar sem mestu máli skiptir. Hann miðast við tímabilið frá degi íslenskrar tungu fram í lok febrúar. Þær vikur í skólunum, sem helgaðar eru vönduðum upplestri, eru alfarið í höndum kennara.

Hátíðarhlutinn er það sem kalla mætti hina eiginlegu „keppni“. Hann er í tvennu lagi. Annars vegar er upplestrarhátið í hverjum skóla í lok febrúar þar sem tveir til þrír nemendur eru valdir til áframhaldandi þáttöku í keppninni fyrir hönd skólans. Hins vegar er lokahátiðin sem haldin er í mars. Þar koma saman fulltrúar skólanna í Breiðholti, þrír úr hverjum skóla, og lesa ljóð og laust mál sem þeir hafa undirbúið vandlega.

Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk hefur verið haldin síðustu ár í skólanum en markmið hennar er auka lestrarfærni og bæta upplestur. Undirbúinn upplestur þarf að vera á dagskrá flesta daga frá degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember, en þá fer keppnin formlega af stað og er fram í apríl. Allir nemendur eru með í verkefninu og því lýkur formlega með upplestrarhátið þar sem allir fá afhent viðurkenningarskjali. Litla upplestrarkeppnin er einnig undir stjórn Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

Samstarf við leikskóla Hólabrekkuskóli er í samstarfi við leikskólana Hólaborg, Hraunborg og Suðurborg. Fulltrúar frá skólastigunum funda árlega og ræða samstarf vetrarins.

Aðlögun væntanlegra nemenda í skólann hefst með því að þeir eru boðnir á sal í Hólabrekkuskóla þegar nemendur í 1. bekk halda skemmtun. Síðar er þeim er boðið í skoðunarferð um skólann og í íþróttahúsið þegar börnin í 1. bekk eru í íþróttum. Eftir áramót er væntanlegum nemendum boðið í heimsókn í kennslustund hjá 1. bekk til að gefa þeim innsýn í skólastarfið. Að vori er væntanlegum nemendum og foreldrum þeirra boðið í skólann og er það fyrri námskeiðsdagur af tveimur sem skólinn býður foreldrum upp á. Heimsóknin nær yfir tvær kennslustundir og frímínútur á meðan foreldrar eru á kynningu á skólanum í hátiðarsal skólans. Síðari námskeiðsdagurinn er að hausti þegar nemendur hafa hafið skólagöngu og er þá aðallega fjallað um nám og kennslu.



Nemendur í 1. bekk Hólabrekkuskóla fara í tvær heimsóknir í leikskólana. Í fyrri heimsókninni er leikið og lært inni. Síðari heimsóknin er á útvistardögum að vori og leika þá nemendur beggja skólastiganna saman úti á skólalóðum leikskólanna.

Að vori eru skilafundir í Hólabrekkuskóla þar sem fulltrúar leikskólanna veita kennurum og deildarstjóra yngra stigs Hólabrekkuskóla upplýsingar um stöðu væntanlegra nemenda. Yfirmaður frístundaheimilisins Álfheima situr fundina. Þá má nefna að:

- Nemendur í 8. bekk heimsækja leikskólana á Dagi íslenskrar tungu og lesa fyrir börnin.

- Leikskólarnir eru í samstarfi við 5. bekk, verðandi „stóru“ skólavini sína. T.d. hafa nemendur í 5. bekk samið ljóð sem leikskólabörnin myndskreyta.
- Leikskólunum stendur til boða að fá afnot af skólastofu til að venja skólahópana við að sitja í skólastofu og gera verkefni.

Tengiliður skólans við leikskólanu í hverfinu er Halldóra Tinna Viðarsdóttir umsjónarkennari á yngra stigi, halldora.tinna.vidarsdottir@rvkskolar.is

Samstarf við framhaldsskóla Nemendur í 10. bekk fá skipulagðar kynningar á námsframboði framhaldsskólanna. Kynningarnar eru í höndum náms- og starfsráðgjafa skólans.

Hólabrekkuskóli hefur verið í samstarfi við Fjölbautarskólann við Ármúla þegar nemendur hafa áhuga á að taka framhaldsskólaáfanga með grunnskólanáminu og fá framhaldsskóla einingar.

Stjórnendur Fjölbautaskólans í Breiðholti og Hólabrekkuskóla gera sér jafnframt far um að eiga gott og gagnlegt samstarf nemendum til hagsbóta.

Tónskóli Sigursveins og Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts Hólabrekkuskóli er í mikilli samvinnu við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og sér tónskólinn um tónlistarkennslu í 1., 2. og 7. bekk og um kórastarf. Hólabrekkuskóli hefur einnig verið í góðu samstarfi við skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts og hafa kennarar þaðan fengið aðstöðu í skólanum fyrir nemendur á skólatíma.

Fella- og Hólkirkja og önnur trúfélög Nemendum Hólabrekkuskóla er gefið það svigrúm sem þeir óska eftir til að starfa með kirkjunni og öðrum trú- og lífsskoðunarfélögum, t.d. í tengslum við fermingarfræðslu. Fella- og Hólkirkja tekur tillit til stundaskrár skólans þegar fermingarfræðsla er skipulögð.

Afallaráð Hólabrekkuskóla leitar iðulega til presta Fella- og Hólkirkju og til Þjónustumiðstöðvar Breiðholts þegar nemendur skólinn verður fyrir áföllum vegna slysa eða andláts.

Skólinn ásamt Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar hefur verið í góðu samstarfi við Fella- og Hólkirkju vegna Barnamenningarhátiðar. Skólokörinn syngur í kirkjunni á aðventu og þá heimsækir skólinn kirkjuna.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu Stjórnendur Hólabrekkuskóla eiga í samstarfi við lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Lögreglustöðin Dalvegi 18 í Kópavogi (lögreglustöð 3) sinnir verkefnum í Kópavogi og í Breiðholti. Þar eru bæði almennt svið (sólarhringsvaktir-útköll) og rannsóknarsvið.

Samstarf við lögregluna hefur minnkað umtalsvert undanfarin misseri en lögreglan á sæti í SLÖFF, sem eru samráðsfundir í hverfinu, þar koma saman reglulega tengiliðir frá grunnskólunum fimm, Frístundinni, Þjónustumiðstöð Breiðholts og lögreglunni.

Samfélagslögreglan tók nýlega til starfa en markmið hennar er að vera sýnileg í skólanum og heimsækja unglungana markvisst til að efla tengsl og vinna að forvörnum.

Íþróttafélagið Leiknir og önnur íþróttafélög í gegnum tíðina hefur verið góð samvinna milli Hólabrekkuskóla og íþróttafélaganna í hverfinu en skólinn leggur áherslu á góða samvinnu við öll íþróttafélög. Uppskeruhátið Leiknis er iðulega haldin í skólanum. Þjálfarar Leiknis hafa verið með fótboltaval í unglingsdeildinni og lánað Leiknisvöllinn undir þá kennslu. Félagið hefur verið með kynningar fyrir forelda þegar það eru nemenda- og foreldrasamtöl í skólanum og stundum gefið

nemendum 1. bekkjar góða íþróttatreyju. Einnig koma starfsmenn íþróttafélaganna inn í skólann að hausti og kynna starf vetrarins.

15. Frístundastarf

Miðberg - Frístundamiðstöð

Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir fjölbreyttu starfi fyrir börn og ungmenni frá aldrinum 6 – 16 ára. Markmið Miðbergs er að veita börnum og ungmennum innihaldsríka þjónustu í frítíma þeirra. Mikið er lagt upp úr því að bjóða upp á fjölbreytt og áhugavert frístundastarf. Uppbygging þjónustu í frítímanum er ein af kröfum nútímans. Þar á að vera vettvangur tómstunda, menntunar, menningar og uppeldis undir handleiðslu hæfra starfsmanna. Frá Miðbergi er stutt í náttúruperluna Elliðaárdalinn og Breiðholtslaugin er hinum megin við götuna.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu Miðbergs <http://midberg.is/midberg/um-midberg/>

Frístund fyrir 1. – 4. bekk

Frístundaheimilin bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf þegar hefðbundnum skóladegi 6 – 9 ára barna lýkur. Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og broskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu. Lögð er áhersla á að þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf sem og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Frístundaheimilin leitast við að nota lýðræðislega starfshætti, efla hæfni barnanna til að móta sér sjálfstæðar skoðanir og hafa áhrif á umhverfi sitt og aðstæður. Þjónusta við börn með sérþarfir er skipulögð í hverju frístundaheimili fyrir sig í samvinnu við foreldra, skóla og aðra fagaðila er tengjast börnunum.

Frístundaheimilin fyrir 1. – 4. bekk eru opin kl. 13:40 – 17:00. Á starfsdögum skóla, nemenda- og foreldrasamtalsdögum og í jóla- og páskaleyfi er opið allan daginn frá kl. 8:00 - 17:00 að undangenginni skráningu, Greitt er sérstaklega fyrir lengda viðveru á þessu dögum, sbr. gjaldskrá. Frístundin er lokað í vetrarleyfum skólanna.

Í Hólabrekkuskóla er frístundin tvískipt eftir aldri, 1. og 2. bekkur í Hólabrekkuskóla en 3. og 4. bekkur í safnfrístund með Fellaskóla í Hraunbergi. www.reykjavik.is/fristundaheimili

Frístundaheimilið Álfheimar fyrir 1. og 2. bekk

Staðsetning: Hólabrekkuskóli, Suðurhólar 10, 111 Reykjavík,

Sími: 411 7553 / 664 4304

Netfang, www.midberg.is/alfheimar

Forstöðumaður: Berglind Ósk Guðmundsdóttir, netfang: berglindosk@rvkfri.is

Aðstoðarforstöðumaður: Olga Dröfn Ingólfssdóttir, netfang: olga.drofn.ingolfsdottir@rvkfri.is

Frístundaheimilið Hraunheimar fyrir 3. og 4. bekk Hraunheimar er safnfrístund fyrir nemendur í 3. og 4. bekk úr Hólabrekkuskóla og Fellaskóla.

Börnin eru sótt af starfsmönnum Hraunheima í Hólabrekkuskóla kl. 13:40.

Staðsetning: Hraunberg 12, 111 Reykjavík,

Sími: 571 4333 / 664 4522

Netfang: hraunheimar@rvkfri.is

Forstöðumaður: Jónína Kristín Þorvaldsdóttir netfang: jonina.kristin.thorvaldsdottir@rvkfri.is

Aðstoðarforstöðumaður: Davíð Freyr Sveinsson netfang: david.freyr.sveinsson@rvkfri.is

Félagsmiðstöðin 111 Markmið félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu er að bjóða upp á fjölbreytt, skapandi og skemmtilegt starf fyrir börn og unglings í hverfinu. Í því felst að skapa jákvætt andrúmsloft og umhverfi í fristundastarfi þar sem hægt er að þjálfa lykilfærni hjá börnum og unglungum með áherslu á samskipta- og félagsfærni, virkni og þátttökum ásamt styrkingu sjálfsmynadar. Lagt er upp með að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni í hverjum mánuði sem höfðar til ólíkra barna og unglings með mismunandi áhugasvið og tryggja þeim öruggt umhverfi sem þeim líður vel í. Að auki er mikil áhersla lögð á fræðslu gegn fordómum og forvarnir gegn vímuefnum. Unnið er eftir barna og unglingsalýðræði og er það í höndum barnanna/unglinganna að skipuleggja dagskránna.

Félagsmiðstöðin þjónar tveimur skólum, Hólabrekkuskóla og Fellaskóla. Opið er fyrir unglings í 8. - 10. bekk mánudags, þriðjudags, miðvikudags og föstudagskvöld frá kl. 19.30 – 22.00 nema á föstudögum er opið til 23.00. Einnig er opið á dagvöktum frá 14:00 - 17.00 á mánudögum og miðvikudögum.

Tíu 12 ára starfið er tvívar í viku. Á þriðjudögum er opið fyrir 5. og 6. bekk frá kl. 14:30-16:30. Á fimmtudögum er opið fyrir 7. bekk á sama tíma, 14:30-16:30. Einnig er opið fyrir 5., 6. og 7. bekk á föstudögum í veturna kl. 17:00-18:30.

Mikil samvinna er á milli starfsmann félagsmiðstöðvarinnar og félagsstarfskennara og starfs- og námsráðgjafa Hólabrekkuskóla. Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar, koma með innlegg í lífsleikni- og síðfræðikennslu í 8. bekk, aðstoða við Skrekk og stjórn nemendafélagsins, kenna líka tvo áfanga í vali í unglingsadeild; tómstundaval og D&D.

Staðsetning: Félagsmiðstöðin Hundraðogellefu, Gerðuberg 1, 111 Reykjavík,
Sími: 411 5761 / 695 5035

Forstöðumaður: Hlynur Einarsson, netfang: hlynur.einarsson1@rvkfri.is

Aðstoðarforstöðumaður: Gísli Þorkelsson, netfang: gisli.thorkelsson@rvkfri.is

Frístundakortið

„Markmið og tilgangur Frístundakortsins er að öll börn og unglings í Reykjavík 6 - 18 ára geti tekið þátt í uppbryggilegu fristundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samféluginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótt-, lista- og tómstundastarfsemi.“

Frístundakortið er styrkjakerfi í fristundastarfi fyrir 6 – 18 ára börn með lögheimili í Reykjavík.

Frístundakortið veitir styrk að upphæð 50 þúsund krónur á ári sem hægt er að ráðstafa til niðurgreiðslu á þátttoku- og æfingagjöldum, það nýtist því líka sem niðurgreiðsla á gjaldi fristundaheimila. Sjá, <https://reykjavik.is/thjonusta/fristundakortid>

16. Ýmsar áætlanir og reglur

16.1. Útgefið efni skóla- og frístundasvið

Á heimasíðu skóla- og frístundasviðs má finna ýmsar upplýsingar um skólastarf í Reykjavík, sjá hér og einnig má finna útgefið efni skóla- og frístundasviðs.

Vinsamlegt samfélag er verkefni sem varð til við sameiningu leikskóla, grunnskóla og fristundastarfs í eitt svið; skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Með vinsamlegu samfélagi er átt við samfélag þar sem framkoma allra einkennist af virðingu, samkennd og ábyrgð.

16.2. Heildaráætlun skólans

Heildaráætlun Hólabrekkuskóla endurspeglar skólastefnu skólans og byggir á grunnþáttum menntastefnunnar *Látum draumana rætast* og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í Hólabrekkuskóla er litið á *Heildaráætlun um stuðning við fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir* sem heildaráætlun fyrir alla nemendur skólans. Í allri vinnu innan skólans er ávallt haft að leiðarljósi að koma til móts við alla nemendur í skóla án aðgreiningar.

Í Hólabrekkuskóla er stuðst við árangursríkar aðferðir og leiðir heilt yfir skólann þar sem horft er til gagnreyndra aðferða sem skila árangri í fjölbreyttum nemendahópi. Áhersla er lögð á kennsluaðferðir sem henta öllum nemendum hvort heldur sem er inni í bekk eða í stoðþjónustu, með það að markmiði að efla sjálfstraust og öryggi nemenda og um leið að auka vellíðan þeirra og áhuga. Ávallt er hugað að **námsgögnum og námsúmhverfi** nemenda með það að leiðarljósi að koma sem best til móts við þarfir hvers og eins. Sjá Heildaráætlun skólans [hér](#).

16.3. Viðmið um samskipti foreldra og skólastarfsmanna í Hólabrekkuskóla

Góð samskipti eru mikilvæg þegar litið er til niðurstaðna rannsókna á áhrifum foreldra á nám og líðan barna þeirra í skólanum kemur í ljós að enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur og líðan nemenda og foreldrar þeirra. Talið er að rekja megi 70% af námsárangri nemenda til þátta utan skólans ekki síst til heimilanna. Sjá áætlun skólans um Viðmið um samskipti foreldra og skólastarfsmanna [hér](#).

16.4. Læsisstefna Hólabrekkuskóla

Lestur til árangurs

Í Hólabrekkuskóla er áhersla lögð á lestraraðferðir sem vitað er að skila árangri, markvissa málörvun og sjónrænt- og hvetjandi námsúmhverfi. Hólabrekkuskóli mótaði í samvinnu við leik- og grunnskóla í Breiðholti; Læsisstefnu Breiðholts. Þar er grunnur lagður að lærðómssamfélagi um mál og læsi í margbreytilegu skólastarfi með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Forsendur lestrarstefnunnar eru að allir nemendur geti lært og sýni framfarir.

Læsisstefna Hólabrekkuskóla, sjá [hér](#), byggir á Læsisstefnu Breiðholts, sjá [hér](#). Verkefnastjóri læsis: Sólveig Edda Ingvarsdóttir, sérkennari.

16.5. Vinaliðaverkefnið

Vinaliðaverkefnið er forvarnarverkefni sem hefur það að markmiði að styrkja nemendur í að stuðla að góðu og traustu umhverfi í frímínútum í skólanum í gegnum skipulagða leiki. Einnig er markmið verkefnisins að hvetja til aukinnar hreyfingar nemenda, jákvæðra samskipta og að allir nemendur skólans hlakki til að mæta alla daga í skólann sinn. Vinaliðaverkefnið er forvarnarverkefni sem getur stutt vel við áætlanir gegn einelti í skólanum, sjá [hér](#).

16.6. Skólatengslaverkefnið

Skólatengslaverkefnið samvinnuverkefni Hólabrekkuskóla, Háskóla Íslands og Þjónustumiðstöðvar Breiðholts en þaðan koma fjölmargir sérfræðingar að verkefninu. Verkefnastjóri er Lovísa Guðrún Ólafsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Tengsl nemenda og kennara eru forsenda námsárangurs og grundvöllur að styðjandi og jákvæðum skólabrag. Skólatengslaverkefnið var þróað af lausnateymi Burrillville High School í Bandaríkjunum sem heildstæð skimun fyrir félags- og tilfinningavanda nemenda.

Rannsóknir sýna að nemendur með góð tengsl hafi forskot á ýmsum sviðum. Þeir eru meðal annars:

- Líklegri til að mæta reglulega í skólann, ná meiri námsárangri og ljúka námi.
- Líklegri til að sýna æskilega hegðun og ólíklegri til að neyta tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.
- Ólíklegri til að sýna ofbeldishegðun og/eða áhættuhegðun.
- Ólíklegri til að glíma við tilfinningavanda og finna fyrir sjálfsvígshugsunum/gera sjálfsvígstilraunir.

Skólatengslaskimunin veitir upplýsingar um skólabrag. Skimun er lögð fyrir nemendur í 5., 6., 8. og 9. bekk Hólabrekkuskóla þar sem nemendur svara til um tengsl við samnemendur og starfsfólk. Markmiðið er að finna nemendur með lítil/engin tengsl og bregðast strax við.

Megin áhersla er á forvarnir og inngríp.

Einstaklingsinngríp: Aðlögun námsefnis og námsumhverfis, sérfræðiaðstoð, viðtöl, samvinna við frístund, íþróttafélög og tómstundastarf, sjálfstyrkingarnámskeið o.fl.

Hópainngrip: Stelpunámskeið/strákanámskeið/félagsfærninámskeið og *Gefðu 10*.

Forvarnir: Fræðsla og núvitundarnámskeið, starfsfólk mæti tímanlega á kennslusvæði, sýni áhuga og hafi trú á öllum nemendum, tali markvisst við nemendur (rödd/viðmótt), vikulegir bekkjarfundir og áhersla á að heilsa og kveðja.

Forvarnir eru aðaláhersla
Skólatengslaverkefnisins, allir vinna
með þætti sem stuðla að góðum
skólatengslum:



16.7. Uppeldi til ábyrgðar

Uppbyggingarstefnan – skólastefnan okkar

Uppbyggingarstefnan; Uppeldi til ábyrgðar/UTÁ tekur til alls skólasamfélagsins með það yfirmarkmið að öllum líði vel í skólanum. Lögð er áhersla á að kenna sjálfsaga, sjálfssjór, uppbyggileg samskipti og góða félagsfærni. Uppbygging miðar að því að finna leiðir til lausna á ágreiningsmálum, skoða hvernig manneskjur við viljum vera, hver hlutverk okkar eru og hvaða þarfir liggja að baki hegðunar okkar. Ef vel tekst til skapast aðstæður fyrir einstaklinginn til að leiðréttu og bæta fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur inn á rétta braut með aukið sjálfstraust og félagsfærni.

Yfirmarkmið UTÁ skólaárið 2021 - 2022

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Að allir nemendur öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Nemendur öðlist trú á eigin getu og læri að þekkja styrkleika sína og vinna með þá.

Uppeldi til ábyrgðar

Að allir nemendur taki þátt í að vinna með jákvæð gildi og gera bekkjarsáttmála, læri að þekkja hlutverkin sín og okkar hér í skólanum og læri að þekkja og vinna með þarfirnar sínar og sína styrkleika. Nemendur setja sér markmið og vinni að þeim, læri að þekkja og stjórna tilfinningum sínum og læri viðeigandi sáttalausnir.


Vinsamleg samskipti

Að koma á góðum bekkjaranda þar sem virðing, traust og samkennd eru ráðandi þættir í samskiptum. Góður bekkjarandi hefur áhrif á árganginn í heild og árgangarnir hafa áhrif á sjálfan skólabraginn.

Kurteist orðbragð

Að koma á jákvæðu orðbragði sem veitir nemendum öryggi og vellíðan. Við vinnum jafnt og þétt með jákvæð orð og setningar og minnum nemendur reglulega á orðbragðið.

Lífsleikni er kennd einu sinni í viku (40 mínútur) og eru verkefnin hér að neðan tengd bæði inn í samfélagsgreinar, íslensku og aðrar námsgreinar.



BARNASÁTTMÁLI

SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

VEFUR UM RETTINDI BARNNA, FYRIR BÖRN, UNGLINGA OG FULLORÐNA



Sýnishorn af áætlun skólans haust 2021:

Vikan	UTÁ	Félagsfærni	Lífsleikni	Orð vikunnar	Gullkorn	Verkefni
Ágúst & September 2021						
23.08.21- 27.08.21	Gildi Hólabrekkuskóla: Virðing, gleði, umhyggja Skólasetning	Að kynna sig...	Bekkjarandi – kynningarleikir (leikjavefurinn.is)	Virðing, gleði, umhyggja	„Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig“	Umraður með kennara og hópavinna...
30.08.21- 03.09.21	Gildi Hólabrekkuskóla: Virðing, gleði, umhyggja Skólareglur Hólabrekkuskóla	Að hlusta...	Bekkjarandi – leikir	Skólareglur		Vinna stórt sameiginlegt verkefni um gildin sem verður sýnilegt á hverju svæði fyrir sig... Skólareglur hengdar upp í stofunni...
06.09.21- 10.09.21	Gildin okkar Bekkjarsáttmáli	Að taka þátt í leik...	Bekkjarandi – leikir Líðan í skólanum	Bekkjarsáttmáli		Umraður með kennara og hópavinna... Hlutverkaleikir...
13.09.21- 17.09.21	Gildin okkar Bekkjarsáttmáli	Að hefja samræður og taka þátt í	Líðan í skólanum Vinir	Vinátta		Nemendur vinna sameiginlega að

Áætlun UTÁ skólaárið 2021 – 2022, sjá [hér](#) á heimasíðu skólans.



16.8. Eineltisáætlun

Einelti er ekki liðið í Hólabrekkuskóla. Með því að styrkja samvinnu bæði meðal nemenda og starfsfólks, þá minnka líkur á einelti. Markmið skólans er að allir, bæði starfsfólk og nemendur, séu meðvitaðir um hvað einelti er og hvernig það birtist. Unnið verður samkvæmt fyrirfram ákveðnu vinnuferli í eineltismálum. Sjá stefnu skólans [hér](#). Hér má finna stefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur í eineltismálum auk ítarefnis, sjá [hér](#).

16.9. Starfsþróunaráætlun

Frumkvæði starfsmanna, metnaður og starfsþróun er lykill að árangri. Í skólanum er stefnt að því að starfsmenn eigi kost á starfsþróun innan sem utan stofnunar þar sem markmiðið er að auka þekkingu og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og annari þeirri sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

Framkvæmd starfsþróunar Að frumkvæði skólastjóra á hver skóli að móta starfsþróunaráætlun til ákveðins tíma og haga henni þannig að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Í starfsþróunaráætlun starfsmanna Hólabrekkuskóla þetta skólaár er lögð áhersla á:

- Mál og læsi:** Að allir árgangar vinni eftir *Læsisstefnunni* og allir nemendur sýni framfarir.
- Uppbyggileg samskipti:** Að kenna félagsfærni og styrkja tengsl annars vegar milli nemenda og hins vegar milli nemenda og starfsfólks.
- Jafnrétti:** Að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum. Halda áfram innleiðingu Réttindaskóla UNICEF með því að nota Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem útgangspunkt í skólastarfinu.
- Heilbrigði:** Að leggja áherslu á góðar lífs- og neysluvenjur, líkamlega færni, kynheilbrigði og andlega og félagslega vellíðan.
- Námsmat og sköpun:** Að vinna með hæfniviðmiðin með nemendum til að efla skilning þeirra á innihaldi hæfniviðmiðanna.



Skipulag starfsþróunar

Skipulag starfsþróunar, funda og dagskrá þeirra er með föstu sniði allt skólaárið.

Fyrsta þriðjudag í mánuði eru **Starfsmannafundir** og þar eru alltaf fastir liðir starfsþróunar; lestur til árangurs og uppeldi til ábyrgðar.



The poster is titled "Starfsmannafundir 2021-2022" and includes the following text:
Starfsmannafundir
Lestur til árangurs
Uppeldi til ábyrgðar
Á döfni
Grænu skrefin
Mannauðsmál
Önnur mál

The poster also lists the four subsequent days:
2. þriðjudagur Vinnusmiðjur
3. þriðjudagur Samstarfsfundir
4. þriðjudagur Skólapróun

Annan þriðjudag í mánuði eru **Vinnusmiðjur**; þar sem hringekjuformið er notað til að kenna og þjálfa starfsfólk. Mismunandi er hvað er tekið fyrir en í veturnar verður megináherslan lögð á kennslu lestraraðferða, framkvæmd skólastefnunnar UTÁ, innleiðingu Barnasáttmáls og hæfniðiðað námsmat.

Priðja þriðjudag í mánuði eru **Samstarfsfundir**; oftast stigsfundir með deildarstjórum yngra og eldra stigs. Þar er komið inn á ýmsa þætti starfsþróunar sem tengast skólastarf. En einnig geta verið samstarfsfundir teyma eða faggreinahópa.

Fjórða þriðjudag í mánuði er **Starfsmannafundir**; hér fáum við inn ýmis konar fræðslu og/eða þjálfun í tengslum við stefnu og áherslur skólans.

Sýnishorn af dagskrá Vinnusmiðju

Vinnusmiðjur eru alltaf fjórða þriðjudag í mánuði samkvæmt fundaskipulagi skólans.



Vinnusmiðjur

Fjórði þriðjudagur í mánuði ~ 26. nóv. 2019

Fjórar smiðjur – 18 mín. hver – **þyrjar kl. 14:30 stundvíslega,**
hittumst á kaffistofu ☺

Lestur og málörvun

Stofa 27 **Kórlestur – lesa saman texta – leggja inn orð**

Hanna Júlíá Kristjánsdóttir

Stofa 26 **Endurtekinn lestur – tímataka og skráning/súlurit** Erla Steinþórsdóttir

Stofa 24: **Gefðu 10** Fríða Bjarney Deildarstýra
Nýsköpunarmiðju Menntamála

Stofa 23: **Hringferli – markviss uppbygging orðaforða**
Margrét Eva Einarssdóttir og Sólveig Edda Ingvarsdóttir

Tímavörður Lovísa

Stillum classroom screen – góð tímastjórnun!

https://www.youtube.com/watch?v=_zjM7MCxoYw

16.10. Tungumálastefna

Tungumálastefna Hólabrekkuskóla eru margir sem tala mörg tungumál en fjölbreytt tungumálapékking er auðlind, mikilvæg fyrir einstaklinginn og samfélagið til framtíðar í minnkandi heimi. Skólinn leggur áherslu á að unnið sé með tungumálin á fjölbreyttan hátt og lögð áhersla á jákvætt viðhorf til tungumála og þeirra nemenda, skólastarfsmanna og foreldra sem tala mismunandi tungumál. Þá aukast líkurnar á því að allir þrói með sér aukna vitund um fjölbreytt tungumál og öðlist hæfni í samskiptum. Skólabókasafnið leitast eftir að eiga bækur á sem flestum tungumálum og hvetur starfsmenn til að færa safninu bók þegar þeir koma erlendis frá. Sjá stefnuna í heild sinni [hér](#).

16.11. Viðbragðsáætlun við rýmingu

Starfsmenn rýma skólann og fara með nemendur eftir fyrirfram ákveðinni áætlun (sjá áætlun A og B) út á söfnunarvæðið við SV-hluta lóðarinnar, malbikuðu fótboltavellirnir. Hver árgangur fer á merkt svæði og nemendur raða sér upp í einfaldar raðir eftir bekkjum og stafrófsröð. Sjá áætlun í heild sinni [hér](#). Nánari upplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is

16.12. Viðbragðsáætlun Almannavarna

Viðbragðsáætlanir Almannavarna gegn ýmiss konar vá eins og t.d. jarðskjálfum, eldsumbrotum og inflúensu má finna á heimsíðu Almannavarna, sjá [hér](#).

16.13. Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi

Reglurnar gilda um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Markmið reglnanna er að vernda börn gegn auglýsingum og markaðssókn í skóla- og frístundastarfi, sjá [hér](#).

16.14. Tilfærsluáætlun

Samkvæmt 17. gr. reglugerðar um [nemendur með sérþarfir í grunnskóla](#) er gert ráð fyrir að kennrarar og aðrir fagaðilar, ásamt nemendum og foreldrum/forsjáraðilum þeirra taki þátt í tilfærsluáætlun er miðla að upplýsingum um skólagöngu nemenda, núverandi aðstæður, stöðu og áform þeirra um frekara nám á milli skólastiga. Tryggt er að nemendur með sérþarfir fái aðstoð í skólanum við val á framhaldsskóla og kynningar á þeim tækifærum sem standa til boða í framhaldsnámi. Við gerð tilfærsluáætlana styðst skólinn við [viðmið skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar](#).

16.15. Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa

Reglur þessar taka til endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn 18 ára og yngri verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar, sjá [hér](#).

16.16. Þróunarverkefni

Öll þróunarverkefni skólans tengjast menntastefnumi [Látum draumana rætast](#) þar sem unnið er með alla þætti hennar. Skólatengslaverkefnið, Snillismiðjan/Nýsköpunar, sýndarveruleika- og margmiðlunarver, Allir brosa á sama tungumáli, Smartecology / Erasmus+. Tvö þróunarverkefni eru í gangi í samvinnu við grenndarsamfélagið; Betra Breiðholt fyrir unglings og Skapandi námssamfélag í Breiðholti.

Sjá frekari upplýsingar um verkefnin í [kafla 8.2 Þróunarverkefni skólans tengd menntastefnu Reykjavíkur](#)

16.17. Umbótaáætlun

Nám og kennsla	Endurmat	Viðmið	Ábyrgð
Kennsluhættir og gæði kennslu			
Gagnreyndar kennsluaðferðir: Allir kennrar skólans beiti aðferðum sem vitað er að skila árangri	Vor 2022	Allir kennrar skólans hafi þekkingu og reynslu af þeim aðferðum sem skólinn leggur upp með.	Kennrar og skólastjórnendur
Skipulag náms og námsmat			
Allir kennrar noti hæfnimiðaða kennslu og námsmat: Allir kennrar útbúi náms- og kennsluáætlanir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár	Vor 2022	Hæfnimiðaðar náms- og kennsluáætlanir sýnilegar nemendum og foreldrum á Mentor og heimasíðu skólans.	Kennrar og skólastjórnendur
Mat á árangri			
Læsi: Allir kennrar skólans fylgja vikuskipulagi skólans	Vor 2022	Að skólinn nái þeim árangri í lestri að vera yfir landsmeðaltali á Lesfimiprófum Menntamálastofnunnar	Kennrar og verkefnastjóri læsis
Allir kennrar eru PALS-kennrar		Kennurum standi til boða að fara á PALS námskeið á vegum skólans	Skólastjórnendur
Læsisskimun borgarinnar <i>Lesfimi</i> sem lögð er fyrir alla nemendur		Niðurstöður <i>Lesfimi-prófanna</i> sýna framfarir milli ára	Verkefnastjóri læsis og kennrar
Skóli án aðgreiningar			
Heildaráætlun skólans sýnileg í skólastarfinu: Allir kennrar geri ráð fyrir að nemendur sýni framfarir og að allir geti náð árangri.	Vor 2022	Starfspróun og viðhorfsvinna	Skólastjórnendur og leiðtoga
Komið til móts við þarfir nemenda á þeirra námssvæðum.		Námssvæði sem henta fjölbreyttum nemendahópi	Skólastjórnendur og kennrar
Mannauður	Endurmat	Viðmið	Ábyrgð
Fagmennska starfsfólks			
Að starfsfólk fái þá þjálfun sem þarf til að fylgja eftir stefnu skólans: Alltaf sé leitað leiða til að efla fagvitund starfsfólks	Vor 2022	Þjálfun starfsfólks í Vinnusmiðjum einu sinni í mánuði, námskeið, kynningar og fyrirlestrar	Skólastjórnendur, leiðtoga og verkefnastjórar
Starfsánægja			
Að sífellt sé leitað leiða til að efla starfsánægju starfsfólks: Að starfsfólk sé ánægt í vinnunni	Vor 2022	Niðurstöður viðhorfskönnunar séu á grænu í Viðhorfskönnun starfsfólks Reykjavíkurborgar	Skólastjórnendur
Tryggja að allir séu upplýstir um þá ferla sem fara í gang ef upp kemur		Áætlun borgarinnar kynnt a.m.k. einu sinni á ári á starfsmannafundi	Skólatjórnendur

einelti og/eða áreitni í starfsmannahópnum		Áætlun aðgengileg í pappír og á sameign starfsmanna	
Stjórnun og skipulag	Endurmat	Viðmið	Ábyrgð
Stjórnendur faglegir leiðtoga			
Allir stjórnendur skólans tala stefnu skólans: Kynna stefnu og áherslur skólans reglulega yfir skólaárið	Vor 2022	Stjórnendur kynna stefnu skólans og útfærslu á starfsmanna- og stigsfundum jafn og þétt yfir skólaárið	Skólastjórnendur
Skólaþróun			
Markviss kennsla til starfsfólks í aðferðum skólans: Aðferðir í „Vikuskipulagi“ skólans kenndar jafnt og þétt yfir skólaárið	Vor 2022	Vinnusmiðjur skólans innihalda kennslu í aðferðum „Vikuskipulags“ s.s. PALS, tímatókulestur og endurtekinn lestur	Skólastjórnendur
Starfsfólk nýtir verkfærakistu Uppeldi til ábyrgðar/UTÁ		Kynning á starfsmannafundum um verkefni mánaðarins og þjálfun í aðferðunum í Vinnusmiðjum	Leiðtogi UTÁ
Snillismiðja skólans er leiðandi í skólaþróun til starfsfólks		Starfsfólk Snillismiðju stendur fyrir örnamáskeriðum, vinnusmiðjum og styður einnig markvisst við starfsfólk við að innleiða snjalllausnir í kennslu	Verkefnastjóri og leiðtoga
Velliðan nemenda	Endurmat	Viðmið	Ábyrgð
Skólatengsl			
Markvisst unnið að því að efla tengsl milli nemenda og starfsfólks: Skólatengslaverkefnið ýtir undir starfshætti sem efla góð tengsl innan skólans	Vor 2022	Niðurstöður Skólatengslaverkefnis úr skimun í 5., 6., 8. og 9. bekk sýna bætt skólatengsl milli nemenda og starfsfólks skólans	Teymi Skólatengslaverkefnis
Réttindaskóli UNICEF			
Markviss innleiðing á Réttindaskóla UNICEF: Innleiðing Barnasáttmálans heilt yfir skólann	Vor 2022	Unnið með gildi Barnasáttmálans í öllum árgögum með það að markmiði að allir sýni meira umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytileika	Skólastjórnendur og leiðtoga

16.18. Röskun á skólastarfi – Viðbrögð við óveðri

Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur verið falið af sveitarfélögunum á svæðinu að fylgjast með veðri og veðurspám og senda út tilkynningar ef á þarf að halda, eftir atvikum í samráði við lögreglu og fræðsluyfirvöld. Sjá upplýsingar frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, sjá [hér](#).

16.19. Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál

Móttökuáætlun er fyrir nemendur sem eru nýfluttir til landsins og eru með annað móðurmál en íslensku. Móttökuáætlun Hólabrekkuskóla tilgreinir ítarlega hvað fer fram við innritun nemanda, nauðsynlegan undirbúning foreldra/skólans fyrir komu nemandans og fyrstu skrefin. Einnig fjallar hún um hvað felst í móttökuviðtali og gátlista sem er notaður við undirbúning móttökuviðtals. „Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálfærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólastarf.“ (Sbr. 16. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008). Sjá móttökuáætlun skólans [hér](#).

16.20. Fjölmenningarstefna skóla- og frístundasviðs

[Heimurinn er hér](#) – Stefna skóla- og frístundasviðs

16.21. Sjálfsmatsáætlun

Nám og kennsla	Endurmat	Viðmið	Ábyrgð
Kennsluhættir og gæði kennslu			
Gagnreyndar kennsluaðferðir: Allir kennrar skólans beiti aðferðum sem vitað er að skila árangri	Vor 2022	Allir kennrar skólans hafi þekkingu og reynslu af þeim aðferðum sem skólinn leggur upp með.	Kennrar og skólastjórnendur
Skipulag náms og námsmat			
Allir kennrar noti hæfnimiðaða kennslu og námsmat: Allir kennrar útbúi náms- og kennsluáætlanir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár	Vor 2022	Hæfnimiðaðar náms- og kennsluáætlanir sýnilegar nemendum og foreldrum á Mentor og heimasíðu skólans.	Kennrar og skólastjórnendur
Mat á árangri			
Læsi: Allir kennrar skólans fylgja vikuskipulagi skólans	Vor 2022	Að skólinn nái þeim árangri í lestri að vera yfir landsmeðaltali á Lesfimiprófum Menntamálastofnunnar	Kennrar og verkefnastjóri læsis
Allir kennrar eru PALS-kennrar		Kennurum standi til boða að fara á PALS námskeið á vegum skólans	Skólastjórnendur
Læsisskimun borgarinnar sem lögð er fyrir alla nemendur		Niðurstöður <i>Lesfimi-prófanna</i> sýna framfarir milli ára	Verkefnastjóri læsis og kennrar
Skóli án aðgreiningar			
Heildaráætlun skólans sýnileg í skólastarfinu: Allir kennrar geri ráð fyrir að nemendur sýni framfarir og að allir geti náð árangri.	Vor 2022	Starfspróun og viðhorfsvinna	Skólastjórnendur og leiðtoga
Komið til móts við þarfir nemenda á þeirra námssvæðum.		Námssvæði sem henta fjölbreyttum nemendahópi	Skólastjórnendur og kennrar
Mannauður	Endurmat	Viðmið	Ábyrgð
Fagmennska starfsfólks			
Að starfsfólk fái þá þjálfun sem þarf til að fylgja eftir stefnu skólans: Alltaf sé leitað leiða til að efla fagvitund starfsfólks	Vor 2021	Þjálfun starfsfólks í Vinnusmiðjum einu sinni í mánuði, námskeið, kynningar og fyrirlestrar	Skólastjórnendur, leiðtoga og verkefnastjórar
Starfsánægja			
Að sífellt sé leitað leiða til að efla starfsánægju starfsfólks: Að starfsfólk sé ánægt í vinnunni	Vor 2021	Niðurstöður viðhorfskönnunar séu á grænu í Viðhorfskönnun starfsfólks Reykjavíkurborgar	Skólastjórnendur
Tryggja að allir séu upplýstir um þá ferla sem fara í gang ef upp kemur		Áætlun borgarinnar kynnt a.m.k. einu sinni ári á starfsmannafundi	Skólatjórnendur

einelti og/eða áreitni í starfsmannahópnum		Áætlun aðgengileg í pappír og á sameign starfsmanna	
Stjórnun og skipulag	Endurmat	Viðmið	Ábyrgð
Stjórnendur faglegir leiðtoga			
Allir stjórnendur skólans tala stefnu skólans: Kynna stefnu og áherslur skólans reglulega yfir skólaárið	Vor 2021	Stjórnendur kynna stefnu skólans og útfærslu á starfsmanna- og stigsfundum jafn og þétt yfir skólaárið	Skólastjórnendur
Skólaþróun			
Markviss kennsla til starfsfólks í aðferðum skólans: Aðferðir í „Vikuskipulagi“ skólans kenndar jafnt og þétt yfir skólaárið	Vor 2021	Vinnusmiðjur skólans innihalda kennslu í aðferðum „Vikuskipulags“ s.s. PALS, tímatókulestur og endurtekinn lestur	Skólastjórnendur
Starfsfólk nýtir verkfærakistu Uppeldi til ábyrgðar/UTÁ		Kynning á starfsmannafundum um verkefni mánaðarins og þjálfun í aðferðunum í Vinnusmiðjum	Leiðtogi UTÁ
Snillismiðja skólans er leiðandi í skólaþróun til starfsfólks		Starfsfólk Snillismiðju stendur fyrir örnamáskeriðum, vinnusmiðjum og styður einnig markvisst við starfsfólk við að innleiða snjalllausnir í kennslu	Verkefnastjóri og leiðtoga
Velliðan nemenda	Endurmat	Viðmið	Ábyrgð
Skólatengsl			
Markvisst unnið að því að efla tengsl milli nemenda og starfsfólks: Skólatengslaverkefnið ýtir undir starfshætti sem efla góð tengsl innan skólans	Vor 2021	Niðurstöður Skólatengslaverkefnis úr skimun í 5., 6., 8. og 9. bekk sýna bætt skólatengsl milli nemenda og starfsfólks skólans	Teymi Skólatengslaverkefnis
Réttindaskóli UNICEF			
Markviss innleiðing á Réttindaskóla UNICEF: Innleiðing Barnasáttmálans heilt yfir skólann	Vor 2022	Unnið með gildi Barnasáttmálans í öllum árgögum með það að markmiði að allir sýni meira umburðarlyndi og virðingu fyrir fjölbreytileika	Skólastjórnendur og leiðtoga

16.22. Starfsmannahandbók

Allt starfsfólk skólans fær afhenta starfsmannahandbók sem inniheldur upplýsingar og ýmis hagnýt gögn. Starfsmannahandbókin er uppfærð á hverju skólaári.

Hér má sjá efnisyfirlit starfsmannahandbókarinnar.

Efnisyfirlit

1. Inngangur – Uppeldi til ábyrgðar (UTÁ)
2. Spurt & svarað frá Diane Gossen
3. Skólareglur Hólabrekkuskóla og viðurlög
4. Ársáætlun – Uppbyggileg samskipti
5. Ég + Við = Skólinn okkar
6. Bekkjarfundir
7. Samskiptavandi – Ferli
8. Uppeldi til ábyrgðar (UTÁ) - Árgangar
9. UTÁ - Hlutverkin
10. UTÁ - Þarfirnar
11. UTÁ - T/Y - spjöldin
12. UTÁ - Sáttmálinn
13. UTÁ - Óskaveröldin
14. UTÁ - Lífsvagninn
15. UTÁ - Sáttarborðið
16. Sjálfsmat kennara
17. Nemendaviðtöl
18. Bæklingar
19. Minnispunktar
20. Skólareglur
21. Hagnýtar upplýsingar

16.23. Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlunin nær til kynjajafnréttis meðal starfsfólks og nemenda Hólabrekkuskóla. Hún byggist á ákvæði í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 10/2008. Markmið áætlunarinnar er að gæta jafnréttis allra í skólastarfinu. Í lögum um grunnskóla og í aðalnámskrá grunnskóla er víða fjallað um jafnrétti og mannréttindi. Sjá áætlun í heild sinni [hér](#).

16.24. Heilbrigðis – og forvarnastefna Hólabrekkuskóla

Einn grundvallarpáttur menntastefnunnar *Látum draumana rætast* er heilbrigði. Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnottskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og fristundastarfi. Einn veigamesti páttur í heilbrigðis- og forvarnarvinnu skólans er samvinnan við heimilin. Sjá stefnuna í heild sinni [hér](#).

16.25. Áfallaáætlun

Tilkynningar um áföll berast til skólastjóra, Hólmfríðar G. Guðjónsdóttur, sími 411 7550 / 664 8235, netfang: holmfridur.g.gudjonsdottir@rvkskolar.is

Í skólanum er starfandi viðbragðsteymi við áföllum. Hlutverk þess er að gera vinnuáætlun svo bregðast megi við á skjótan og öruggan hátt þegar áföll verða, svo sem bráð veikindi, alvarlegt slys, dauðsfall eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð. Lykilatriði er að verklag sé skýrt og vinnuáætlun fastmótuð. Viðbragðsteymi skal sjá um að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Sjá áætlun í heild sinni [hér](#).

16.26. Öryggisáætlun

Hólabrekkuskóli leggur áherslu á að tryggja velferð, öryggi og persónuvernd allra þeirra sem koma í skólann. Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta s.s. veikindafaraldurs, elds, mengunar, óveðurs eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun almannavarna. Sjá Öryggisáætlun skólans [hér](#).

16.27. Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum

Handbókin er unnin í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga með hliðsjón af reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða nr. 657/2009. Í reglugerðinni segir að sveitarstjórn skuli útbúa handbók fyrir starfsfólk grunnskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í grunnskólum, sjá [hér](#).

16.28. Inni áætlun nemenda vegna veðurs

Ef veður er þannig, að mati skólastjórnenda, að ástæða sé til að leyfa nemendum að vera inni í frímínútum þá gildir eftirfarandi:

Þegar upp koma þær aðstæður að ekki er ráðlegt að senda nemendur út í frímínútur er ákvörðun um inniveru tekin af skólastjórnanda.

Ákvörðun um inniveru er tilkynnt símleiðis af skrifstofu skólans í alla viðkomandi árganga, á bókasafn og til umsjónarmanns húseignar sem kemur boðunum áfram til skólaliða. Öllu starfsfólk er auk þess sendur tölvupóstur þar sem tilkynnt er um inniveru nemenda.

Starfsfólk sem á að gegna útigæslu í umræddum frímínútum sinnir þá innigæslu í staðinn. Áður en frímínútur hefjast er æskilegt að kennrarar reyni eftir föngum að finna nemendum viðfangsefni sem hafa ofan af fyrir þeim meðan á inniveru stendur. Er þess vænst að nemendur haldi sig í bekjkjarstofu.

Nemendur í 8. – 10 bekk mega vera inni í öllum frímínútum.

16.29. Mannauðsstefna Hólabrekkuskóla

Í framtíðarsýn Mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar er m.a. lögð áhersla á að starfsemi borgarinnar einkennist af fagmennsku, framsækni og nýtingu tæknipróunar. Reykjavíkurborg vill skapa traust og að heilsa og vellíðan starfsfólks sé í fyrirrúmi og skapað sé öruggt umhverfi þar sem gagnkvæm virðing er í öllum samskiptum. Vellíðan í starfi skilar sér í aukinni ánægju. Með snjallri borg er átt við að Reykjavíkurborg sé framsækinn vinnustaður sem hvetur til þverfaglegrar starfsþróunar. Með því að

horfa til framtíðar vinnum við í sameiningu að því að takast á við áskoranir, nýta okkur nýja tækni og grípa tækifæri þegar þau gefast. Þannig verður Reykjavíkurborg mannvænn, samræmdur, traustur og snjall vinnustaður sem einkennist af fjölbreytni, sterkri menningu, sveigjanleika og samheldni.

<https://reykjavik.is/mannaudsstefna>

Mannauðsstefna skólans

Mannauðurinn er hverjum skóla dýrmæt eign og árangur skólastarfssins er undir faglegu, reyndu og hæfileikaríku starfsfólk kominn. Allir skólastarfsmenn gegna mikilvægum hlutverkum og allir eru lykilstarfsmenn. Hólabrekkuskóli leggur ríka áherslu á að laða að sér hæft starfsfólk sem er faglegt, tilbúið að leggja sig fram og sýnir frumkvæði í starfi. Skólastarfsmenn Hólabrekkuskóla starfa eftir grunngildunum virðing, gleði og umhyggja. Þessi gildi eru leiðarljós starfsmanna í samskiptum þeirra á milli, gagnvart nemendum, foreldrum og öllu skolasamfélaginu. Sjá stefnuna í heild sinni í kafla 4.1.

16.30. Velkomin í Hólabrekkuskóla

Að byrja í nýjum skóla er stórt skref og viljum við með þessum bæklingi, sjá [hér](#), veita ykkur helstu upplýsingar um skólann og skólastarfið sem fjölskyldan getur skoðað saman. Hólabrekkuskóli tók til starfa haustið 1974. Í dag eru um það bil 520 nemendur frá 1. - 10. bekk. Einkunnarorð skólans eru, virðing – gleði – umhyggja og eru þau lögð til grundvallar í öllu starfi skólans.



Velkomin
Í HÓLABREKKUSKÓLA